**allt**

ATLI GÍSLASON

*Fer í sumarbústað um jólin*

jólin koma

Í MIÐJU BLAÐSINS



STEINUNN ÞÓRA ÁRNADÓTTIR

*Tekur þátt í friðargöngunni kvöld*

Fastur liður á jólaaðventunni.

FÓLK 58



ÁSLAUG DRÖFN SIGURÐARDÓTTIR

*Farðaði hermenn Eastwoods*

Ferðast um með gervíblóð og latex

FÓLK 58




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. desember 2005 — 348. tölublað — 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


### Makki hnífur stígur á sviðið



Jólaleikrit Þjóðleikhússins er Túskildingsópera þeirra Brechts og Weills. Bogomil Font hefur sungið lög Weills og bíður spenntur eftir að sjá sýninguna.

MENNING 38

### Queen á besta lag allra tíma



We Are the Champions hefur verið kjörið besta lag allra tíma í fjölþjóðlegri skoðanakönnun sem var gerð í 66 löndum. Britney fylgir í kjölfarið.

TÓNLIST 42

### Nýríkidæmi

Það er vissulega til gott og vont auðvald, segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson sem telur þó ekki að nýríkir menn þurfi að vera verri en gamalríkir.

Í DAG 30

### Hver hreppir síðasta sætið?



HSÍ hefur skilað inn endanlegum leikmannalista fyrir EM í Sviss. Ljóst er að baráttan um 16. og síðasta sætið í landsliðshópnum mun fyrst og fremst standa á milli þriggja leikmanna.

ÍÞRÓTTIR 52

### VEÐR-




**VÍÐA NOKKUÐ BJART** á landinu framan af. Þykknar upp suðaustan til með slyddu og síðar rigningu. Gæti snjóað allra austast í kvöld. Hiti við frostmark sunnan til en frost 0-5 stig fyrir norðan.

VEÐUR 4

# Margir í meðferð eftir jól

**Í desember er álíka mikið keypt af áfengi og í júlí. Algengt er að fólk fari í áfengismeðferð eftir áramótin eftir að hafa brennt brýr að baki sér í desember. Meðferð gengur betur í jólamánuðinum.**

**ÁFENGI** „Við verðum mikið vör við að fólk hafi ákveðið að gera breytingar á sínu lífi um áramótin og gefur sér og öðrum loforð um að taka sig á,“ segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi. Hann segir að í janúar sjáist mörg ný andlit á Vogi. Nýju tilfellin séu oft mikil tilfinningamál. „Þetta er oft fólk sem hefur brugðist skyldum sínum gagnvart fjölskyldunni yfir hátíðirnar og ekki mætt í jólaboð vegna drykkju. Fólk er oft mjög tilfinningaríkt um jólin og því verða þessi mál oft að miklu hitamáli sem stundum opnar augu drykkjumannsins fyrir vandanum.“

Að sögn Þórarins hefur jólaandinn einnig góð áhrif á fólk sem er í meðferð í desembermánuði. Hann segir það einkenna meðferðir hversu móttækilegt fólk sé um þetta leyti ársins, hann segir það opnara og gera sér betur grein fyrir skyldum sínum gagnvart fjölskyldu sinni. „Það eru meiri tilfinningar í meðferðarstarfinu á þessum tíma,“ segir Þórarinn.

Fjöldi viðskiptavina í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) er svipaður í desember og í júlímánuði, en minnstur í janúar.

Á síðasta ári heimsóttu um 400 þúsund viðskiptavinir Vínbúðir landsins í desember. Örn Stefánsson, deildarstjóri innkaupadeildar hjá ÁTVR, segir að þó að viðskiptavinafjöldinn sé svipaður sé innkaupamynstrið ólíkt. Hann segir að fólk kaupi meira af sterkari vínum í desember, mikið sé keypt af koníaki, sérrí og rauðvíni og mikið magn af freyðivíni selst fyrir áramótin. Þannig að heildarsölumagn vínanda í lítrum talið sé meira í desember en aðra mánuði ársins. Hann segir að reikna megi með allt að 50 prósenta söluaukningu í desember.

Sala áfengis í fyrra nam 1,8 milljónum lítra í desember, en heildarsalan árið 2004 var um 16 milljónir lítra. Í lok nóvember síðastliðins var heildarsalaáfengis komin upp í 15,3 milljónir og býst Örn við að salan í nóvember fari yfir 2 milljónir lítra. **- æþe**






**FLJÚGANDI SKATA** Fjölmargir landsmenn borða kæsta skötu í dag á Þorláksmessu. Siðurinn er upphaflega vestfirskur en hefur breiðst út og er skata snædd um land allt, meira að segja á fínustu veitingahúsum. Ísak og Georg í Fiskbúðinni Vör könnuðu í gær hvort skata væri flugfiskur. Komust þeir að því að svo er ekki.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hlutafjárútboð Avion Group;

## Íslandsmet í eftirspurn

Íslandsmet var slegið í eftirspurn á frumútboði þegar fjárfestar óskuðu eftir rúmum hundrað milljörðum hlutabréfa í Avion Group.

Sex milljarðar voru í boði en ákveðið hefur verið að gefa kost á fjórum milljörðum til viðbótar svo að framboðið nái tíu prósentum af eftirspurninni.

„Við erum geysilega ánægðir með viðtökurnar sem eru framar okkar björtustu vonum,“ segir Bjarni Þórður Bjarnason hjá Landsbankanum sem sá um útboðið.

Útboðið var til fagfjárfesta og var lágmarksboð fimm milljónir króna. Ljóst er að fjárfestar fá ekki nema hluta af því sem beðið er um. Helstu lífeyrissjóðir sóttust eftir bréfum í félaginu og munu þeir fá meira í sinn hlut en almennir fjárfestar, þó að ljóst sé að miðað við eftirspurnina muni allir bjóðendur fá skertan hlut.

**-hh**






Einkaneysla Íslendinga fjármögnuð með dýrum skammtímalánum:

# Kvartmilljón í yfirdrátt á mann

**EFNAHAGSMÁL** Íslendingar skulduðu 75 milljarða króna í yfirdráttarlán í lok nóvember, samkvæmt tölum sem Seðlabankinn hefur birt. Þetta þýðir að hvert mannsbarn skuldi 250 þúsund krónur í yfirdrátt. Yfirdráttarlán heimilanna hafa aldrei verið hærri og hafa hækkað um fjörutíu prósent frá áramótum, um 21 milljarð króna.

Greining Íslandsbanka bendir á að einkaneysla hafi vaxið hraðari skrefum en kaupmáttur launa. Þessi aukning yfirdráttarlána er því til marks um að að landin fjármagni einkaneyslu með dýrum skammtímalánum.

Vextir af yfirdráttarlánum eru á bilinu 17,5-20 prósent og hafa farið hækkandi á árinu. Þannig má reikna með að vaxtatekjur fjármálastofnana af þessum lánum nemi um 13-15 milljörðum króna af ári. **- eþa**









## SPURNING DAGSINS

*Steinunn, talaðir þú af þér?*

„Nei, það hefði fyrst orðið fréttnæmt ef ég hefði þegið þessa launahækkun.“

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri hefur hafnað launahækkun sem á að ná til æðstu embættismanna. Hún segist meðal annars hafa tekið þessa ákvörðun vegna ummæla sinna um kjaramál.

Opinberar styrkveitingar til mjólkurframleiðenda fara gegn samkeppnislögum:

# Nautgripabændum mismunað

**LANDBÚNAÐUR** Samkeppniseftirlitið hefur úrskurðað að opinber styrkveiting til mjólkurframleiðenda í formi beingreiðslna mismuni nautakjötsframleiðendum í landinu og fari gegn markmiðum samkeppnislaga.

Í úrskurði Samkeppniseftirlitsins er þeim tilmælum beint til landbúnaðarráðherra að hann beiti sér fyrir því að samkeppnisstaða mjólkurframleiðenda og nautakjötsframleiðenda verði jöfnuð. jafnframt er þeim tilmælum beint til landbúnaðarráðuneytisins að hafi jöfnun á samkeppnisskilyrðum ekki verið komið á fyrir 1. júlí 2006 skuli ráðuneytið upplýsa um ástæður þess.



**FORMAÐUR BÆNDASAMTAKANNA** Haraldur segir að Bændasamtökin hafi reynt að liðka til við nautakjötsframleiðslu.

Aðdragandi málsins er sá að fyrir rúmu ári sendu þrír nautakjötsframleiðendur Samkeppnisstofnun erindi þar sem þeir vildu fá álit á því hvernig samkeppnisaðstaða nautakjötsframleiðenda væri í samanburði við mjólkurframleiðendur. Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, segir að stefna í þessu málum hafi fyrst og fremst verið mótuð af Landssambandi kúabænda. „Bændasamtökin hafa reynt að liðka til við nautakjötsframleiðslu,“ segir Haraldur.

- sk

Verkfallið í New York:

# Sættir loks í sjónmáli

**NEW YORK, AP** Starfsmenn almenningssamgangna New York-borgar féllust í gær á að hefja undirbúning að opnun lesta- og strætisvagnakerfisins á ný á meðan stéttarfélagið og borgaryfirvöld ræða um nýjan kjarasamning. Ekki er þó vitað hvenær samgöngur komast í samt lag á ný.

Þegar yfirvöld samþykktu í gær að endurskoða tilboð sitt um lífeyrisgreiðslur hafði verið höggvið á hnútinn. Samningafundir hófust í gær á ný, í fyrsta sinn eftir að verkfallið hófst á þriðjudaginn.

Samgöngur hafa verið í lama-sessi í borginni síðustu daga og er talið að tekjutap vegna verkfallsins hlaupi á milljörðum króna.

Sjá síðu 26

Kofi Annan sleppir sér:

# Segir fjölmiðla ofsækja sig

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, missti stjórn á skapi sínu á blaðamannafundi í höfuðstöðvum stofnunarinnar í fyrradag.



**KOFI ANNAN** Ár er eftir af samningstíma Annans en hann var ekki í spariskapinu sínu í vikunni.

Framan af fundinum skammaði hann blaðamenn fyrir að gagnrýna þátt hans í olíusöluáætlun SÞ í Írak en í nýlegri rannsókn var Annan hreinsaður af áburði um mútuþægni en átalinn fyrir óstjórn. Þegar James Bone, blaðamaður Lundúnablaðsins Times, spurði hann út í vafasöm bílaviðskipti Kojo sonar hans hreytti Annan út úr sér að Bone hegðaði sér eins og óþekkur skólastrákur og hefði gert það alla tíð. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

# Kjaradómur gagnrýndur

**Úrskurðir Kjaradóms um launahækkanir þingmanna og embættismanna hafa jafnan vakið hörð viðbrögð, sérstaklega 1992 og 1995. Tveir úrskurðir fyrr á þessu ári vöktu litla athygli. Kjaradómur hækkar laun meira en um semst á markaði.**

**KJARADÓMUR** Nánast engin umfjöllun eða gagnrýni átti sér stað í þjóðfélaginu vegna úrskurða Kjaradóms um launahækkun æðstu embættismanna og stjórnmálamanna þjóðarinnar um þrjú prósent 1. janúar og tvö prósent 1. júlí 2005. Hækkanirnar 1992, 1995 og 2003 voru hins vegar harðlega gagnrýndar.

Við launahækkunina í sumar bar Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ, saman launaþróun á almennum vinnumarkaði og launahækkanir Kjaradóms frá ársbyrjun 2003 og komst að þeirri niðurstöðu að þingmenn og ráðherrar hefðu fengið helmingi meiri hækkanir en aðrir í þjóðfélaginu. Honum sýndist laun hafa almennt hækkað um tíu prósent meðan þingmenn og ráðherrar hafi fengið tuttugu prósenta hækkun á tímabilinu. Þá væri ótalin sú kjarabót sem hafi falist í eftirlaunafrumvarpinu sem þingmenn samþykktu handa sjálfum sér í vor.



**RÍKISRÁÐ** Í því sitja forseti Íslands og ráðherrar ríkisstjórnarinnar. Kjaradómur sker úr um laun þeirra og fjölmargra embættismanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÓLAFUR DARRI ANDRASON**

Úrskurðir Kjaradóms hafa þó frekar vakið gagnrýni en hitt. Um mitt ár 1992 hækkaði Kjaradómur laun helstu embættismanna og stjórnmálamanna um allt að þrjátíu prósent og fordæmdu forystumenn launþega og vinnuveitenda hækkunina.

Forsætisráðherra bað Kjaradóm að endurskoða hækkunina en því var hafnað. Ríkisstjórnin samþykkti því bráðabirgðalög þar sem Kjaradómi var skipað að miða við aðrar launahækkanir og varð niðurstaðan 1,7 prósenta launahækkun í stað þrjátíu prósenta. Þegar skipa átti á nýjan leik í Kjaradóm höfnuðu nefndarmenn því að gefa kost á sér aftur.

Árið 1995 ákvað Kjaradómur tuttugu prósenta launahækkun til ráðherra og tíu prósenta hækkun til þingmanna, auk skattfrjálsra starfstengdra greiðslna, og var þessi úrskurður gagnrýndur en ekkert breyttist.

Sumarið 2003 ákvað Kjaradómur svo að hækka laun ráðherra og alþingismanna um 18-19 prósent og dómara um 11,1-13,3 prósent. Laun annarra hækkuðu minna.

Kjaradómur úrskurðaði um 6-8,15 prósenta hækkun heildarlauna embættismanna, forseta Íslands og stjórnmálamanna fyrr í þessari viku og hefur sú hækkun verið harðlega gagnrýnd, meðal annars hefur Einar Oddur Kristjánsson þingmaður krafist þess að Alþingi verði kallað saman.

ghs@frettabladid.is

Framkvæmdastjóri SA:

## Stöðugleika steypt í hættu

**KJARADÓMUR** Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, telur að ekkert hafi gerst á almennum vinnumarkaði sem skapi forsendur fyrir þeirri hækkun heildarlauna sem helstu embættismenn þjóðarinnar fá samkvæmt úrskurði kjaradóms.

Ari telur að úrskurðurinn sé í ósamræmi við verðbólgumarkmið í landinu, verðbólgan stefni í tíu prósent með þessu áframhaldi. Forystumenn ríkis og sveitarfélaga verði að staldra við og skoða hvert þeir stefni með þjóðfélagið með þeim hækkunum sem hafi sést að undanförnu.

„Ef ekki verður snúið af þeirri braut þá er verið að steypa grundvellinum undan þeim stöðugleika sem ríkt hefur á undanförnum árum,“ segir Ari.

- ghs




Forsætisráðherra undrast hækkanir og spyr formann Kjaradóms spurninga:

# Fylgir breytingum frá 2003

**KJARAMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kveðst jafn undrandi og aðrir á þeirri niðurstöðu Kjaradóms að hækka laun ráðherra, þingmanna, forseta Íslands, dómara og fleiri af æðstu embættismönnum þjóðarinnar umfram það sem um hefur samist í öðrum kjarasamningum.

Halldór kallaði Garðar Garðarsson, formann Kjaradóms, á sinn fund í gær og óskaði eftir upplýsingum um forsendur úrskurðarins og vildi að opinberlega yrði grein gerð fyrir ástæðum dómsins.

Garðar segir í fyrsta lagi að dómurinn hafi ekkert með laun sveitarstjórnarmanna að gera og þar af leiðandi ekki borgarstjóra Reykjavíkur. „Það er mín persónulega skoðun að sveitarfélög eigi sjálf að bera ábyrgð á kjörum sveitarstjórnarmanna.“

Garðar segir ástæður úrskurðar Kjaradóms tvíþættar. „Annars vegar er um að ræða 2,5 prósenta hækkun á næsta ári vegna almennra hækkana. Hins vegar er um að ræða hækkun sem rekja má til úrskurðar Kjaradóms 2003. Þá settum við til dæmis héraðsdómara í ákveðinn launaflokk með viðmið í kjörum framkvæmdastjóra minni ríkisfyrirtækja og skólastjóra framhaldsskóla. Nú hafa kjör héraðsdómaranna dregist aftur úr af ýmsum ástæðum. Allir nema forsetinn taka mið af slíkum launaflokkaviðmiðunum og við vildum leiðrétta kjör þeirra nú,“ segir Garðar.



**GARÐAR GARÐARSSON FORMAÐUR KJARADÓMS**

Um aðrar og meiri hækkanir yfir lengri tíma segir Garðar að margt hafi breyst, meðal annars í starfsumhverfi dómara, til dæmis með nýjum dómstólalögum.

- jh



# Opið til 23 í kvöld!



SKEMMTUN Á JÓLASVIÐI COCA-COLA

**Skemmtileg dagskrá á Þorláksmessu**

**14.00** Atriði úr söngleiknum Annie
**15.00, 17.00 og 19.00** Nylon og Heiða syngja jólalög

Jólasveinarnir koma í heimsókn og lifandi jazz
í göngugötu allan daginn.

**Gleðileg jól!**

Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

**Opið aðfangadag 10–13**

**Veitingastaðir og Kringlubíó** hafa opið lengur á kvöldin
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

Fíton/SÍA FI015385

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 22.12.2005

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,67 | 63,97 |
| Sterlingspund | 110,6 | 111,14 |
| Evra | 75,29 | 75,71 |
| Dönsk króna | 10,09 | 10,15 |
| Norsk króna | 9,387 | 9,443 |
| Sænsk króna | 8,002 | 8,048 |
| Japanskt jen | 0,5418 | 0,545 |
| SDR | 91,04 | 91,58 |

*Gengisvísitala krónunnar*
106,1023

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjöldi einstaklinga og samtaka fékk fé úr styrktarsjóði:

# Baugur úthlutar 50 milljónum

**STYRKVEITINGAR** Tuttugu og þrír einstaklingar og samtök hlutu í gær styrk úr nýstofnuðum styrktarsjóði Baugs Group en um 300 milljónum króna verður úthlutað úr honum tvisvar á ári næstu þrjú árin.

Styrkirnir námu tuttugu milljónum að þessu sinni en áður hafði fyrirtækið styrkt Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna og Breska barnaverndarsjóðinn úr sama sjóði. Hæstu einstöku styrkirnir voru tvær milljónir króna og fóru í ýmsar áttir. Þannig hlutu samtök á borð við Umhyggju, Vímulausa æsku og Geðhjálp tvær milljónir hver. Mannréttindaskrifstofa Íslands hlaut sömu einnig sömu upphæð. Þá fengu þau Særún Sveinsdóttir og Björn Hafsteinsson, sem bæði misstu fætur í slysum á árinu, eina milljón króna hvort um sig.

Jóhannes Jónsson, formaður stjórnar sjóðsins, sagði ástæðu styrkveitinganna einfalda. „Ef við gefum ekkert fáum við ekkert og fjöldi umsókna sýnir að víða eru aðstæður þannig að styrkir af þessu tagi koma sér vel. Ég hef líka fundið það gegnum tíðina að fjölmargir standa við bakið á okkur þegar að kreppir og mér þykir sjálfsagt mál að endurgjalda þann stuðning með stuðningi við þá er þurfa á að halda.“ **- aöe**



**JÓHANNES JÓNSSON OG INGIBJÖRG PÁLMADÓTTIR** Afhentu styrki að upphæð tuttugu milljónir króna í gær en úthlutað er tvisvar á ári úr styrktarsjóði Baugs. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Öryrkjabandalag Íslands:

# Fær fulltrúa í nefndina

**RÉTTINDAMÁL** Öryrkjabandalag Íslands fær að líkindum sæti í nefnd um örorkumat eftir að í ljós kom að engin andstaða er við það af hálfu forsætisráðuneytins. Forsætisráðherra sagði aðild ÖBÍ háða samþykki aðila vinnumarkaðarins, en Sigursteinn Másson, formaður ÖBÍ, sagði í gær að það samþykki hefði legið fyrir lengi. „Nú bíð ég bara eftir ósk um tilnefningu okkar fulltrúa og hún hlýtur að berast fyrir áramót. Þetta hefur leyst farsællega og ég vona að þetta marki nýja tíma í samskiptum heildarsamtaka fatlaðra við stjórnvöld,“ segir Sigursteinn. **- sh**

Safnað fyrir íslenska konu:

# Særún komin í endurhæfingu

**SÖFNUN** Það sem átti að vera jólagjöf gamalla nemenda og samnemenda úr Öldutúnsskóla til Særúnar Sveinsdóttur, sem missti báða fætur í bílslysi í Bandaríkjunum fyrr í vetur, breyttist í stóra fjársöfnun sem í hafa nú safnast tæpar fimm milljónir króna.

Ein milljón króna bættist við í gær þegar Baugur Group afhenti bróður Særúnar, Gunnari V. Andréssyni, úr styrktarsjóði fyrirtækisins. Gunnar segist afar hrærður yfir þeirri miklu samkennd sem hann hefur orðið var við í kjölfar slyssins. Allt þetta fé muni gera henni kleift að lifa næstu árin án þess að hafa fjárhagsáhyggjur.

Særún er nýbyrjuð í endurhæfingu. Þeim sem hafa hug á að styrkja Særúnu er bent á bankareikning 1150-05-414746 í SPRON, kennitala 010560-2689. **- aöe**

Fjöldi þjóðarinnar:

# Nálgast 300.000

**MANNTAL** Um miðjan dag í gær vantaði aðeins rúmlega 300 manns upp á að Íslendingar yrðu 300 þúsund samkvæmt mannfjöldaklukku Hagstofu Íslands.

Hefur fólksfjölgunin verið talsvert meiri þetta ár en venja hefur verið. Til að mynda fluttu tæplega fjögur þúsund fleiri til landsins en frá því á árinu. Íslendingar voru alls 299.699 seinnipartinn í gær en tölurnar eru bráðabirgðatölur og ber að taka með nokkrum fyrirvara. ■

## RÚSSLAND

**Þak féll á verkamenn** Einn lést og ellefu særðust þegar þak á lestarviðgerðarskála hrundi ofan á vinnumenn í þorpi í suðvestanverðu Rússlandi. Talið er að þakið hafi gefið sig undan snjófargi. Fyrr í mánuðinum hrundi þak á sundlaug í Úralfjöllum og létust fjórtán, þar af ellefu börn.

# Demókratar sækja í sig veðrið

**Þrátt fyrir að vera í minnihluta í báðum deildum Bandaríkjaþings hafa demókratar sett mark sitt á ýmis lög sem sett hafa verið síðustu daga. Þeim tókst að hnekkja áformum um olíuborun í Alaska og fá reglur settar um meðferð fanga. Málið þykir sýna að staða forsetans hefur veikst undanfarin misseri.**

**BANDARÍKIN** Repúblikanar virðast eiga í vök að verjast á bandaríska þinginu, í það minnsta hafa demókratar náð að hafa umtalsverð áhrif á mikilvæg lagafrumvörp sem samþykkt hafa verið síðustu daga.

Á miðvikudagskvöldið framlengdi öldungadeild þingsins gildistíma svonefndra föðurlandslaga sem sett voru eftir hryðjuverkaárásinar 11. september 2001 um sex mánuði en þau hefðu að óbreyttu fallið úr gildi á gamlársdag. Þau veita yfirvöldum rúmar heimildir til að fylgjast með hátterni borgaranna, til dæmis til að hlera síma og gera húsleitir hjá þeim sem grunaðir eru um hryðjuverk.

Stjórnin vildi upphaflega að lögin giltu í fjögur ár til viðbótar en á það vildu demókratar og átta félagar þeirra í Repúblikanaflokknum ekki fallast og stungu í staðinn upp á að þau yrðu framlengd í bili til þriggja mánaða. „Þeir öldungadeildarþingmenn sem standa í vegi fyrir föðurlandslögunum verða að skilja að fall þau úr gildi er Bandaríkjunum ógnað og staða okkar til að taka á morðóðum illvirkjum er veikari,“ hefur dagblaðið Washington Post eftir George W. Bush forseta. Eftir mikið þref varð svo úr að lögin gilda í sex mánuði á meðan varanlegrar lausnar er leitað.

Þá samþykkti öldungadeildin svellþykkt lagafrumvarp um varnarmál þar sem meðal annars er lagt blátt bann við „grimmilegri, ómannúðlegri og niðurlægjandi meðferð“ fanga í haldi Bandaríkjastjórnar, hvar sem er í heiminum. Ríkisstjórnin, með Dick Cheney varaforseta í fylkingarbrjósti, hafði þrýst mjög á að leyniþjónustan CIA yrði undanþegin ákvæðunum og hafði Bush meðal annars hótað að beita neitunarvaldi sínu. Þingmenn, með repúblikanann John McCain fremstan í flokki, létu hins vegar ekki beygja sig en sátt náðist svo um málið í síðustu viku.

Demókratar fengu einnig felld út ákvæði úr sama frumvarpi, þar sem heimiluð eru tæplega þrjátíu þúsund milljarða króna framlög til varnarmála, um olíuborun á náttúruverndarsvæðum í Alaska. Bush hafði sagt boranirnar nauðsynlegar út frá öryggishagsmunum þjóðarinnar en þingmenn bentu honum á að eftir sem áður yrði að flytja inn stærstan hluta olíunnar. Frumvarpið bíður undirskriftar forsetans og eru allar líkur taldar á að það verði gert á næstu dögum.

Repúblikönum tókst þó að fá samþykkt frumvarp sitt um 2.500 milljarða króna niðurskurð í ríkisútgjöldum. Reyndar féllu atkvæði jafnt um málið í öldungadeildinni og því varð að kalla Dick Cheney heim úr ferð sinni úr Mið-Austurlöndum til að skera úr um það, en sem varaforseti er hann jafnframt forseti deildarinnar.

Í öllum þessum málum hefur Bush og ríkisstjórn hans því ekki einungis mætt samstilltu andófi demókrata heldur hafa þess eigin flokksmenn gert honum erfitt fyrir. Slíkt var nánast óþekkt á hans fyrra kjörtímabili en á því síðara virðist farið að losna um flokksagann, eins og raunar títt er um Bandaríkjaforseta. Við þetta bætist hins vegar léleg útkoma Bush í skoðanakönnunum, mannfall í röðum Bandaríkjahers í Írak og hneykslismál sem tengjast embættismönnum og þingmönnum úr Repúblikanaflokknum.

**sveinng@frettabladid.is**



**Á RÖKSTÓLUM** Harry Reid, leiðtogi demókrata í öldungadeildinni (í miðið), barðist harkalega gegn föðurlandslögunum. Félagar hans úr flokknum, Charles Schumer og Patrick Leahy, studdu við bakið á honum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**BUSH VAR REIÐUR** „Þessi hindrun er óafsakanleg,“ sagði forsetinn þegar hann var spurður um viðbrögð sín við andstöðu þingmanna við föðurlandslögin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÚRKOMUSVÆÐI**
Heldur veiklulegt úrkomusvæði verður yfir sunnan- og vestanverðu landinu. Úr því fellur þó dálítil úrkoma. Yfirleitt rigning allra syðst, slydda eða snjókoma annars staðar. Þetta úrkomusvæði eyðist smám saman í dag. Svo koma hlýindin á morgun með nokkrum vindi.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðvestan gola. Þurrt í fyrstu en síðan slydda eða rigning. Úrkomulítið í kvöld. Hiti 0-3 stig.




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 8°C hálfskýjað | París | 8°C alskýjað | Alicante | 16°C heiðskírt |
| Osló | 1°C alskýjað | Berlín | 6°C alskýjað | Mílano | 11°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 1°C hálfskýjað | Frankfurt | 7°C alskýjað | New York | 8°C léttskýjað |
| Helsinki | -1°C léttskýjað | Madríd | 12°C heiðskírt | San Francisco | 17 °C hálfskýjað |
| London | 11°C alskýjað | Barcelona | 13°C heiðskírt | Orlando/Florída | 19°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# afgreiðslutími um jólin

23. des. Þorláksmessa 9-24
24. des. aðfangadagur 9-16
25. des. jóladagur lokað
26. des. annar í jólum 9-24

**24 stunda verslanir:**
**Lágmúli, Staðarberg, Keflavík og Akureyri**

Þorláksmessa opið allan sólarhringinn
aðfangadagur opið til kl. 16
jóladagur lokað (opnar á miðnætti)
annar í jólum opið allan sólarhringinn

10-11
*...þegar þér hentar*



## KJÖRKASSINN

*Á að herða kröfur á starfsmannaleigur?*

| | |
|---|---|
| Já | 88% |
| Nei | 12% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Eyðir þú meira en 50 þúsund krónum í jólagjafir?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Veðurstofan spáir rauðum jólum um mestallt land og vætu fyrir vestan:

# Rok og og rigning um jólin

**VEÐUR** Ekki er útlit fyrir að jólin verði hvít nokkurs staðar á landinu, að sögn Helgu Ívarsdóttur, veðurfræðings á Veðurstofunni.

Hún útilokar þó ekki að það verði hvítflekkótt jól fyrir norðan. „Þar er einhver snjór og það er spurning hvort hann verður farinn á aðfangadagskvöld. Það mun hlýna og kannski rigna lítillega þannig að snjórinn bráðnar frekar hratt. Það fer svo bara eftir snjómagninu hvað hann er fljótur að hverfa. Á Akureyri er allt autt núna og ekki líklegt að það breytist fram á aðfangadag,“ segir Helga og tekur fram að það sé mjög lítill snjór á landinu.

Jólaveðrið sunnan- og vestanlands verður miður glæsilegt og uppáklæddir mega búast við vætu. „Á aðfangadag er vaxandi sunnan- og suðaustanátt og gengur í stífa sunnanátt með rigningu. Það hlýnar á öllu landinu en rigningin verður aðallega sunnan og vestan til. Þannig heldur það áfram á jóladag,“ segir Helga.

Annan í jólum lítur út fyrir að það muni kólna vestanlands og jafnvel snjóa. Á þriðjudaginn er útlit fyrir suðaustanátt og él.

Veðurstofan spáir ekki lengra en sex daga fram í tímann og því mun áramótaspá ekki liggja fyrir fyrr en um helgina. - sh



**VEÐRIÐ Í GÆR** Búast má við að það verði heldur dimmara yfir höfuðborgarsvæðinu um jólin en var í gær.

Suður-Þrændalög í Noregi:

## Sniðganga vörur frá Ísrael

**NOREGUR, AP** Fylkisstjórnin í Suður-Þrændalögum í Noregi ákvað á dögunum að sniðganga allar vörur frá Ísrael vegna hernáms Ísraela á svæðum Palestínumanna. Ályktunin hefur nú kallað mikinn reiðilestur hagsmunasamtaka gyðinga víða um heim yfir norsku héraðsstjórnarmenninna.

Torill Skærseth, fulltrúi Rauða kosningabandalagsins í héraðsstjórninni, tjáði héraðsblaðinu Adressavisen að hún vonaðist til að önnur héruð í Noregi myndu taka sér sniðgönguákvörðunina til fyrirmyndar. Hún líkti stefnu Ísraelsstjórnar við apartheid-stefnu hvíta minnihlutans í Suður-Afríku. ■



**Í HÓPI HERMANNA** Breskir dátar í Basra virtust ánægðir með að sjá forsætisráðherra sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tony Blair í Írak:

## Óvíst hvenær herinn fer burt

**ÍRAK** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, kom í óvænta heimsókn til Íraks í gær. Hann heimsótti breska hermenn í Basra, og sagði þeim að hann væri þeim þakklátur fyrir starfið sem þeir inntu af hendi í Írak.

Að sögn BBC ítrekaði Blair að engar ákvarðanir hefðu verið teknar um heimkvaðningu herliðsins heldur sagði hann við hermennina að það væri í þeirra höndum að meta hvenær verkinu væri lokið. Talið er þó líklegt að Bretar dragi verulega úr herafla sínum í Írak strax á næsta ári.

Donald Rumsfeld, landvarnaráðherra Bandaríkjanna, kom einnig við í Írak í gær. ■

# Játaði manndráp en neitaði ásetningi

**Ungur maður játaði fyrir dómi að hafa orðið öðrum að bana með því að stinga hann með hnífi. Hann neitar ásetningi. Aðalmeðferð fer fram í janúarlok. Foreldrar látna piltsins gera kröfu um tæpar 5,4 milljónir króna í bætur.**

**DÓMSMÁL** Sigurður Freyr Kristmundsson hefur játað fyrir dómi að hafa orðið tvítugum pilti að bana í húsi við Hverfisgötu í Reykjavík að morgni laugardagsins 20. ágúst.

Sigurður, sem er 23 ára gamall, neitar því að um ásetning hafi verið að ræða. Mál á hendur honum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á miðvikudag. Foreldrar piltsins sem lést krefja Sigurð um skaðabætur, móðirin 3.150.000 krónur og faðirinn 2.216.313 krónur.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Sigurðar, segir hann hafa játað önnur brot sem einnig er ákært fyrir. Aðalmeðferð í málinu sem fram fer í lok janúar segir hann því að mestu koma til með að snúast um „stig ásetnings“ í manndrápsmálinu.

Í ákæru ríkissaksóknara kemur fram að Sigurður hafi stungið þann sem lést með hnífi í brjóstholið, en stungan náði í gegnum hjarta hans og í lifur.

Þegar atburðurinn átti sér stað var Sigurður þegar úrskurðaður í gæsluvarðhald, en ástand hans var að sögn lögreglu með þeim hætti að erfitt var að yfirheyra hann. Lögregla var kvödd að íbúðinni snemma á laugardagsmorni með tilkynningu um að maður hefði verið stunginn. Þegar hún kom á vettvang hófust þegar lífgunartilraunir, en þær báru ekki árangur og maðurinn lést skömmu síðar. Í íbúðinni var lagt hald á hnífinn sem talið var að hefði verið notaður. Fleira fólk sem var í íbúðinni, tveir karlmenn og ein kona, var einnig handtekið og yfirheyrt en sleppt fljótlega. Öll voru þau sögð í annarlegu ástandi.

Auk manndrápskærunnar er Sigurður ákærður fyrir að hafa í byrjun ágúst brotist inn í íbúð við Framnesveg í Reykjavík og stolið þar fartölvu, stafrænni myndavél, DVD-spilara og fleiru smálegu. Þá er hann kærður fyrir að hafa í fimm skipti frá því í nóvember í fyrra og þar til um mitt síðasta sumar brotið umferðarlög, meðal annars ekið án réttinda og stundum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. olikr@frettabladid.is



**SIGURÐUR FREYR KRISTMUNDSSON FÆRÐUR FYRIR DÓMARA** Sigurður játaði í vikunni að hafa orðið manni að bana með því að stinga hann í hjartastað með hnífi, en kvað ekki hafa verið ætlun sína að verða manninum að bana.

Uppgröftur í Finnlandi:

## Leitað eftir liðhlaupum

**FINNLAND** Tjaldsvæðinu í bænum Villmanstrand í Finnlandi verður sennilega lokað næsta sumar því þá verður grafið þar eftir sönnunum fyrir þeim sögusögnum að hundruð finnskra liðhlaupa hafi verið teknar af lífi án dóms og laga árið 1944.

Upp undir 600 finnskir hermenn flúðu sókn Sovétmanna á þessum slóðum vorið 1944 og hefur verið talið að þeir hafi verið teknir af lífi og grafnir.

Fjórar beinagrindur fundust nýlega á staðnum og vilja yfirvöld því leita af sér allan grun. ■

Samfylkingin í Kópavogi:

## Gagnrýnir aðgerðaleysi

**KJARAMÁL** Fulltrúar Samfylkingarinnar í bæjarráði Kópavogs gagnrýna harðlega afskiptaleysi meirihluta bæjarstjórnar gagnvart þeirri kreppu sem upp er komin á leikskólum bæjarins.

Hafa þeir lagt fram tillögu þess efnis að nú þegar verði óskað eftir samstarfi við Starfsmannafélag Kópavogs með það að markmiði að tryggja eðlilegt starf á leikskólum bæjarins enda sé þar um algera grunnþjónustu að ræða og við því verði að bregðast strax. ■

Gestir frá Slóvakíu:

## Sígaunar betla á Strikinu

**DANMÖRK** Lögregla og verslunarmenn eru uggandi yfir fjölda betlara á götum Kaumannahafnar um þessar mundir.

Að því er Berlingske Tidende hermir eru betlararnir sígaunar frá Slóvakíu. Ferðast þeir til Danmerkur með rútum og dvelja í borginni í eina viku í senn. Talið er að um fimmtíu manna hóp sé að ræða úr sömu fjölskyldu. Betl er ólöglegt í Danmörku en lögreglan segist ekki hafa mannskap til að hafa stjórn á ástandinu. - ks

### PALESTÍNA

**Mannskæð átök** Ísraelskir hermenn skutu tvo Palestínumenn til bana í borginni Nablus á Vesturbakkanum í gærmorgun. Hermennirnir gerðu áhlaup á hús meintra uppreisnarmanna og að sögn vitna höfu þeir skothríð á menn sem reyndu að flýja. Skömmu síðar slösuðust svo ísraelskir hermenn á Gaza-ströndinni þegar uppreisnarmenn skutu úr sprengjuvörpu á herstöð.




Byssum sem stolið var fyrir fjórum árum komnar í leitirnar:

# Eigandinn hélt að byssurnar væru orðnar að morðvopni

**LÖGREGLUMÁL** „Ég varð dauðskelkaður og hélt að byssan mín væri orðin að morðvopni,“ segir Jón Halldórsson frá Hólmavík. Hann fékk símhringingu frá lögreglunni í Reykjavík fyrir skemmstu og var spurður hvort hann hefði átt Dan Arms byssu. Jón játti því en sagði að henni hefði verið stolið þegar þjófur fór ránshendi um Hólmavík og stal byssum, peningaveskjum og fleiru fyrir fjórum árum.

„Til allrar lukku sagði lögreglumaðurinn að byssa hefði fundist en þjófurinn ætlaði sér að selja gripinn en grandvar maður fór að skoða hana og tók niður númerið á henni og þannig komst þetta upp. Maðurinn er nú kominn bak við lás og slá,“ segir Jón.

Jón skytta fékk þó ekki að njóta endurfunda með þessum gamla gæðagrip sínum þar sem byssan var úrskurðuð ónýt vegna gaps sem myndast hafði á henni milli hlaups og skothúss.

Sigurður Marinó Þorvaldsson, sem einnig varð af sinni byssu þegar þjófurinn fór um bæinn árið 2001, fékk hins vegar sína byssu aftur og var hinn kátasti með þann endurfund. - jse



**JÓN HALLDÓRSSON OG SIGURÐUR MARINÓ ÞORVALDSSON, SKYTTURNAR TVÆR** Sigurður er hér með byssuna sem afkastamikill þjófur greip sumarið 2001 á Hólmavík. Jón hefur hins vegar ekki fengið byssuna sína aftur þar sem hún er ónýt en er þó vel vopnaður.






# Hlutafjárútboð Avion Group hf.

## Fagfjárfestum boðnir viðbótarhlutir að söluvirði 4 milljarðar króna

Frestur til að skila inn óbindandi viljayfirlýsingum í hlutafjárútboði Avion Group hf. rann út klukkan 16.00 fimmtudaginn 22. desember 2005.
Alls óskuðu fagfjárfestar eftir að kaupa hluti fyrir ríflega 100 milljarða króna að söluvirði sem er sextánföld umframeftirspurn.

Í ljósi mikils áhuga fagfjárfesta á hlutafjárútboði Avion Group hf. ákvað stjórn félagsins á fundi sínum, 22. desember 2005, að bjóða þeim sem skiluðu inn viljayfirlýsingum viðbótarhluti að söluvirði 4 milljarðar króna. Söluvirði þeirra hluta sem boðnir eru fagfjárfestum hækkar því í 10 milljarða króna. Jafnframt ákvað stjórn félagsins að útboðsgengið yrði 38,3 krónur á hlut, sem eru efri mörk þess verðbils sem áður hefur verið auglýst.

Gengið verður frá endanlegri áskrift fyrir klukkan 16.00 í dag, 23. desember 2005.
Andvirði útboðsins verður varið til niðurgreiðslu lána og til að styðja við frekari vöxt Avion Group.
Umsjón með hlutafjárútboðinu og skráningu félagsins í Kauphöll Íslands hf. hefur Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf.

Himinn og haf / SÍA

AVION GROUP
– íslensk sókn um allan heim

Landsbankinn



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hverju fögnuðu ásatrúarmenn í fyrradag?*

2 *Hvað verður forseti Íslands með í laun á mánuði eftir áramót?*

3 *Hvað heitir fyrirtækið sem nú sér um flutning raforku hérlendis?*

Svörin eru á blaðsíðu 58

Bandaríkjamenn þvertaka fyrir að hafa pyntað Saddam Hussein:

# Saddam sakar þá um lygar

**BAGDAD, AP** Bandaríkjamenn segja ásakanir Saddams Hussein um að hann hafi sætt pyntingum í varðhaldi þeirra algeran þvætting. Saddam sakaði þá á móti um lygar við réttarhöldin í gær.

Á miðvikudaginn kvartaði Saddam sáran undan vistinni hjá Bandaríkjaher og sagðist hafa verið barinn. Barry Johnson, ofursti og formælandi hersins sagði í kjölfarið ásakanirnar „algjörlega rakalausar“ en sagði að herinn væri engu að síður tilbúinn að skoða málið. „Við viljum hins vegar ekki verða dregnir inn í þessi bellibrögð sem greinilega eiga að trufla réttarhöldin,“ bætti hann við.



**LÆTUR GAMMINN GEISA** Bandaríkjaher segir ekkert hæft í ásökunum Saddams. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Við réttarhöldin í gær var Saddam við sama heygarðshornið og sagði að ekkert mark væri hægt að taka á orðum Bandaríkjamanna. „Síonistar og Bandaríkjamenn, ég meina réttarstarfsmenn, hata Saddam Hussein. Við ljúgum engu, Hvíta húsið lýgur. Það sagði gereyðingarvopn vera í Írak sem það varð síðar að draga til baka.“ Hann ítrekaði svo að hann hefði margsinnis verið barinn og sum sárin hefðu ekki gróið fyrr eftir marga mánuði.

Á meðal þeirra sem báru vitni fyrir dóminum í gær var maður sem var átta ára þegar fjöldamorðin í Dujal áttu sér stað árið 1982. Hann sagði að flestir ættingjar sínir hefðu verið myrtir eftir pyntingar leyniþjónustumanna.

Síðdegis í gær var svo réttarhöldunum frestað til 24. janúar. **- shg**

Skólar safna styrktarfé:

# Rúm milljón til Malaví

**HJÁLPARSTARF** Þróunarsamvinnustofnun Íslands fékk á þriðjudag ríflega milljón króna fjárstyrk frá nemendum í Mýrarhúsaskóla, Lágafellsskóla og Grundarskóla til styrktar nauðstöddum í Malaví.

Hugmyndin að framtakinu kviknaði í kjölfar frétta af uppskerubresti í Malaví sem olli hungursneyð og var fjáirns aflað með margvíslegum hætti.

Skólarnir þrír hafa verið í vinasambandi við þrjá malavíska skóla og segja forráðamenn ÞSSÍ að vaxandi áhugi sé á slíkum samböndum hjá íslenskum grunnskólum. **-sh**

# Enginn á að þurfa að búa í tjaldi

**Tólf til fimmtán manns munu halda jólin í Gistiskýlinu við Þingholtsstræti sem er athvarf fyrir heimilislausa. Framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðbæjar og Hlíða bauð Lee Reyni, tjaldbúa í Öskjuhlíð, þangað í gær en hann taldi sig ekki velkominn þar.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Hafdís Gísladóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðbæjar og Hlíða, hitti fyrir Lee Reyni Freer, tjaldbúa í Öskjuhlíð, í tjaldi hans í gærmorgun. Var honum þá boðið í Gistiskýlið í Þingholtsstræti 25. Þar ræddi hann málin við Jónas Jónasson, forstöðumann Gistiskýlisins, en Lee Reynir hafði staðið í þeirri trú að hann væri ekki velkominn þangað.

Því næst var tjaldinu í Öskjuhlíð pakkað saman og komið fyrir í geymslu. „Við erum með mjög víðfeðma þjónustu fyrir heimilislausa og það á enginn að þurfa að búa í tjaldi,“ segir Jónas. „Hitt er svo annað hvað fólk kýs að gera. Við leggjum mest upp úr því að hjálpa fólki svo það geti síðar séð um sig sjálft og við erum að ná árangri. Á ekki svo löngum tíma eru um sjö einstaklingar sem áður voru götunnarmenn komnir í framtíðarbúsetu,“ segir hann.

Gistiskýlið er bráðabirgðarúrræði en þangað geta heimilislausir alltaf fengið gistingu. Einnig



**LEE REYNIR FREER OG JÓNAS JÓNASSON FORSTÖÐUMAÐUR GISTISKÝLISINS** Vel fór á með þeim Lee Reyni og Jónasi þegar þeir ræddu málin í gær. Lee Reyni var skýrt frá því að hann væri ávallt velkominn í Gistiskýlið.

er þeim þar liðsinnt um hversdagleg hluti og boðin ráðgjöf. Rúm er fyrir fimmtán manns og segir Jónas útlit fyrir að um tólf til fimmtán manns verði þar um jólin.

„Jólin eru gnægðartími fyrir útigangsmenn því þá eru allir til í að láta eitthvað af hendi rakna. Betlið gengur yfirleitt vel á Þorláksmessu þannig að þeir hafa venjulega nægilegt bús á aðfangadag svo þeir hlakka til jóla líkt og flest fólk. Einnig er umræðan um hag þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu mjög mikil á þessum tíma en svo vill þetta gleymast aftur í janúar.“

Reynt verður að halda gleðileg jól fyrir þá sem verða í Gistiskýlinu um hátíðirnar. „Við höldum jólin þannig að það verður farið í jólamat niður á Hjálpræðisher á aðfangadag. Svo komum við aftur hingað í hús um klukkan níu og höfum það bara notalegt. Svo á jóladag verður hangikjöt á boðstólum,“ segir Jónas.

Jónas hefur unnið í þessum málaflokki í áratugi og er því ekki skoðanalaus. „Ég hef oft verið gagnrýndur fyrir að segja það en ég tel að enginn sé svo illa kominn á Íslandi að hann geti ekki orðið sjálfbjarga.“

**jse@frettabladid.is**



**HRÓSAR HAPPI** Jonathan Genant þykir heppinn að hafa aðeins misst tvo fingur í hákarlskjaftinn.

Bandarískur sjósundkappi:

# Lenti í skolti stórs hákarls

**HAWAII, AP** Það fór betur en á horfðist þegar Jonathan Genant, 29 ára, var á sundi í sjónum við Keawakapu-strönd, úti fyrir Maui-eyju sem tilheyrir Hawaii. Fjögurra metra tígurháfur kom aðvífandi og læsti skoltinum utan um handlegg hans. Genant náði sem betur fer að rífa sig lausan og synda upp í fjöru. Hann slapp með minniháttar meiðsli því ófreskjan varð að láta sér nægja litlafingur og baugfingur í hádegisverð að þessu sinni.

Rúmt ár er síðan hákarl réðist á fólk á Hawaii en í október í fyrra var stangveiðimaður bitinn illa. ■

Refsiákvörðun frestað:

# Játaði að hafa kýlt aðra konu

**DÓMSMÁL** Ákvörðun um refsingu yfir 26 ára gamalli konu var frestað í tvö ár, haldi hún almennt skilorð þann tíma samkvæmt nýföllnum dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra.

Konan játaði fyrir dómi að hafa slegið aðra konu krepptum hnefa á vinstri kjálka á veitingastaðnum Gamla-Bauk á Húsavík, föstudagskvöldið 24. júní sl. Sú féll við og hlaut nokkur andlitsmeiðsli, bólgur og mar á kjálka og tognun í hnakka og kjálkaliðum.

Fram kemur í dómnum að konan sem kýldi hafi ekki áður sætt refsingu dómstóla. Sökum þess og að hún játaði brot sitt skýlaust fyrir dómi, var refsingunni frestað. Þó þarf konan að greiða 100 þúsund krónur í málskostnað. **- óká**

Náttúruhamfarir árið 2005:

# Dýrasta ár í sögu trygginga

**TRYGGINGAR** Árið 2005 er dýrasta árið í tryggingasögunni eftir allar náttúruhamfarirnar sem hafa dunið á heimsbyggðinni. Hamfarirnar eru taldar hafa kostað jafngildi átján þúsund milljarða króna og þar af lenda 6.400 milljarðar á tryggingafyrirtækjunum, sem er mesti kostnaður nokkru sinni.

Vefútgáfa n24.se segir að fyrir utan eignatjón hafi orðið mikið manntjón. Fellibylurinn Katrín og Stan sem hafi gengið yfir Norður- og Mið-Ameríku á árinu séu bara tvö dæmi. Katrín hafi ein valdið tjóni upp á tíu þúsund milljarða króna.

Dýrustu náttúruhamfarirnar voru áður fellibylurinn Andrew sem gekk yfir Bandaríkin 1992 og olli þar tjóni sem nemur um 2.000 milljörðum króna. Þá voru árásirnar á World Trade Center í New York líka mjög dýrar. ■


Birta er komin út!

Þrír kátir krakkar með krefjandi áhugamál




Tvenn hjón í teiknimyndasögugerð
Jólabrennsla Helgu Möller
Piparmyntujól
Langbesta sjónvarpsdagskráin

birta MEST LESNA TÍMARIT LANDSINS


Þjónusta athvarfs fyrir heimilislausar konur í Reykjavík aukin:

# Konukot stendur alltaf opið

**SAMFÉLAGSMÁL** Frá og með gærdeginum geta konur fengið móttöku í Konukoti, sem er athvarf fyrir heimilislausar konur, hvenær sem er sólarhrings, allan ársins hring. Áður var þar opið einungis frá því klukkan sjö seinnipart dags og til klukkan tíu að morgni.

Fjörutíu og fjórar konur hafa gist í Konukoti, sem er að Eskihlíð 4, frá því það var opnað fyrir rétt rúmu ári síðan. „Svo er kjarninn svona fimm til tíu konur sem koma aftur og aftur,“ segir Brynhildur Barðadóttir. Það er Reykjavíkurdeild Rauða kross Íslands sem rekur Konukot en Félagsþjónustan í Reykjavík leggur til húsnæðið og þann auka mannskap sem nú þarf vegna aukinnar þjónustu.



**BRYNHILDUR BARÐADÓTTIR**



**KÁTAR Á KONUKOTI** Björk Vilhelmsdóttir, formaður velferðarráðs, og Anna, gestur í Konukoti, voru kampakátar í kotinu í gær.

Dvalargestir á Konukoti sem tóku á móti blaðamanni í gær voru að vonum ánægðir með breytinguna. Konurnar sögðu andann í húsinu sérlega góðan og báru engan kvíðboga fyrir því að halda jól þar. Brynhildur segir það mikilvægt að konur geti komið í Konukot þó þær séu undir áhrifum vímuefna en slíkt viðgangist ekki í Kvennaathvarfinu. Það gerir það að verkum að þær geti leitað í Konukot um leið og þörfin kemur upp, segir Brynhildur. **- jse**

# Jólatilboðin í fullum gangi




## Temprakon hitajöfnunarsængin




### Sængin sem breytir öllu

Nú á jólatilboði

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.
Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni.
Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.


TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.


TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™




www.design.is @ 2005

## TEMPUR Heilsukoddar
Jólagjöfin í ár




**Betra BAK**

**Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477**
**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið: mánudag til fimmtudagsins 22. des. kl. 10-22**
**og á Þorláksmessu kl. 10-23 - Aðfangadag kl. 10-13**



**JÓLAFLAUGIN** Ómannaðri Soyuz-eldflaug var skotið frá Baikonur í Kasakstan áleiðis til alþjóðlegu geimstöðvarinnar í fyrrakvöld. Þangað flytur hún vistir og jólagjafir til áhafnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Orðið við óskum sjónskertra um akstur strætisvagna um Hamrahlíð:

# Strætó fer nýjar leiðir

**ALMENNINGSSAMGÖNGUR** Stjórn Strætó bs. hefur samþykkt umtalsverðar breytingar á leiðakerfi strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu. Þar á meðal er ákvörðun um þrjár nýjar leiðir, tvær í Reykjavík og ein í Kópavogi.

Þá hefur akstursleið vagns númer 13 verið breytt þannig að ekið verður um Hamrahlíð, en blindir og sjónskertir mótmæltu því að vagnar stöðvuðust ekki lengur í næsta nágrenni blindraheimilisins.

„Við hjá Strætó höfum gert okkur far um að hlusta eftir ábendingum vagnstjóra og farþega um hvað megi betur fara og eins hvað sé vel gert,“ segir Ásgeir Eiríksson, forstjóri Strætó, en nýtt leiðakerfi var tekið upp í sumar. „Í október var framkvæmd farþegatalning og fengust þá mikilvægar upplýsingar um nýtingu einstakra leiða.“ Breytingarnar sem nú eru fyrirhugaðar taka gildi í febrúar.

Ein af nýju leiðunum þremur tengir Fella- og Hólahverfi við Mjóddina og tengir hana síðan áfram við Hlemm um Sogaveg, Grensásveg og Suðurlandsbraut. Leiðin er nánast sú sama og leið 12, sem áður gilti. Þá verður tekin upp leið úr Grafarholti um Hálsa- og Höfðahverfi og þaðan um Bústaðaveg að Hlemmi og svo ný hringleið í Kópavogi sem liggur um vesturbæinn, Nýbýlaveg, Þverbrekku, Álfhólsveg og Hamraborg. - óká



**STRÆTISVAGNAUMFERÐ UM HVERFISGÖTU** Snemma á næsta ári taka gildi breytingar á nýju leiðakerfi Strætó bs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stefnt að stækkun virkjunar:

## Umhverfisáhrifin kynnt

**IÐNAÐUR** Skipulagsstofnun hefur til kynningar mat á umhverfisáhrifum stækkunar Hellisheiðarvirkjunar, en frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 31. janúar næstkomandi. Orkuveita Reykjavíkur heldur svo sérstakan kynningarfund vegna framkvæmdarinnar 10. janúar, milli klukkan fjögur og sjö síðdegis, í húsi Orkuveitunnar við Bæjarháls í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að rafmagnsframleiðsla virkjunarinnar nemi árið 2008 80 megavöttum og allt að 120 megavöttum síðar. Matsskýrsluna er að finna á heimasíðum Orkuveitunnar, www.or.is og á síðu VGK verkfræðistofu, www.vgk.is. - óká

Sérálit í Hæstarétti:

## Fangelsi lengt um mánuð

**DÓMSMÁL** Meirihluti Hæstaréttar hefur þyngt um einn mánuð sjö mánaða fangelsisdóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir manni sem játaði brot á fíkniefnalöggjöfinni og vopnalögum. Hann neitaði hins vegar ákæru um hylmingu, en hann er sagður hafa tekið við haglabyssu sem hann vissi að var illa fengin.

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari skilaði séráliti og taldi að senda ætti málið aftur heim í hérað til meðferðar, þar sem maðurinn hafi þar verið látinn játa alla ákæruliði í einu, í stað þess að bera þá undir hann einn af öðrum. Manninum hafi ef til vill ekki verið ljóst að hann hafi þá verið að játa á sig hylminguna.

Maðurinn rauf með brotum sínum skilorð fyrri dóms sem dæmdur var með. - óká

Bensen-ófögnuðurinn kominn til Khabarovsk í Síberíu:

# Borgarbúar hvattir til að halda ró sinni

**KHABAROVSK, AP** Eiturflekkurinn sem íbúar Khabarovsk hafa beðið eftir í sex vikur hefur loksins náð til borgarinnar. Yfirvöld segja íbúunum að ekkert sé að óttast.

Eitrið kemur úr kínverskri efnaverksmiðju sem sprakk í síðasta mánuði en þá láku um hundrað tonn af benseni út í fljótið sem borgin stendur við. Það var hins vegar ekki fyrr en í gærmorgun sem borgarstarfsmenn urðu varir við bensenmengun í Amur-ánni og því voru viðvaranir gefnar út í kjölfarið.

Ekki eru áform um að skrúfa fyrir neysluvatn til borgarbúa en engu að síður hafa heilbrigðiseftirlitsmenn sagt við þá að kranavatns sé ekki óhætt að neyta. Því hefur fólk hamstrað vatn í stórum stíl og fyllt alla koppa og kirnur af hreinu vatni til að eiga á meðan 180 kílómetra langur flekkurinn líður hjá borginni. Talið er að eiturgumsið verði farið hjá eftir fjóra daga en áhrifanna getur þó orðið vart mun lengur.

Sumir þeirra sem búa í borginni virðast hins vegar ekki kippa sér mikið upp við ófögnuðinn í fljótinu því fréttaritari AP-fréttastofunnar gekk fram á gamalt fólk sem veiddi sér til matar úr ánni í gær og kvaðst jafnvel ætla að selja aflann. - shg



**VATN ÚR VÖK** Göt voru boruð á ísinn á nálægum vötnum og hafa íbúarnir sótt sér vatn úr þeim af miklum móð undanfarna daga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Þorláksmessu skatan

Verð frá: 399.-

Ekta góður saltfiskur

Hnoðmör hamsatólg kartöflur

Gleðileg jól

Fiskbúðin Hafrún
Skipholti 70
Sími 553 0003

Fiskbúðin Árbjörg
Hringbraut 119
Sími 552 5070

Fiskbúðin Vör
Höfðabakka 1
sími 587 5070


Unglingadeild SÁÁ styrkt:

## 400 þúsund í félagsstarf

**GJÖF** Unglingadeild SÁÁ veitti á mánudag viðtöku 400 þúsund króna styrk frá Fulltrúaráði verkalýðsfélaganna.

Styrknum verður varið til eflingar félagsstarfs fyrir unglinga í meðferð hjá samtökunum.

Árlega koma á þriðja hundrað ungmenna undir tvítugu í meðferð hjá SÁÁ og með þeim er unnið fjölþætt tómstundastarf sem fjármagnað er með frjálsum framlögum. - sh

### HÆSTIRÉTTUR

**Gæsluvarðhald stytt** Hæstiréttur hefur stytt gæsluvarðhaldsúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Albana, sem grunaður er um að hafa myrt mann í Grikklandi á jóladag í fyrra, um ellefu daga. Maðurinn bíður þess að vera framseldur til Grikklands og hafði verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til þrettánda janúar. Hæstiréttur kvað hins vegar á um hálfsmánaðar gæsluvarðhald, sem lýkur 2. janúar.

### LEIÐRÉTTING

Í Fréttablaðinu í gær kom fram skekkja í samanburði. Þar voru heildarlaun embættismanna eftir tvær launahækkanir um mitt ár 2005 og næstu áramót sett upp með grunnlaunum þeirra eftir launahækkunina 1. janúar 2005. Þar hefði að sjálfsögðu átt að birta heildarlaunin.

Rétt er að forseti Hæstaréttar hafði 858.031 krónu í heildarlaun fyrir ári síðan, hæstaréttardómarar 776.589 krónur, ríkissaksóknari 776.589, ríkissáttasemjari 797.770, ríkisendurskoðandi 797.770, biskup Íslands 725.626, dómstjórinn í Reykjavík 743.418, aðrir dómstjórar 669.597, héraðsdómarar höfðu 608.725 og umboðsmaður barna hafði 554.617 krónur í heildarlaun.



JÓLAPAKKAR OFFICE 1
PARTY & CO
FRÁBÆRT VERÐ 3.775,-
THE Sudoku GAME
Challenge yourself... or others!
FRÁBÆRT VERÐ 1.375,-
Trivial Pursuit
20 ÁRA AFMÆLISÚTGÁFA
20 ár með Trivial
FRÁBÆRT VERÐ 4.975,-
Sprengju tilboð!
Hámark 3 spil á mann.
DER HERR DER RINGE DIE ZWEI TÜRME
99,-
HRINGADRÓTTINS SPILIÐ
ZATRE
FRÁBÆRT VERÐ 499,-
LOTUS
FRÁBÆRT VERÐ 499,-
LUXOR
FRÁBÆRT VERÐ 499,-
AFMÖRKUÐ STUND
INGÓLFUR MARGEIRSSON
John Lennon
Ævisaga
HERRA ROKK
LÍKAMI fyrir LÍFIÐ fyrir konur
DR. PAMELA PEEKE
TÍMI NORNARINNAR
ÁRNI ÞÓRARINSSON
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM JÓLABÓKUM
3 FYRIR 2*
af öllum jólapappír, pakkaböndum og jólamerkimiðum
gildir til jóla
Afgreiðslutímar verslana!
Office 1 Smáralind
22. desember 10-22
23. desember 10-23
Aðfangadag 10-13
Office 1 Skeifunni 17
22. desember 9-20
23. desember 9-23
Aðfangadag 9-12
Office 1 Akureyri og Ísafirði
22. desember 10-22
23. desember 10-23
Aðfangadag 10-12
Egilsstöðum
22. desember 10-22
23. desember 10-23
Aðfangadag 10-12
Office 1 Superstore
Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is
*Kaupir þrjár vörur á 3 fyrir 2 tilboði. Ódýrasta varan fylgir frítt með.
Verð geta lækkað án fyrirvara
Tilboðin gilda til jóla eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur. Umbrot: Basecamp.




Fólki er ráðlagt að stilla neyslu á söltum og reyktum mat í hóf yfir hátíðirnar:

# Fjölbreytni í mat borgar sig

**JÓLAMATUR** „Ég tel ráðlegt að stilla neyslu á reyktum og söltum mat í hóf yfir hátíðirnar," segir Hólmfríður Þorgeirsdóttir, verkefnisstjóri næringar hjá Lýðheilsustöð. Hólmfríður segir engin sérstök boð eða bönn í gildi varðandi jólamatinn.

„Við þurfum ekki að hafa stórar áhyggjur þrátt fyrir að við bregðum lítillega út af vananum og við borðum það sem okkur langar á jólunum," segir Hólmfríður. „Hins vegar hefur umfang sífellt verið að aukast, og nú er svo komið að desembermánuður er oft undirlagður af jólahlaðborðum og fleiru."



Hólmfríður bendir fólki á að lykilatriði sé að borða fjölbreyttan mat yfir hátíðirnar auk þess að stilla magninu í hóf. „Það er í raun bara eins með jólamatinn og annað, fjölbreytni borgar sig alltaf," segir hólmfríður. „Ég ráðlegg jafnframt fólki að borða nóg af grænmeti og ávöxtum með öðru."

Mataræði íslendinga yfir hátíðarnarnar samanstendur oft af reyktum og söltum mat. - ht

**FJÖLBREYTTUR MATUR** Mikilvægt er að borða fjölbreyttan mat á jólununum, þar á meðal grænmeti og ávexti.



**MINNI NIÐURSKURÐUR** Afli dagsins halaður um borð í spænska fiskiskipið Nuevo San Cibran undan strönd Galisíu á Spáni í vikunni. Á ráðherrafundinum í Brussel var ákveðið að draga minna úr veiðum í lögsögu ESB en fiskifræðingar mæltu með NORDICPHOTOS/AFP

# Lítið dregið úr veiðum þvert á hættumerki

**Ákvörðun sjávarútvegsráðherra Evrópusambandsins um fiskveiðikvóta næsta árs sætir gagnrýni fyrir að stefna þorskstofni Norðursjávar í hrun.**

**BRUSSEL, AP** Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandsríkjanna náðu í gærmorgun samkomulagi um heildarkvóta sem heimilt verður að veiða í lögsögu þeirra á næsta ári. Samningafundur ráðherranna hafði staðið síðan á þriðjudag. Þeir sömdu um mun minni niðurskurð kvóta og sóknardaga en fiskifræðingar höfðu mælt með.

Ráðherrarnir ákváðu að minnka þorskkvótann á flestum miðum um þau 15 prósent sem reglur sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar leyfa að hámarki. Hins vegar var sóknardögum togara sem gera út á þorskveiðar – aðallega frá Skotlandi – aðeins fækkað um 5 prósent í stað þeirra 15 prósenta sem framkvæmdastjórn ESB hafði lagt til.

Fiskifræðingar Alþjóðahafrannsóknastofnunarinnar Ices höfðu mælst til þess að engar þorskveiðar yrðu leyfðar í Norðursjó á næsta ári vegna ískyggilegs ástands stofnsins þar. Eftir að ákvörðun ráðherranna lá fyrir lýsti talsmaður alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna WWF því yfir að hún jafnaðist á við dauðadóm yfir þorskstofninum í Norðursjó.

„Það er ekkert vit í því að heimila veiðar úr stofni sem er hruninn," sagði talsmaðurinn, Charlotte Mogensen. „Nú er ljóst að þorskurinn á sér ekki viðreisnar von og þetta er aðeins sá fyrsti af mörgum fiskistofnum sem við erum að tapa vegna óstjórnar."

Joe Borg, sjávarútvegsstjóri ESB, sagði hins vegar að samkomulagið væri „viðunandi". Mjög hafði verið þrýst á hann af hagsmunaaðilum að halda öllum miðum opnum og hafa kvótaniðurskurðinn sem minnstan. Breski ráðherrann Ben Bradshaw, sem stýrði ráðherrafundinum þar sem Bretar gegna formennskunni í ESB til áramóta, sagði niðurstöðuna góða. „Ég tel að þetta samkomulag muni stuðla að vernd fiskistofna og lífríkisins í hafinu og stuðla jafnframt að tryggri framtíð sjávarútvegsins," hefur fréttavefur BBC eftir honum.

Svíar sátu hjá við afgreiðslu samþykktarinnar, einir ESB-þjóðanna 25. „Það er skylda okkar gagnvart komandi kynslóðum að gera það sem í okkar valdi stendur til að afstýra hruni þorskstofnsins í Eystrasaltinu. Þetta er ábyrgðarlaus ákvörðun," sagði Ann-Christin Nykvist, ráðherra landbúnaðar- og sjávarútvegsmála í sænsku ríkisstjórninni. - aa

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins á Akureyri fyrir bæjarstjórnarkosningarnar í vor:

# Kristján Þór vill leiða listann

**SVEITARSTJÓRNARKOSNINGARNAR** Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, hefur ákveðið að gefa kost á sér til að leiða framboðslista Sjálfstæðisflokksins á Akureyri í bæjarstjórnarkosningunum að vori.

Þar með segist hann þó ekki útiloka þátttöku í landsmálunum en margir hafa hvatt hann til að gefa kost á sér til setu á Alþingi í þingkosningunum 2007. „Ég hef alla tíð haft áhuga á að takast á við ný og ögrandi verkefni á pólitískum vettvangi. Meðan sá áhugi er fyrir hendi þá útiloka ég ekki neitt það viðfangsefni sem kjósendur og stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins kunna að fela mér í framtíðinni," segir Kristján.

Sjálfstæðismenn á Akureyri ganga til prófkjörs 11. febrúar næstkomandi en nú þegar er ljóst að töluverð endurnýjun verður á meðal efstu manna. Þóra Ákadóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, skipaði annað sæti á lista flokksins í síðustu kosningum en hún gefur ekki kost á sér í prófkjörinu og Þórarinn B. Jónsson hefur ákveðið að rýma til fyrir nýju fólki og stefna á fimmta sæti í stað þriðja sætis. - kk



**BÆJARSTJÓRINN Á AKUREYRI** Kristján Þór Júlíusson leiddi lista sjálfstæðismanna á Akureyri í síðustu kosningum og óskar nú eftir endurnýjuðu umboði.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • Mynd: Gunnar Karlsson
Það vilja allar mömmur kyssa jólasveininn okkar!
ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR
PEPSI
MAX



30-40%
af ÖLLU reyktu jólakjöti
HÓLA
HANGILÆRI
HANGIFRAMPARTUR
30%
1.189 kr./kg.
m/ afslætti
30%
1.399 kr./kg.
m/ afslætti
SS
HAMBORGARHRYGGUR
BIRKIREYKT OG ÚRBEINAÐ
HANGILÆRI OG FRAMPARTUR
30%
1.198 kr./kg.
m/ afslætti
KRÓNU
HAMBORGARHRYGGUR
30%
999 kr./kg.
m/ afslætti
30%
1.894 kr./kg.
m/ afslætti
SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / HÖFN / ÞORLÁKSHÖFN
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 12-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13
Þorláksmessa 11-23 aðfangadagur 10-13

# KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI

# AFSLÁTTUR

## í dag Þorláksmessu




MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## „ORÐRÉTT“

### Góðar kveðjur

**„Toyota-umboðið verður áfram í góðum höndum. Morgunblaðið þakkar Páli Samúelssyni og fjölskyldu hans góð samskipti í áratugi.“**

INNHERJI Í MORGUNBLAÐINU.

### Hvorki meira né minna

**„Ég fordæmi Kjaradóm og það er lífsnauðsynlegt að koma í veg fyrir að úrskurður hans nái fram að ganga.“**

EINAR ODDUR KRISTJÁNSSON ALÞINGISMAÐUR Í FRÉTTABLAÐINU

*nær og fjær*
# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** KRISTÍN JÓHANNESDÓTTIR SKÓLASTJÓRI KVIKMYNDASKÓLANS

## Sárvantar umræðu um kvikmyndagerð



„Það var látið reyna á þolrifin,“ segir Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Kvikmyndaskóla Íslands, sem útskrifaði tíu nemendur við hátíðlega athöfn í Háskólabíó síðasta laugardag. „Það var unnið hörðum höndum enda miklar þrautir lagðar fyrir nemendur og ég held það hafi skilað sér í heildstæðri fallegri niðurstöðu. Ég held ég geti hiklaust sagt að þetta hafi verið góður árgangur.“ Kristín hefði þó gjarnan viljað sjá meiri umfjöllun um útskriftina. „Fleiri blaðamenn hefðu mátt láta sjá sig. Það væri eðlilegt að fylgst væri nánar með framtíðarleikstjórum landsins,“ segir Kristín nokkuð hvöss og blaðamaður spyr skömmustulega hver áhuginn sé fyrir skólanum. „Hann er í mikilli aukningu nýlega. Við tökum inn tólf manns tvisvar á ári og er um tveggja ára nám að ræða.“

Því næst berst talið að þeim íslensku kvikmyndum sem sýndar verða á næstunni. „Ég er alltaf óskaplega spennt þegar nýjar íslenskar kvikmyndir koma í sýningu, það er í raun alltaf gríðarlegur atburður. Það er ör þróun sem ég sé í íslenskri kvikmyndagerð og landslagið er í mikilli mótun um þessar mundir. Umræða um innlendu kvikmyndagerðina er svo ekki síður mikilvæg, kvikmyndagerðarmennirnir verða að fá viðbrögð og gagnrýni.“

„Almennri umræðu um alla kvikmyndagerð er í raun ábótavant hjá okkur,“ heldur Kristín áfram og nú hitnar henni í hamsi. „Sérstaklega í ljósi þeirrar einhæfni og fábreytni sem hér ríkir í kvikmyndahúsum. Það er eina sem boðið er upp á er amerískt efni, og meira að segja mjög takmarkað brot af því sem þar er framleitt. Þetta er nánast skaðræði og mjög alvarlegt mál orðið. Drepur niður alla frjóa og frumlega hugsun og nú á ég ekki einungis við í kvikmyndagerð. Ég er að tala um uppeldið, þetta mikla fjöldasköpunarsvið hefur áhrif út í þjóðfélagið, á frumleika í viðskiptum og iðnaði og svo framvegis. En ég gæti nú talað heilsíðu grein um þetta,“ segir Kristín og hlær.



**SALMANN TAMIMI** Óskar öllum gleðilegra jóla, óháð trú þeirra.

Múslimar á Íslandi:
## Gleðjast og taka þátt

„Við gleðjumst og tökum þátt í jólahátíðinni með kristnum bræðrum okkar, engin spurning,“ segir Salmann Tamimi, formaður félags múslima á Íslandi.

„Ég veit um fjölmargar múslimafjölskyldur sem setja upp skraut og gefa gjafir á þessum tíma. Það hefur bara ekkert með trúna að gera hjá okkur. Það er fullvel vitað að Jesús, sem einnig er okkar spámaður, fæddist ekki þennan dag. En ef kristnir vilja koma saman í fögnuði er ekkert því til fyrirstöðu að múslimar fagni með. Sjálfur er ég fæddur og uppalinn í Jerúsalem og hef búið með kristnu fólki allt mitt líf og þykir því ekkert eðlilegra,“ segir Salmann sem þvertekur fyrir að til árekstra komi um jólin hjá íslömskum Íslendingum og kristnum.

„Þetta snýst að miklu leyti um ljósin og fegurðina í skammdeginu. Svo dregst maður jafnvel dálítið inn í neyslugeðveikina sem fylgir þessu. Í því sambandi er þó mikilvægast að huga að þeim sem minna mega sín og þeirra sem eru einir yfir jólin, það getur verið erfitt hlutskipti.“ **- dac**

# Jólahaldið sameinar þjóðina

**Séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur segir Íslendinga geta stutt þurfandi enn betur en nú er gert og sér ekki ástæðu til að ergja sig á jólasveinum, sem hann segir hluta jólaflórunnar.**



**SÉRA HJÁLMAR JÓNSSON DÓMKIRKJUPRESTUR** er ánægður í aðdraganda jólanna þótt hann honum finnist að ýmsu mega huga. Hann kennir jólunum sjálfum ekki um neyslumenningu þjóðarinnar og óskar landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar.

Hjálmar segir kirkjustarfið hafa verið líflegt á aðventunni. „Eftirvæntingin eftir jólunum hefur að sjálfsögðu verið áberandi í öllu en samt sem áður er aðventan góður tími út af fyrir sig. Íslendingar eru mjög einhuga í því að halda gleðileg jól eiginlega alveg óháð því hvaða áherslur þeir hafa að öðru leyti í lífi sínu. Fátt sameinar þjóðina eins vel og jólahaldið.“

Hjálmar er ekki andsnúinn jólasveinum frekar en öðrum jólahefðum. „Jólasveinar eru hluti af umgjörð og ímynd jólanna. Ég sé ekki ástæðu til að fjargviðrast út af þeim. Þetta er bara hluti af flórunni og maður hlýtur að sýna því umburðarlyndi. Þeir vilja fyrst og fremst gleðja,“ segir hann og finnur fyrir gleðinni í jólamánuðinum.

„Ég skynja meiri gleði í kringum jólin og mér finnst vera minna um vandamál. Fólk leyfir sér kannski að gleyma þeim um stundarsakir eða yfirstígur þau jafnvel.“

En ekki hafa það allir jafngott. „Það kemur auðvitað til mín fólk sem á sannarlega í erfiðleikum,“ segir Hjálmar og bætir við að það sé þó jákvætt þegar fólk er tilbúið að leita aðstoðar. „Svo eru aftur hinir sem eru of stoltir til að leita til nokkurs manns með erfiðleika sína. Það er kannski sárast að ná ekki með stuðninginn til þess fólks.“

Hjálmar segir okkur ekki mega gleyma þeim bágstaddari á gleðitímum. „Mér eru eftirminnilegar ferðir sem ég fór til þróunarlanda fyrr á árinu. Eftir slíkt verður maður aldrei samur. Íslendingar eru duglegir og kraftmiklir og standa sig vel en við mættum nota meiri hluta af okkar velsæld og efnum til að hjálpa öðrum þjóðum sem standa okkur langt að baki,“ segir presturinn en vill þó ekki útvega fólki samviskubit.

„Ríkidæmi okkar sem þjóðar er ekki tekið af öðrum og það er ekki okkur að kenna að aðrar þjóðir standa okkur að baki en við gætum hins vegar og ættum að leggja meira af mörkum.“

Jólaundirbúningur Hjálmars hefst ekki í lok október með auglýsingum stórverslana og jólaskapið lætur ekki á sér kræla fyrr en í upphafi aðventu. Þrátt fyrir að margir leggi sitt lóð á vogarskálarnar til að gera jólin að einskonar neyslusvalli þá er honum jafnhlýtt til hátíðar ljóss og friðar eftir sem áður.

„Auðvitað eru einhverjir sem kunna sér aldrei hóf – kunna ekki að stilla sig og kunna ekki fótum sínum forráð – en það er ekki jólunum sjálfum að kenna,“ segir Hjálmar. Hann segir okkur þó almennt vel í stakk búin til að takast á við hátíðina. „Mér virðist sem við séum bærilega vel undirbúin undir að eiga góð, friðsæl og falleg jól.“

Að lokum biður Hjálmar Íslendinga vel að lifa og segir mikilvægt að þeir njóti samvista hver annars yfir hátíðirnar. „Ég vil óska þess að allir eigi gleðileg og heilög jól – að fólk finni sjálft sig og njóti þess sem það á í samfélagi hvert við annað. Við erum í sífelldri snertingu við fólk í kringum okkur og lifum lífi okkar svo mikið í gegnum annað fólk. Við erum eins og lítil fjölskylda og það er alveg frábært hvað við erum samstillt gagnvart jólunum.“ **stigur@frettabladid.is**




Vottar Jehóva og jólahátíðin:
# Jólin koma lítið við okkur

„Engin breyting er gerð á safnaðarstarfi hjá okkur, ef samkomu ber upp á aðfangadag höldum við hana eins og hvern annan dag“, segir Svanberg K. Jakobsson kynningarfulltrúi Votta Jehóva, sem ekki halda jól.

„Jólin eru jú upprunalega heiðin hátíð eins og allir vita, ekki er minnst einum staf á það í Biblíunni hvenær Kristur fæddist. Þar er hvergi minnst á að fæðingardegi hans skuli fagnað.“

Vottar Jehóva eiga margir hverjir ættingja sem halda jólin hátíðleg, en Svanberg segir enga árekstra verða þess vegna. „Við fettum ekki fingur út í þá sem halda jól, alls ekki. Hver gerir eins og honum þykir best. Þetta kemur í raun lítið við okkur, Ég fæ oft að heyra að ég sé heppinn að sleppa við stressið,“ segir Svanberg og brosir. „Börnunum reynist þetta erfitt en við reynum að fyrirbyggja það með góðri uppfræðslu. Útskýrum hvers vegna við höldum ekki jól svo þau geti svarað spurningum félaganna. Fólk má ekki halda við gerum okkur ekki glaðan dag þó það sé ekki í tengslum við jól og afmæli. Eins gefum við börnunum okkar gjafir, þó það beri ekki upp á þessa daga.“



**SVANBERG K. JAKOBSSON**
Fær oft að heyra að hann sé heppinn að sleppa við jólastressið.

# UPPSELDUR




## ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

# hjálpum þeim

Íslenska þjóðin hefur svarað neyðarkallinu frá Pakistan.
Geisladiskurinn Hjálpum þeim er **uppseldur.**
Íslenskt tónlistarfólk sem tók þátt í Hjálpum þeim þakkar frábær viðbrögð.

DV hagar sagafilm

**Nýtt upplag væntanlegt**

## Svona erum við

> Svona skiptist Ísland




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** SURTSEY Á HEIMSMINJASKRÁ

# *Einstakt náttúrulegt gildi*

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í vikunni að ríkisstjórn Íslands hefði samþykkt að tilnefna Surtsey á heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

**Hvað er heimsminjaskrá UNESCO?**
Heimsminjaskrá UNESCO er skrá yfir staði sem þykja hafa einstakt menningarlegt eða náttúrulegt gildi. Þess er krafist að staðirnir búi við ströng verndunarskilyrði, séu friðlýstir eða lögbundnir þjóðgarðar. Starfsemin miðar að því að standa vörð um þessa staði og tryggja það að ekkert komi fyrir þá. Yfirleitt hefur það mjög góð áhrif á ferðamannastraum til staða að vera samþykktir inn á listann.



**Hvaða staðir eru í skránni?**
Í dag eru 812 staðir víðs vegar um heiminn í skránni. Í henni er meðal annars að finna Stóra kóralrifið við Ástralíu, Angkor í Kambódíu, Frelsisstyttuna í New York, útrýmingarbúðirnar í Auschwitz, Kínamúrinn, Vatíkanið og Þingvelli.

**Hvers vegna ætti Surtsey að vera gjaldgeng í skrána?**
Til að fá samþykkt inn á listann þarf staður að uppfylla að minnsta kosti eitt af tíu skilyrðum sem UNESCO leggur til grundvallar. Eitt skilyrðið tekur til staða þar sem sjá má mikilsverða yfirstandandi jarðfræðilega landslagsþróun. Surtsey er enn yngsta landsvæði á jörðunni og því nokkuð ljóst að það fellur í þennan flokk staða.

## SPURT & SVARAÐ

MATVÆLARANNSÓKNIR



**HALLDÓR JÓHANNSSON**
Framkvæmdastjóri KEA.

### *Myndi efla Akureyri*

Stjórnendur KEA hafa lýst yfir áhuga á að fá matvælarannsóknarstofnun sem fyrirhugað er að setja á fót til Akureyrar og taka þátt í uppbyggingu hennar. Halldór Jóhannsson er framkvæmdastjóri KEA.

**Hvers vegna teljið þið Akureyri heppilegan stað fyrir matvælarannsóknarstofnun?**
Fyrst og fremst er hér heppilegt rannsóknaumhverfi. Við höfum háskóla og allir innviðir eru ákjósanlegir.

**Af hverju hefur KEA sérstakan áhuga á að koma að slíkri stofnun?**
Við viljum hjálpa verkefninu. Það liggur fyrir að matvælastofnunin eigi að verða hlutafélag þannig að það gefur væntanlega opna möguleika á fjárfestingum ef KEA hefur áhuga á þátttöku. Það er auðvitað allt háð þeim forsendum að það liggi fyrir hvernig rekstri þessarar stofnunar verður hagað, sem við höfum engar upplýsingar um.

**Teljið þið að það myndi styrkja stöðu KEA á markaði?**
Við teljum aðallega að það myndi efla svæðið. Það sem vakir fyrst og fremst fyrir okkur er að hér fjölgi störfum og að hér vaxi opinber störf.

# Beðið ákvörðunar ráðherra um Norðlingaölduveitu

**Milli jóla og nýárs ætlar Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra að kveða upp úrskurð um Norðlingaölduveitu sem getur haft afgerandi áhrif á framkvæmdir í námunda við Þjórsárver, eitt verðmætasta friðland þjóðarinnar.**



**SÉÐ YFIR ÞJÓRSÁRVERIN** Umdeildar framkvæmdir eru fyrirhugaðar skammt utan friðlands Þjórsárvera. MYND/LANDSVIRKJUN

Fastlega er búist við því að Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra taki afstöðu í ágreiningsmáli um friðun og virkjunarframkvæmdir við Norðlingaölduveitu sunnan Hofsjökuls í næstu viku.

Í bréfi Skipulagsstofnunar 25. október síðastliðinn er lagt til við umhverfisráðherra að hann synji staðfestingar á breytingartillögum samvinnunefndar miðhálendis á svæðisskipulagi sem lýtur að Norðlingaölduveitu.

Skipulagsstofnun taldi að samvinnunefnd miðhálendis hefði breytt auglýstri tillögu sinni á svæðisskipulaginu þannig að ekki væri gert ráð fyrir set- og veitulónum suðaustan Hofsjökuls og mannvirkjum tengdum þeim. Stofnunin telur að með þessari breytingu hafi samvinnunefnd miðhálendis breytt auglýstri tillögu sinni í grundvallaratriðum.

### Vernd og nýting

Vandi umhverfisráðherra er nokkur og þykir málið á ýmsa lund áhugavert, ekki síst í lagalegu tilliti. Bent hefur verið á að í lögum um raforkuver frá 1981 felist heimild fyrir Landsvirkjun að reisa og reka vatnsmiðlun við Norðlingaöldu í samræmi við síðari skilyrði í úrskurði Jóns Kristjánssonar, setts umhverfisráðherra, frá 30. janúar 2003.

Umhverfisverndarsinnar fögnuðu úrskurði setts umhverfisráðherra. Náttúruverndarsamtök Íslands töldu þakkarvert að ráðherrann skyldi gera það að skilyrði að framkvæmdir við Norðlingaölduveitu hefðu ekki áhrif innan friðlands Þjórsárvera.

Áhugahópur um verndun Þjórsárvera sendi til að mynda forystu Framsóknarflokksins bréf í apríl 2003 þar sem skorað var á stjórnvöld að virða úrskurðinn. Þótti veigamikið að í úrskurðinum miðaðist hæsta borð lónsins við 566 metra yfir sjávarmáli. Hópurinn átaldi að á sama tíma ynni Landsvirkjun að útfærslu þar sem gert var ráð fyrir að hæsta borð yrði allt að 568,5 metrar yfir sjávarmáli, en við það yrði lónið mun stærra.

Í bréfinu sagði orðrétt: „Verði lónhæðin ekki sú sem gengið var út frá þegar úrskurðurinn var kynntur, 566 metrar yfir sjávarmáli, er verið að blekkja almenning og engin sátt um hann með augljósum ófriði og afleitri niðurstöðu fyrir land og fólk.“

### Mismunandi verðmætamat

Þjórsárver eru talin eitt verðmætasta svæði landsins frá sjónarhóli náttúruverndar. Í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma á liðlega 40 svæðum á landinu eru Þjórsárver talin verðmætust svæða, meðal annars vegna tegundafjölbreytni og gróðurfars. Í úrskurði Jóns Kristjánssonar þótti tekið tillit til alþjóðlegra skuldbindinga um verndun votlendis og verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra. Segja má að í úrskurðinum hafi friðlýsing Þjórsárvera verið viðurkennd.

Eins og vænta má horfir Landsvirkjun til hámarksnýtingar virkjunarkosta og rekstrarhagkvæmni vatnsaflsvirkjana. Það liggur í hlutarins eðli, að því hærri stíflur og því hærra sem vatnsborð miðlunarlóns má vera yfir sjávarmáli, þvi meiri er vatnsforðinn og þar með orkuframleiðslan og rekstraröryggið. Af þessum sökum koma umhverfismál inn á borð orkufyrirtækisins.

### Norðlingaölduveitu mótmælt

Í lögboðinni kynningu skipulagstillagna um svæðið sunnan Hofsjökuls sneru nær allar athugasemdir að Norðlingaölduveitu. Þess ber að geta, að í úrskurði Jóns Kristjánssonar frá árinu 2003 var gert ráð fyrir mótvægisaðgerðum utan friðlandsins með setlóni norðaustan Þjórsárvera en suðaustan Hofsjökuls.

Í bréfi samvinnunefndar hálendisins 12. ágúst síðastliðinn segir að í auglýstri tillögu hafi nefndin gert tillögu um nýtt orkuvinnslusvæði við Hágöngur sem mótvægisaðgerð. Engar athugasemdir bárust vegna þeirrar tillögu en 140 mótmæli vegna Norðlingaölduveitu.

Með bréfinu frá 12. ágúst síðastliðinn samþykkir samvinnunefndin auglýstar tillögur að því undanskildu að hún fellur frá því að heimila gerð veitu- og setlóna suðaustan Hofsjökuls. Með þessu fráviki taldi samvinnunefndin að komið væri til móts við samþykktir heimamanna í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og einungis um svo breytta tillögu væri samstaða í nefndinni.

Skipulagsstofnun telur að með þessu hafi samvinnunefndin breytt auglýstri tillögu í grundvallaratriðum og því beri að auglýsa svo breytta tillögu á nýjan leik.

Fastlega er búist við ákvörðun Sigríðar Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra fyrir lok næstu viku en fyrir henni liggur tillaga Skipulagsstofnunar um að hún synji staðfestingar á þeim hluta skipulagssvæðis miðhálendisins sem lýtur að Norðlingaölduveitu.

Líkur á að hún fallist ekki á breytingar samvinnunefndar miðhálendisins verða að teljast meiri en minni.



**ÓSKAR BERGSSON FORMAÐUR SAMVINNUNEFNDAR MIÐHÁLENDIS** Ekki varð samstaða í nefndinni um set- og veitulón suðaustan Hofsjökuls.



**SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR, UMHVERFISRÁÐHERRA** Synjar hún staðfestingar á breytingartillögum samvinnunefndar miðhálendis?



FRÉTTASKÝRING
**JÓHANN HAUKSSON**
johannh@frettabladid.is






# TIL: ÁSKRIFENDA
# FRÁ: DV



## SIRKUS OG HÉR&NÚ FYLGJA ÁSKRIFT AÐ DV

Stútfullur sportpakki á mánudögum, viðtöl, lífsstíll, viðskipti, sakamál, skoðanaskipti, léttar fréttir, ögrandi fréttir. Á fimmtudögum fylgir Hér&nú DV með glóðvolgar fréttir af fræga fólkinu. Sirkus kemur sterkur inn á föstudögum með allt um menningar- og skemmtanalífið. Helgarblaðið endist þér svo langt fram á sunnudagskvöld!

Með einu símtali í **550 5000** færðu allt þetta – og miklu meira á aðeins **2.400 kr. á mánuði.**

DV

ÞORIR ÞEGAR AÐRIR ÞEGJA!

# Ætlar ekki að erfa málið við Árna

**Valgerður H. Bjarnadóttir, fyrrverandi framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir málaferlin vegna brottvikningar hennar úr starfi á sínum tíma, hafa legið þungt á sér undanfarin ár. Að sama skapi segir hún niðurstöðu Hæstaréttar mikinn létti og sigur. Hún ætlar ekki að erfa málið við Árna Magnússon félagsmálaráðherra.**

Miklar umræður hafa spunnist að undanförnu um þá niðurstöðu Hæstaréttar að dæma Árna Magnússon sekan um valdníðslu þegar hann vék Valgerði H. Bjarnadóttur úr starfi forstöðumanns Jafnréttisstofu árið 2003. Hann var jafnframt dæmdur fyrir að meiða persónu og æru Valgerðar og ríkinu gert að greiða henni sex milljónir króna í skaðabætur. Valgerður segir dóminn draumaniðurstöðu; kröfur hennar hafi verið tvíþættar, annars vegar um ólögmæta gjörð og hins vegar bætur fyrir launamissi þar sem aldrei hafi verið gengið frá formlegum starfslokasamningi við hana. „Ég þorði satt að segja ekki að vona að hvort tveggja fengist í gegn. En það er gott að fá peningana; það er alltaf kærkomið þegar maður hefur orðið fyrir launamissi," segir hún.

### Allur vindur úr henni

Ofan í kaupleysið ef svo má segja segir Valgerður að undanfarin tvö og hálft ár hafi verið sér erfið og eftir á að hyggja hafi þetta allt verið sér meira áfall en hún gerði sér grein fyrir og hún sjái nú að það er ýmislegt sem hún hefur ekki treyst sér til að gera vegna óöryggis. „Ég hef einhvern veginn ekki náð mér almennilega á strik með að fara að gera eitthvað. Fljótlega eftir að ég hætti hjá Jafnréttisstofu var eiginlega allur vindur úr mér."

### Óheppileg staða

Hluti af umræðunni undanfarnar vikur hefur snúist um viðbrögð ráðherrans og háværar raddir hafa heyrst um að hann gerði réttast í að segja af sér vegna þessa. Valgerður segist ekki leggja neitt mat á þær kröfur, telur sig of nátengda málinu til að hafa beina skoðun á því hvað ráðherrann eigi að gera. „Hins vegar get ég sagt að ef hann væri samkvæmur sjálfum sér, þá ætti hann að sjá að þessi staða er afar óheppileg fyrir ráðuneytið, eins og hann orðaði það við mig sjálfur á sínum tíma, að staða mín væri afar óheppileg fyrir Jafnréttisstofu," segir Valgerður.

### Neyddist til að hætta

Hún segir ráðherrann ekki hafa haft neitt samband við sig eftir að dómur féll og raunar hafi hún ekkert heyrt frá honum eftir hinn örlagaríka fund þeirra um mitt ár 2003.

Hvernig sá fundur þróaðist kom henni mjög í opna skjöldu segir hún. „Eftir það sem á undan var gengið í „leikhúsmálinu" svokallaða, þar sem við höfðum fengið tvær niðurstöður; aðra frá kærunefnd jafnréttismála og hina frá héraðsdómi, vildi ég tala við ráðherrann minn um það hvernig við tækjum á þessari stöðu sem upp var komin. Mér fannst þetta draumaprófverkefni að takast á við og var með bréf meðferðis þar sem stóð skýrum stöfum að ég ætlaði ekki að segja af mér heldur takast á við vandann. En ég var varla sest þegar Árni segir að hann vilji að ég hætti og hann las ekki einu sinni bréfið. Ég sá hins vegar, eftir að hann lýsti vantrausti á mig, að það var ógjörningur fyrir mig að halda áfram störfum. En ég var aldrei sátt við að hætta, ég vildi ekki hætta heldur neyddist til þess."



VALGERÐUR H. BJARNADÓTTIR Segir mikilvægt að Árni Magnússon viðurkenni fyrir sjálfum sér og öðrum að hann hafi gert mistök. Hún hyggst ekki erfa málið við ráðherrann.

### Ekkert siðleysi

Starfslok hennar komu reyndar til umræðu á fundinum með ráðherra en Valgerður segist ekki hafa viljað skrifa undir neina samninga án þess að ráðfæra sig við lögfræðing. „Ef ég hefði haft minnsta grun um að svona færi á þessum fundi, hefði ég haft lögfræðing með mér. Það hvarflaði aldrei að mér að þessi staða kæmi upp á fundinum," segir hún.

Aftur á móti segir hún ljóst að Árni hafi verið ákveðinn í að taka af skarið því hann hafi strax talað um að hún fengi sex mánaða laun. Og þá ber þess að geta að um líkt leyti og þetta gerist var nýbúið að ganga frá starfslokasamningi upp á 20 milljónir króna við fráfarandi forstjóra Byggðastofnunar sem hafði aðeins verið skamma hríð í starfi. „Árni tók sérstaklega fram að hann ætlaði ekki að gera sömu vitleysu í þessum efnum og hefði verið gerð í öðrum ráðuneytum. Og ég spurði þá hvort hann ætti við starfslokasamning forstjóra Byggðastofnunar og hann játti því og sagðist ekki taka þátt í slíku siðleysi."

### Sex mánaða laun eða ekkert

Valgerði voru síðan aftur boðin sex mánaða laun nokkru síðar en hún vildi enn ekki skrifa undir slíkan samning. „Eftir að ég og lögmenn mínir höfðum farið yfir málið gerðum við ítrekaðar tilraunir til að ná tali af ráðherranum vegna starfslokanna, en hann gaf aldrei færi á sér," segir Valgerður. Og niðurstaðan varð sú að hún fékk send þessi sex mánaða laun nokkrum mánuðum eftir að hún hætti. „Síðan hringdi ráðuneytisstjórinn og sagði mér að annað stæði ekki til boða og ef ég sætti mig ekki við þetta þá fengi ég ekkert."

### Hefur vissa samúð með Árna

En ætlar Valgerður að erfa þetta mál við ráðherrann. „Í sannleika sagt þá ætla ég ekki að gera það. Eins og ég hef sagt að þá er ekki mitt að dæma hann, ég hef vissa samúð með honum vegna þess að allir geta gert mistök og ég held að honum hafi einfaldlega orðið á. Og mér finnst eðlilegt að þegar hæstaréttardómur liggur fyrir í einhverju máli að þá sættum við okkur við það hvort sem okkur líkar betur eða ver. Fólk úti í bæ getur leyft sér að hafa skoðanir á dómnum en fólk í opinberum stöðum getur það ekki. Ráðherra hefði því að mínu viti einfaldlega átt að segja: Gott, þetta liggur fyrir, ég hafði rangt fyrir mér og svona er staðan. Það hvarflar ekki að mér að ráðherrann hafi ætlað að brjóta lög. En hann gerði mistök og það er miklvægt að hann viðurkenni það bæði fyrir sjálfum sér og öðrum. En ég ætla ekki að erfa þetta við hann, ég er ekki langrækin manneskja að eðlisfari, ég kann ekki að vera reið lengi. Ein vinkona mín segir stundum við mig: Það er alltaf sama andskotans vinsemdin í þér," segir Valgerður H. Bjarnadóttir, sem nú heldur til jóladvalar í Chile og segist fegin að komast burt eftir orrahríð undanfarinna missera.



FRÉTTAVIÐTAL
SIGURÐUR ÞÓR SALVARSSON
ssal@frettabladid.is

## Mál Valgerðar í hnotskurn

Árið 2000 er Valgerður H. Bjarnadóttir skipuð framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu af þáverandi félagsmálaráðherra, Páli Péturssyni. Aðstoðarmaður hans á þeim tíma er Árni Magnússon.

Árið 2002 stendur hún sem formaður stjórnar Leikfélags Akureyrar að ráðningu nýs leikhússtjóra hjá félaginu. Karlmaður var ráðinn en kona sem sótti um stöðuna kærir ráðninguna til kærunefndar jafnréttismála. Sama ár kemst kærunefndin að þeirri niðurstöðu að ráðningin stangist á við lög og ári síðar kemst héraðsdómur að sömu niðurstöðu.

Í kjölfar þess dóms fer Valgerður á fund félagsmálaráðherra sem segist ekki bera traust til hennar lengur og óskar eftir að hún láti af störfum. Valgerður verður við beiðninni.

Nokkrum mánuðum síðar kemst Hæstiréttur að því að leikfélagið hafði engin lög brotið og í framhaldinu óskar Valgerður eftir skaðabótum vegna starfsloka sinna.

Ráðherra fellst ekki á kröfur Valgerðar sem höfðar mál. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi ríkinu í vil síðastliðið vor. Valgerður áfrýjaði málinu til Hæstaréttar sem sneri dómi héraðsdóms við og komst að þeirri niðurstöðu að ráðherra hefði beitt Valgerði valdníðslu og ríkinu bæri auk þess að greiða henni sex milljónir króna í skaðabætur vegna uppsagnarinnar.

Tíu sinnum lengur í bruggun




Hinn margverðlaunaði Budweiser Budvar er heimsþekktur fyrir gæði og natni í framleiðslu. Budweiser Budvar er bruggaður í 100 daga. Það er tíu sinnum lengri tími en flestir lagerbjórar!

Budweiser Budvar
LÉTTÖL
UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA




## GAMLA LOFTNETIÐ HEFUR ÖÐLAST NÝTT LÍF

NÚ ÞARFT ÞÚ EKKI LENGUR ÖRBYLGJULOFTNET TIL AÐ NÁ 7 ÍSLENSKUM SJÓNVARPSSTÖÐVUM Í STAFRÆNUM GÆÐUM. MEÐ TILKOMU NÝRRAR TÆKNI GETUR GAMLA GÓÐA UHF LOFTNETIÐ NÚ FÆRT ÞÉR ÞÆR STÖÐVAR SEM ÞÚ HEFUR EKKI ÁÐUR NÁÐ.

FÁÐU ÞÉR NÝJAN DIGITAL MYNDLYKIL OG BYRJAÐU AÐ HORFA Á STAFRÆNT SJÓNVARP, ÞAÐ HEFUR ALDREI VERIÐ AUÐVELDARA.





digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS


40 ára
NÓATÚN
Bestir í kjöti
Leiðandi í kjötvörum í 40 ár
Nóatúns hamborgarhryggur
NÓATÚNS HAMBORGARHRYGGUR
1.498 kr. kg
Jólahefðir fylgir frítt með hverjum keyptum hamborgarhrygg!
Frítt með!
NAUTALUND, HEIL OG HÁLF
2.498 kr. kg
FERSKUR KALKÚNN
995 kr. kg
Jólakonfekt
2,5 kg
1.998 kr.
Danskur áll og makríll
Glæsilegt úrval af gómsætum ísum sem fullkomnar sérhverja veislu.

# Eigðu örugg jól með kjöti frá Nóatúni!



HÚSAVÍKUR HANGILÆRI ÚRBEINAÐ

**2.298** kr. kg

**Villibráðar- uppskriftarbæklingurinn er í öllum verslunum Nóatúns**






HREINDÝRALUNDIR **5.998** kr. kg

Snöggsteikið lundina á hvorri hlið.
Kryddið með salti og pipar eftir smekk.



HJARTARLUNDIR **3.998** kr. kg

Lundirnar eru brúnaðar á mjög heitri pönnu til að loka þeim og síðan bakaðar í ofni við 120° í ca 10 mín. eða þartil kjarnhiti mælist 57-59°



FRANSKAR ANDARBRINGUR **2.998** kr. kg

Brúnið bringurnar á heitri pönnu með fituhliðina niður fyrst.
Kryddið með salti og pipar og bakið í ofni við 150° í 15-20 mínútur.



*Nóatún leggur áherslu á að bjóða uppá fjölbreytt úrval af paté.*

**Að hætti kjötmeistara Nóatúns!**



*Waldorf salat, epla salat og ávaxtasalat tilbúið úr kjötborði!*



*Hvort sem um reyktan eða grafinn lax er að ræða, þá hefur Nóatún úrvalið.*



*Frábært úrval á humri til að grilla, smjörsteikja eða hreinlega til súpugerðar.*

40 ára NÓATÚN

*Bestir í kjöti*



# landslag
*fólkið í landinu*

ATVINNUREKANDINN: BENEDIKT GRÉTARSSON Í JÓLAGARÐINUM

## *Grýla og Leppalúði uppseld*

Mér er til efs að nokkur staður í Eyjafjarðarsveit dragi til sín fleira fólk en Jólagarðurinn á Hrafnagili. Húsið er að utan eins og klippt út úr ævintýri eftir H.C. Andersen og innan dyra er ævintýrið ekki minna; jólailmur í lofti, jólalög í eyrum og jóladót hvert sem litið er.

Á aðventunni kemur þetta alls ekki spánskt fyrir sjónir en öðru gegnir yfir hásláttinn.



Engu að síður er Jólagarðurinn opinn allan ársins hring og gengur takk prýðilega, að sögn Benedikts Grétarssonar sem rekur staðinn ásamt konu sinni Ragnheiði Hreiðarsdóttur. „Þetta eru tíundu jólin okkar hér,“ segir hann og út um skeggið hlær eins og jólasveinn; lítur reyndar út sem slíkur. „Það er þannig þegar ég vakna tólfta desember, að þá er ég bara orðinn svona gráskeggjaður,“ segir Benedikt dularfullur á svip. Við drögum það ekki í efa.

Benedikt segir hins vegar marga hafa efast um að það væri nokkurt vit í þessum rekstri og það fram í sveit eins og þeir segja hér í Eyjafirðinum. „Okkur fannst sveitin falleg og vildum fá fólk hingað og það hefur komið á daginn að það er styrkur fyrir okkur að vera hér en ekki inni á Akureyri,“ segir Benedikt.

Og styrkurinn fer ekkert á milli mála því meðan við spjöllum við Benedikt er stöðugur straumur fólks inn í húsið. Og margar undarlegar spurningar ber fyrir eyru: Áttu til lítinn Giljagaur? Nei, því miður er hann búinn. En Grýlu og Leppalúða? Því miður eru þau líka búin, bara til í stóru. Svona er lífið í Jólagarðinum.

## STAÐURINN
TÖLUR OG STAÐREYNDIR



### *Eyjafjarðarsveit*

**Íbúafjöldi 1. desember 2004:** 993
**Íbúafjöldi 1. desember 2000:** 982
**Íbúafjöldi 1. desember 1997:** 936

**Sveitarfélag:** Eyjafjarðarsveit.

**Sveitarstjóri:** Bjarni Kristjánsson.

**Helstu atvinnufyrirtæki:**
Blómaskálinn Vín.
Kristnesspítali.
Hótel Vín.
Ferðaþjónustan Öngulsstöðum.
Meðferðarheimilið Laugalandi.
Garðyrkjustöðin Grísará.
Jólagarðurinn.

**Skólar:**
Hrafnagilsskóli (grunnskóli).
Leikskólinn Krummakot.
Tónlistarskóli Eyjafjarðar.

**Vegalengd frá Reykjavík:** 400 km um Hvalfjarðargöng.

Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

# Fegursti staður á jarðríki

**Eyjafjarðarsveit er um margt merkileg sveit. Hún er til dæmis eitt fjölmennasta sveitarfélag landsins án eiginlegs þéttbýliskjarna, en þarna búa um eitt þúsund manns. Og þar eru líka fleiri kirkjur á hvert mannsbarn en víðast annars staðar á landinu; níu kirkjustaðir alls, sex kirkjur enn uppistandandi.**



**KIRKJAN Á MUNKAÞVERÁ** Á Munkaþverá er talið að hafi verið kirkja frá því skömmu fyrir kristnitöku. Núverandi kirkja er byggð árið 1844. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við Sigurður Þór Salvarsson og Valgarður Gíslason sækjum Eyjafjarðarsveit heim á lokaspretti jólaföstunnar. Veður er aðgerðalítið; stillt og svalt, jörð að mestu auð en fönn í fjöllum.

### Kaffi og kleinur
Á þessum árstíma grúfir myrkur yfir fram undir hádegi og skellur á að nýju um nónbil. Við eigum stefnumót við séra Hannes Örn Blandon prófast. Hann býr á Syðra-Laugalandi; bærinn stendur uppi í hlíðinni austan megin fjarðar, handan Hrafnagils og þaðan sér vítt og breitt um sveitina. Klerkur tekur á móti okkur úti á hlaði að íslenskum sveitasið og býður okkur til bæjar kankvís á svip. Við tyllum okkur í hægindi á skrifstofu prófasts; bækur þekja veggi, Íslendingasögur, guðfræðirit og allt þar á milli. Kaffi og kleinur á borðum, ásamt piparkökum.

### Eyfirðingur, þar er efinn
Séra Hannes hefur verið prestur í Eyjafirði í tæpan aldarfjórðung, fyrst fimm ár í Ólafsfirði en síðan tæp tuttugu í Eyjafjarðarsveit. Hann er fæddur og uppalinn í Kópavogi; nánast í hópi frumbyggja þar. En skyldi hann vera orðinn Eyfirðingur? „Það sagði maður á þorrablóti eitt sinn: séra Hannes verður aldrei Eyfirðingur nema að hann geti sannað að ætt hans hafi búið hér í fimm ættliði, hann hafi dvalið hér lengur en níutíu ár eða geti sannað að einhver forfeðra hans hafi átt hér uppruna,“ segir prestur og hláturinn ískrar í honum. „Ég hafði ekkert af þessu, nema hvað móðir mín átti skjal frá afa mínum þar sem hann hafði gert eigin ættartölu; hún er vissulega ekki sönnuð en hún endar á Bergi Sokkasyni ábóta á Munkaþverá, á þrettándu öld. Spurning er bara sú hvort hann átti barn áður en hann varð ábóti eða eftir,“ segir Hannes og hristist allur af hlátri.



**SÉRA HANNES ÖRN BLANDON** Hefur setið tæp tuttugu ár á stóli prests í Laugalandsprestakalli í Eyjafjarðarsveit.

### Vegir guðs órannsakanlegir
Séra Hannes segir það alltaf álitamál hvort prestar eigi að vera lengi á hverjum stað; ávallt sé sú hætta fyrir hendi að menn tréni eins og hann orðar það. Hann segist þó hafa reynt að vinna gegn stöðnun og halda guðfræðinni við með því að stunda rannsóknir. Og þá liggur vitaskuld beint við að spyrja hvort ekki sé erfitt að finna nýja fleti á þessum vísindum sem hafa verið að mestu óbreytt í um tvö þúsund ár. „Sagan segir...,“ segir séra Hannes og verður svolítið prakkaralegur á svip, „... að þegar Geir Gunnarsson var formaður fjárlaganefndar Alþingis á sínum tíma, hafi nefndinni borist erindi frá þá nýstofnaðri Guðfræðistofnun Háskólans, þar sem farið var fram á fjárveitingu til rannsókna í guðfræði. Stofnuninni barst stutt svar frá Geir sem var eitthvað á þá leið: Ég hélt ávallt að vegir guðs væru órannsakanlegir. Og það fékkst engin fjárveiting,“ segir séra Hannes og við hlæjum dátt. Það fer ekki á milli mála að klerkur hefur gaman af að segja sögur.

### Lék drykkjuhrúta
Hann gerir reyndar meira en að segja sögur; hann semur þær líka; hefur meðal annars samið leikrit, enda mikill áhugamaður um leiklist. Þá hefur hann leikið ófá hlutverkin með Freyvangsleikhúsinu en viðurkennir að slíkt hafi reyndar fallið í misjafnan jarðveg. „Ég tók oft að mér hlutverk sem þóttu ekkert sérlega prestleg,“ segir hann glottandi. „Mér gekk iðulega ágætlega að leika einhverja aumingja og drykkjuhrúta, skilaði því nokkuð sannfærandi, held ég,“ bætir hann við og skellir upp úr.

Annars segist hann hafa dregið verulega úr leiklistarbröltinu. „Það má segja að sýniþörf mín hafi minnkað með árunum,“ segir hann kíminn og strýkur skeggið.

### Kyrrð og friður
Annars lætur hann vel af dvölinni í Eyjafirði. „Þetta er fegursti staður á jarðríki og óskaplega nærri guðsríki,“ segir hann af innblásinni sannfæringu. „Og kosturinn við þennan stað, hér á Laugalandi, er að maður getur séð stjörnurnar á kvöldin og nóttunni. Og hér er kyrrð og friður,“ bætir prestur við um leið og hann hallar sér aftur í stólnum og tottar pípuna makindalega.

Hann fylgir okkur út á hlað að loknu spjalli; biður okkur allrar blessunar og óskar gleðilegra jóla.



GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

**Veldu Focus C-Max** www.ford.is

## Vertu smart á nýju ári

- Kauptu stærri bíl á minna verði
- Kauptu bíl á betri kjörum
- Kauptu fjölhæfari og smartari bíl

Nýtt tákn um gæði




**Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu**

**Focus C-Max. Nú einnig með öflugri 2 lítra, 145 hestafla vél og sjálfskiptingu**

**Nýársuppbót á nýjum Focus C-Max**

# Kauptu C-Max ódýrastur í dag

Ford Focus C-Max er skemmtilegur bíll - fallegur og fjölbreyttur. Smart hönnun og einstaklega þægilegt aðgengi gerir þér kleift að njóta lífsins til fullnustu á nýju ári. Focus C-Max hentar fjölskyldufólki afar vel enda sérstaklega hannaður fyrir alla – stóra sem smáa. Komdu í Brimborg. Skoðaðu smart hönnun, breytilegt farangursrýmið, sætin. Finndu þægindin. Þú situr hærra, meira útsýni. Finndu hvað hann er lipur í akstri. Nýttu þér nýárstilboð Brimborgar – Focus C-Max er ódýrastur í dag.

Tækni og búnaður Focus C-Max er mjög sérstakur. Spurðu söluráðgjafa Ford á Íslandi hvers vegna þú ættir að fá þér Focus C-Max. Focus C-Max er ríkulega hlaðinn búnaði sem ekki er að finna í öllum bílum. Framrúðan er upphitanleg sem þýðir að þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur. Ath. Öll upphituð! Komdu í Brimborg. Veldu Ford.

**Tugþúsunda tilboðskarfa að verðmæti allt að 283.000 kr.**

- Betri kjör en áður
- Meiri afsláttur en áður
- Lægra verð en áður
- Upphitanleg framrúða (öll upphitanleg)
- Gæða vetrardekk undir bílinn (og sumardekkin í skottið)

**Og meira er að finna í tilboðskörfu Brimborgar**

- Lægri útborgun en áður
- Lægri vextir en áður
- Lægri lánagjöld en áður
- Lægri mánaðargreiðslur en áður
- Meiri gæði en áður
- Meiri staðalbúnaður en áður
- Örugg og ennþá betri þjónusta en áður

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus C-Max.*

**Vertu smart. Nýr C-Max fyrir nýtt ár**

**Ofurlétt stýri eftir þörfum hvers og eins[1)]**
**Þú getur stillt léttleika stýrisins á mjög einfaldan hátt eftir aðstæðum**

**Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið**



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
1,6i 5 gíra, Ford Focus C-Max Trend

| Verð með nýársuppbót | **1.845.000** kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 22.200 kr.<br>369.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 25.000 kr.<br>184.500 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 32.200 kr. |



C-Max Trend dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Trend

| Verð með nýársuppbót | **2.070.000** kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 25.000 kr.<br>414.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 28.000 kr.<br>207.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 34.600 kr. |



C-Max Ghia dæmi úr tilboðskörfu Brimborgar*
2,0i sjálfskiptur, Ford Focus C-Max Ghia

| Verð með nýársuppbót | **2.260.000** kr. |
|---|---|
| Bílasamningur, á mánuði<br>**20%** útborgun | 27.250 kr.<br>452.000 kr. |
| Bílasamningur, á mánuði<br>**10%** útborgun | 30.600 kr.<br>226.000 kr. |
| Rekstrarleiga á mánuði | 37.800 kr. |

**Kraftmikil vél, 2 lítra, 145 hestöfl**

**Ný frábær sjálfskipting[1)] á frábæru verði**

**Veldu Ford Focus C-Max**

## Skoðaðu dæmin. Spurðu um fjármögnunarleiðirnar. Veldu leið sem hentar þér best.



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í Brimborg. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (140% aukning frá 2003) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% eða 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. [1)]Aðeins með 2 lítra vél.



**NEW YORK** Fjöldi New York-búa hefur þurft að fara mun fyrr á fætur en venjulega og ganga til vinnu sinnar vegna verkfalls sem starfsmenn almenningssamgangna borgarinnar hófu á þriðjudagsmorgun. Kalt hefur verið í veðri, til að mynda var fjögurra stiga frost í gærmorgun, og reyndi fólk eftir megni að klæða af sér kuldann. Aðrir gripu til þess ráðs að dusta rykið af reiðhjólum og jafnvel línuskautum til þess að komast leiðar sinnar. NORDIC PHOTOS/AFP


UPPSELDUR




ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

hjálpum þeim

Íslenska þjóðin hefur svarað neyðarkallinu frá Pakistan.
Geisladiskurinn Hjálpum þeim er **uppseldur.**
Íslenskt tónlistarfólk sem tók þátt í Hjálpum þeim þakkar frábær viðbrögð.

DV hagar sagafilm

Nýtt upplag væntanlegt


# Fótgangandi til vinnu

**Íbúar New York hafa þurft að leita nýrra leiða til þess að komast milli staða vegna verkfalls sem lamar almenningssamgöngur borgarinnar. Margir ganga langar leiðir til vinnu sinnar en aðrir hjóla.**

**NEW YORK** Fjöldi fólks hefur þurft að finna sér annan samgöngumáta í stórborginni New York í þessari viku eftir að starfsmenn almenningssamgangna borgarinnar lögðu niður störf á þriðjudaginn.

Íbúar borgarinnar hafa þó reynt sitt besta til þess að komast til vinnu sinnar þrátt fyrir verkfallið. Sumir gengu í gærmorgun langar vegalengdir til vinnu en aðrir hjóluðu eða renndu sér á línuskautum. Svalt var í veðri í morgunsárið og fólk þurfti því að klæða sig vel.

Mikil örtröð hefur verið á strætum stórborgarinnar síðan verkfallið hófst og fólki gengið afskaplega hægt að komast á milli staða.

Reynt hefur verið að grípa til aðgerða á borð við þá að hleypa ekki fólki til Manhattan nema í bifreiðinni séu að minnsta kosti fjórir. Þrátt fyrir það tekur margfalt lengri tíma að komast milli staða en venjulega.

En verkfallið bitnar á fleirum en vinnandi fólki. Heimilislausir bera sig einnig illa, og segja fokið í flest þeirra skjól. Ungur heimilislaus maður kveðst vanur að koma sér vel fyrir í neðanjarðarlestinni og eyða þar nóttinni. Starfsmenn borgarinnar segja hundruð heimilislausra notfæra sér skjól almenningssamgangnanna á einn eða annan hátt, einkum nú yfir vetrartímann þegar kalt er í veðri.

Tæplega fimm þúsund manns í New York eru án heimilis, og af þeim er talið að meira en átta hundruð haldi til í neðanjarðarlestunum. Ekki er vitað hvert það fólk hefur nú farið, en einungis hefur orðið vart við lítilsháttar aukningu fólks í gistiskýlum fyrir heimilislausa í borginni.

Forysta stéttarfélagsins hefur þurft að sæta harðri gagnrýni vegna verkfallsins, og segja æðstu embættismenn borgarinnar að verkfallið bitni fyrst og fremst á þeim allra fátækustu.

„Þeir sem verkfallið bitnar harðast á eru þeir sem síst hafa efni á því. Fátækt fólk sem kemst ekki til vinnu fær einfaldlega ekkert að borða,“ sagði Michael Blomberg, borgarstjóri í New York, en hann þurfti í gær að ganga yfir Brooklynbrúna til þess að komast í vinnuna.

Stéttarfélagsforystan segir aðgerðirnar hins vegar nauðsynlegar, en deila þeirra við vinnuveitendur snýst um launakjör, eftirlaunaskilmála og heilsugæslu.

Verkfallið hefur valdið mun minni aðsókn að veitingastöðum, söfnum og verslanamiðstöðvum og er talið að New York borg verði af milljarða tekjum hvern dag sem verkfallið stendur yfir.

Hins vegar bera ekki allir sig illa vegna verkfallsins. Netverslun blómstrar sem aldrei fyrr, og þeir eru margir sem notfæra sér að geta gert síðustu jólainnkaupin heima í stofu í stað þess að halda út í örtröðina. Þá mala leigubílstjórar gull og fullt hefur verið út úr dyrum hjá reiðhjólaviðgerðarmönnum.

helgat@frettabladid.is

*Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum.*



HÚSGÖGNIN
HEIM

Svefn & heilsa ★★★★★







Listhúsinu Laugardal, sími 581 2233 • Dalbraut 1, Akureyri, sími 461 1150

# HEIMILISLEGAR OG VANDAÐAR




PIONEER **Heimabíókerfi** DCS–333
- Magnari 6x100 W RMS
- 100 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX
- FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS

***Kr. 49.900***
*12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur*




PIONEER **Heimabíókerfi** DCS–232
- Magnari 360 W (5x60 W) RMS
- 60 W Bassabox/Dolby Digital/DTS, MP3, JPEG og DivX
- FM útvarp með 30 stöðva minni og RDS

***Kr. 29.900***

***KOMIÐ OG GERIÐ HLJÓÐSAMANBURÐ***

QONIX



QONIX RDA-4730
Ferðatæki – útvarp, CD og segulband
***Kr. 5.990***

SHARP



SHARP XLMP10H
hljómtækjastæða
***Kr. 9.900***

SAMSUNG



SAMSUNG V5450
Sambyggður VHS
og DVD spilari
***Kr. 16.990***



SHARP

SHARP LC-15SH2E
15 " Svartur
TFT LCD skjár,
***Kr. 49.900***

Pioneer



PIONEER DVD spilari DV–380
***Kr. 12.900***



QONIX

QONIX PRA2000
Útvarp
***Kr. 6.990***



COBY CX-CD240
Ferðageislaspilari
***Kr. 3.990***



QONIX

QONIX
Útvarpsvekjaraklukka
***Kr. 2.390***



SAMSUNG

SAMSUNG MP3 spilari
***Kr. 22.900***
SAMSUNG MP3 spilarar
frá kr. 6.990



Nintendo®

***Allir bestu tölvuleikirnir!***





Nintendo Micro
Leikjatölva
***Kr. 8.900***

Nitnendo DS
Leikjatölva
***Kr. 12.900***



*Heimsins*
*bestu tónleikar*
*heim í stofu!*

***TÓNLEIKAR Á DVD***

*Æðislegt úrval!*



Við seljum merkjavöru. Merkjavara þýðir gæði.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

**LÁGMÚLA 8**
SÍMI 530 2800
Heimilistæki, raftæki ofl.

**SMÁRALIND**
SÍMI 530 2900
Allt vöruúrvalið

**SÍÐUMÚLA 9**
SÍMI 530 2800
Hljómtæki, sjónvörp ofl.

# ORMSSON

*GAMAN AÐ SJÁ YKKUR!*

# JÓLAGJAFIR




SOLIS Expresso-kaffivél
Verðlaunakaffivél
**Kr. 54.900**




SOLIS Palazzo
Rapid Steam
**Kr. 64.900**



TEFAL
Raclette grill
**Kr. 4.900**



AEG
Blandari m/gleri
**Kr. 6.990**



AEG
Handryksuga
**Kr. 2.990**



AEG
Handþeytari m/skál
**Kr. 7.990**



AEG
Matvinnsluvél
**Kr. 13.900**




Örbylgjuofn
**Kr. 9.900**

AEG



Ryksuga Turbo T2
1600 W
**Kr. 8.900**



AEG
Hárblásari
**Kr. 2.690**

TEFAL





TEFAL
Straujárn
**Kr. 4.790**

## ÞAÐ BESTA AF ÞVÍ BESTA

***Kynnum með stolti það allra nýjasta og besta í veggsjónvörpum.***

*Sjón og heyrn er sögu ríkari. Komið í heimabíó-básana okkar í Smáralind og Síðumúla 9 og kynnist því besta.*



Pioneer

**PIONEER PDP–436XDE/FDE PLASMA SKJÁR**
Skjá stærð 109 cm (43 "). Skjáhlutfall 16:9. Upplausn 1024 x 768 punktar. HD ready/2 X HDMI. Pureblack/Pure drive 2HD. Skerpa: 3.000:1
**Verð frá kr.: 399.900**




SAMSUNG

**SAMSUNG LE40M61BX**
**Valið besta LCD sjónvarpið 2005–2006**
40" LCD sjónvarp. Háskerpusjónvarp (HDTV).
6,4 milljarðar lita. Upplausn 1366 x 768. Skerpa 5000:1.
Birta 500 cd/m2. DNIe myndleiðrétting. 178° sjónarhorn.
SrS TruSurround XT hljóðkerfi. 1000 síðna textavarpsminni.
**Verð: 369.990**



LOEWE.

**LOEWE CONCEPT**
32 " LCD sjónvarp.
Upplausn: 1366 x 768
Skerpa: 800:1.
Birta: 450 cd/m2
**Verð: 199.900**




RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Munum eftir fátækum bræðrum okkar og systrum.

## Jólakauptíð að ljúka

Einni mestu jólakauptíð Íslandssögunnar lýkur senn og verslunareigendur flestir hverjir hljóta að vera ánægðir með jólaverslunina. Það tilheyrir jólum að menn geri vel við sig í mat og drykk og gefi hverjir öðrum gjafir. Þetta hvort tveggja getur þó farið út fyrir skynsamleg mörk, en efnahagur hvers og eins og eins ræður hér för eins og varðandi margt annað í lífinu. Með aukinni velsæld og stöðugt fleiri einstaklingum sem hafa ofurlaun, hlýtur neyslumunstrið og verðmætamatið að breytast.

*Bókaútgáfan blómstrar og ef eitthvað er þá hefur þeim bókaútgáfum fjölgað sem virðast ætla að lifa og dafna, eftir mikið samþjöppunarskeið fyrir nokkrum árum. Bókmenntaþjóðin Íslendingar stendur því enn undir nafni, þótt skáldverkin og útgáfan hafi breyst mikið á allra síðustu árum.*

Bækur hafa löngum verið vinsælar jólagjafir hér á landi og þótti enginn maður með mönnum hér áður fyrr, nema hann fengi svo og svo margar bækur í jólagjöf. Með innreið tónlistarinnar á jólamarkaðinn voru margir svartsýnir á stöðu bókarinnar, en hún heldur enn velli og er það vel. Bókaútgáfan blómstrar og ef eitthvað er þá hefur þeim bókaútgáfum fjölgað sem virðast ætla að lifa og dafna, eftir mikið samþjöppunarskeið fyrir nokkrum árum. Bókmenntaþjóðin Íslendingar stendur því enn undir nafni, þótt skáldverkin og útgáfan hafi breyst mikið á allra síðustu árum. Ótrúlegur fjöldi sakamálabóka kemur út fyrir þessi jól, og það er eins og velgengni eins höfundar kalli á fleiri og fleiri höfunda í þessari grein svo manni þykir nóg um. Hefðbundnar skáldsögur hafa fallið í skuggann af sakamálasögunum. Fjölmargar skáldsögur hafa að vísu komið út nú á síðustu vikum, en umræðan í þjóðfélaginu beinist frekar að sakamálasögunum, og ekkert nema gott um að það segja á meðan bækur eru til umræðu.

En mitt í öllu amstrinu fyrir jólin og um það bil sem jólakauptíðinni er að ljúka er hollt að minnast þess að það búa ekki allir við allsnægtir. Hjálparstofnun kirkjunnar hefur um langt skeið safnað handa bágstöddum á aðventunni, og gerir það líka nú. Að þessu sinni verður söfnunarfénu varið til vatnsöflunar í fátækum Afríkuríkjum, einkum þó Mósambik, sem er eitt fátækasta land í heimi.

Það eru til margar frásagnir af því hve vatnsöflun til daglegra nota getur verið miklum erfiðleikum bundin í þessum löndum. Við sem skrúfum hugsunarlaust frá krananum mörgum sinnum á dag, og spörum ekki vatnið, getum varla sett okkur í spor þeirra sem þurfa sumstaðar að verja mörgum tímum á dag til að afla nauðsynlegs vatns þótt sparlega sé með það farið. Það er því full ástæða til þess að minna fólk á að „skrúfa frá krananum“ og styrkja með því vatnsöflun fátæks fólks í Afríku. Lítil upphæð getur gert kraftaverk, hvað þá þegar hópar vina, kunningja eða starfsfélaga taka sig saman og gefa myndarlegar upphæðir í þessa söfnun eins og dæmi eru um nú á aðventunni.

## FRÁ DEGI TIL DAGS



**Afmælistónleikar**
Ríkisútvarpið er 75 ára um þessar mundir. Hefur þess verið minnst með ýmsum hætti í dagskránni svo sem sjálfsagt er og hlustendur hafa orðið varir við. Rás eitt, sem segja má að sé hinn upprunalegi hluti Ríkisútvarpsins, hélt meðal annars upp á afmælið með því að senda út vandaða tónlistardagskrá frá Hallgrímskirkju. Tónleikarnir voru einnig sendir á öldum ljósvakans til útlanda fyrir milligöngu sambands evrópskra útvarpsstöðva og munu hafa náð eyrum allt að sex milljón hlustenda í Evrópu. Um þetta ágæta framtak Rásar eitt mátti lesa á forsíðu Fréttablaðsins á mánudaginn.

**Afgangsstærð?**
Tónleikarnir í Hallgrímskirkju virðast enga athygli hafa vakið hjá Sjónvarpinu. Hvorki voru þeir sendir út né frá þeim skýrt í fréttum. Hermt er að þetta hafi vakið undrun og nokkur sárindi meðal starfsmanna Rásar eitt. Þeim finnst hið upprunalega útvarp orðið að afgangsstærð innan Ríkisútvarpsins. Er í þessu sambandi nefnt að mun yngri deild Ríkisútvarpsins, Rás tvö, stóð á dögunum fyrir samkeppni um jólalag og uppskar fyrir það mikla athygli fréttastofu Sjónvarpsins. Þarna þykir halla á klassíkina á kostnað dægurtónlistar.

**Jólsveinar**
Eftir að Alþingi var sent heim virðist eitt helsta deiluefnið í þjóðfélaginu vera hvort jólasveinninn sé til eða ekki. Sannarlega mjög áhugavert. Framlag séra Flóka Kristinssonar á Hvanneyri til málsins hefur vakið mikla athygli en samkvæmt DV fullyrðir hann í sunnudagsskóla sóknarinnar að sögur um jólasveina séu hreinn tilbúningur. Haft er eftir honum í blaðinu: „Ég gat ekki hugsað mér að ljúga að börnunum.“ Illugi Jökulsson veitti prestinum harða ádrepu á NFS fyrir tiltækið. „Ekki grunaði mig að til væru menn sem teldu sig svo heilaga og innblásna af sannleiksást að þeir gætu ekki unnt litlum sex ára krökkum þess að trúa á jólasveininn í friði. Því þetta voru sex ára krakkar! Sex ára og hinn heilagi séra Flóki þóttist ekki geta logið að þeim um tilvist jólasveinsins! Mér liggur við að spyrja hversu lágt er eiginlega hægt að leggjast?“ sagði Illugi.

gm@frettabladid.is

## Gott auðvald og vont?

Í DAG
RÍKIDÆMI



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

*Þessar ásakanir eru ekki alltaf út í bláinn, en bera stundum frekar vitni um öfund en sanngirni. Við eigum að samfagna þeim, sem komist hafa í álnir af eigin rammleik.*

Matthías Johannessen, skáld og fyrrverandi ritstjóri, gerði á dögunum greinarmun á góðu auðvaldi og vondu. Hann kvaðst sjálfur hafa þjónað góðu auðvaldi í ritstjóratíð sinni, en það var á honum að skilja, að nú léti annað og miklu verra auðvald að sér kveða opinberlega.

Ég held, að Matthías hafi bæði rétt og rangt fyrir sér. Til eru tillitslausir, kaldrifjaðir og skammsýnir fjárplógsmenn, þar sem glottið er ein glæpasaga (eins og Einar Benediktsson orti). Lesa má um einn slíkan mann í nýlegri bók eftir Einar rithöfund Kárason, þótt myndin þar sé snyrt og fegruð eftir megni. Til eru líka ágætir menn, sem kunna um leið að græða, og hef ég verið svo lánsamur að kynnast nokkrum þeirra. Nefni ég sérstaklega Pálma heitinn Jónsson í Hagkaup og Björgólf Guðmundsson bankamann.

Í þessum skilningi er til gott og vont auðvald. En minn gamli vinur Matthías hefur rangt fyrir sér, ef hann telur til dæmis, að nýríkir menn þurfi að vera verri en gamalríkir. Sjálfum finnst mér raunar meira til um það, þegar menn skapa auðæfi sín sjálfir en þegar þeir erfa þau, þótt það sé vissulega líka ærið verkefni og vanmetið að varðveita fé og ávaxta. Sömu ásakanir dynja á nýríkum Íslendingum okkar tíðar og gerðu á fyrra helmingi tuttugustu aldar, eins og allir vita, sem lesið hafa skrif Jónasar frá Hriflu: Þeir séu eyðslusamir og menningarsnauðir, hafi asklok fyrir himin og gefnir fyrir að sýnast fremur en vera. Þessar ásakanir eru ekki alltaf út í bláinn, en bera stundum frekar vitni um öfund en sanngirni. Við eigum að samfagna þeim, sem komist hafa í álnir af eigin rammleik.

Matthías hefur líka rangt fyrir sér, ef hann telur, að aðalatriðið sé, hvernig fjárgróðamenn eru innrættir. Hitt skiptir meira máli að mínum dómi, við hvaða skilyrði þeir starfa, hvaða leikreglum þeir þurfa að fylgja. Í framkvæmdamönnum býr ólgandi kraftur, sem á að virkja til almannaheilla. Það er unnt í skipulagi frjálsrar samkeppni og séreignar, sem lýtur tveimur lögmálum: Til þess að græða fé verður maðurinn að hafa á boðstólum jafngóða vöru eða þjónustu og keppinautarnir. Og hann hirðir betur um það, sem hann á einn, en hitt, sem allir eiga í orði kveðnu og enginn ber ábyrgð á.

Það er ekki líklegt til árangurs að vanda um við fjárgróðamenn eða halda yfir þeim langar prédikanir um það, að nú skuli þeir bæta ráð sitt. Hitt er vænlegra að búa svo um hnútana, að hagur þeirra fari saman við almannahag. Það gerist, ef þeir ávaxta eignir sínar af kostgæfni og keppa af krafti um hylli almennings. Ég ætla að leyfa mér að ganga lengra og segja, að fjárgróðamenn geri miklu meira gagn með þessu en því að gefa fé til líknar- og mannúðarmála, eins og sumir þeirra iðka í því skyni að geta sér gott orð. Tökum þróunarlöndin til dæmis. Hvort gerum við fátækum íbúum þeirra meira gagn með því að senda þeim fé að gjöf eða með því að stunda við þau frjáls viðskipti? Reynslan hefur fyrir löngu skorið úr um rétta svarið.

Þeir, sem vilja bæta kjör fátækra þjóða, ættu ekki að senda þeim fé að gjöf, heldur berjast fyrir frjálsum viðskiptum á alþjóðavettvangi og fjárfesta í arðvænlegum fyrirtækjum í þróunarlöndum, sem skapa íbúum þar betri störf en þeir ættu annars kost á og færa um leið hinum vestrænu eigendum kærkominn gróða. Að lokum þarf auðvitað ekki að fjölyrða um það, að fjárgróðamenn eiga eins og aðrir að nota frelsi sitt innan marka laga og almenns velsæmis. Sá sannleikskjarni er þrátt fyrir allt í orðum Matthíasar skálds, að veita verður fjárgróðamönnum eins og öðrum hið siðferðilega aðhald, sem felst í öflugu almenningsáliti. Þá verður auðvaldið gott. ■





MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið




Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000


FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Sólarupprás Hádegi Sólarlag

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.22 | 13.27 | 15.31 |
| Akureyri | 11.38 | 13.12 | 14.45 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*

Í dag er Þorláksmessa 23. desember, 357. dagur ársins 2005.

## KRÍLIN




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á visir.is

vísir

# allt

**GÆLUDÝRABÓK**
Guðrún Heimisdóttir skrifar fyrir börn um gæludýr
BLS. 2



**GLEYMDIR SVEINAR**
Faldafeykir, Lampaskuggi og fleiri sveinar
BLS. 5







Atli Gíslason hefur tekið upp á því að fara austur í bústað um jólin, og njóta þar jólahelginnar í virkilegum friði og ró.
AÐSEND MYND/SVIPMYNDIR EHF.

# Teiknimyndajól í sumarbústaðnum

***Atli Gíslason hæstaréttarlögfræðingur hefur tekið upp á því síðustu árin að fara austur í Grímsnes í sumarbústaðinn sinn yfir jólahátíðina.***

„Við förum í bústaðinn, ég og vinkona mín og dóttir hennar, og svo koma synir mínir á jóladag eða annan í jólum," segir Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður. „Við höfum gert þetta síðustu tvö árin og ætlum að gera þetta aftur í ár."

Þau fara og skreyta helgina fyrir jól og koma síðan að bústaðnum skreyttum og upplýstum með jólaljósum á aðfangadag.

„Þetta er alveg yndislegt, rólegt og kyrrt og friðsælt," segir Atli og bætir við að synir hans tveir komi í heimsókn austur í Grímsnes um jólin með samtals þrjú barnabörn. Þriðji sonurinn býr í Austurríki og er heima sum jól.

Sumarbústaður Atla er í Grímsnesinu og stendur á afar grónum, fallegum stað, en hann sækir alltaf lifandi jólatré í sumarbústaðarlandið, setur í leirker og færir fjölskyldunni, þó hann hafi ekki verið með skreytt tré í bústaðnum.

Atli segir fyrstu jólin sem þau eyddu fyrir austan yfir hátíðarnar hafa verið ógleymanleg.

„Við komum í ótrúlegu jólaveðri. Það var algjört stillilogn og fanndrífa, stórar, þurrar snjóflyksur eins og í teiknimynd. Snjórinn settist á trén í kring og það var alveg ótrúlega fallegt, eins og einhver hefði breitt dúnsæng yfir trén. Þetta stóð í svona þrjá tíma, frá klukkan sex til klukkan níu um kvöldið, þá byrjaði aðeins að blása. Ég hef aldrei upplifað jafn jólaleg jól og mun líklega aldrei gera," segir Atli. „Við settum meira að segja vaxkerti út sem lifði á, svo mikil var kyrrðin. Allt varð kyrrt og bjart."

*smk@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTI

**[ JÓLIN KOMA ]**



**Jólatónleikar** Bubba Morthens eru í kvöld á NASA. Það er þegar uppselt en aukatónleikar verða annan í jólum. Fyrir þá sem ekki eiga miða en vilja endilega heyra í Bubba í dag er hægt að stilla á Rás 2 kl. 22 en tónleikunum er útvarpað beint.

**Skatan ilmar** víðs vegar í dag. Fátt er þjóðlegra en vel kæst og roðdregin skata en hana er hægt að nálgast á mörgum veitingastöðum. Til að mynda á Hótel Loftleiðum, Múlakaffi og auðvitað á Borginni.

**Lengri** opnunartími í kvöld kemur sér vel fyrir þá sem eru á síðasta snúningi. Það er líka gaman að hitta vini og ættingja yfir kaffibolla og upplifa stemninguna í miðbænum. Það er opið til 11 í öllum búðum á Laugaveginum en kaffihús eru opin lengur.



**Jólaskraut** á afslætti fæst nú í Byko. Ef endurnýja þarf skrautið á jólatréð hefur Byko hafið útsölu á jólaskrauti. Afslátturinn er allt að fimmtíu prósent þannig að ef undirbúningi fyrir jólin er lokið snemma er hægt að missa sig í skrautinu á endasprettinum.



Höfum opnað nýja verslun á Laugavegi 66 2.h.

Opið til kl. 21 í kvöld á Laugavegi 66
Opið til kl.19 í kvöld í Hlíðasmára 11
Opið á báðum stöðum kl 10-12 á aðfangadag

Gleðilega Hátíð

belladonna

Hlíðarsmára 11 • S. 517 6460 • Laugavegi 66 • S. 578 6460 • www.belladonna.is





**Jólakveðjur** eru alltaf lesnar í útvarpinu á Þorláksmessu. Margir geta ekki hugsað sér að missa af lestrinum og það gleður þá mikið þegar þeir fá kveðjur frá ættingjum og vinum.
















# Gæludýrabók handa krökkum

***Flestir krakkar eru hrifnir af dýrum og bók Guðrúnar Heimisdóttur, Gæludýrin okkar, er upplögð gjöf handa allri fjölskyldunni.***

Guðrún Heimisdóttir er mörgum krökkum kunn úr Stundinni okkar en hún hefur kynnt gæludýr í þættinum í nærri tvö ár. Um þessi jól kemur út fjölskyldubók eftir Guðrúnu, Gæludýrin okkar, sem ætluð er börnum á öllum aldri.

„Bókin mun nýtast foreldrum líka af því að þegar fólk fær sér dýr, þá er það öll fjölskyldan sem tekur dýrið,“ segir Guðrún.

Í bókinni eru sögur um dýr eftir Guðrúnu sem heilla sérstaklega yngri börnin, en eins er að finna upplýsingar um umhirðu dýranna, sem og skemmtilegar staðreyndir um dýr, eins og það að bara læður geta verið þrílitar og að heili strútsins er minni en annað augað í honum. Ritmálið er einfalt, letrið stórt og myndirnar lifandi og skemmtilegar.

„Þegar ég fór að vinna fyrir Stundina okkar þá fór ég að leita mér að upplýsingum um gæludýrin, og komst að því að bókaflóran um gæludýr er mjög lítil á Íslandi, og mér fannst vanta handbækur um dýrin þannig að fólk væri ekki að kaupa sér fugl og svo væru bara allar upplýsingar að finna annað hvort hjá fólkinu í dýrabúðinni eða á netinu,“ segir Guðrún, sem er að ljúka mastersnámi í blaða- og fréttamennsku frá Háskóla Íslands þessi jólin.

Guðrún á þrílita læðu sem heitir Sorpa því hún fannst í Sorpu. „Það var einhver sem ætlaði að henda henni en það var farið með hana í Kattholt og ég fékk hana þar. Sem betur fer fannst hún, því þau finnast náttúrulega ekkert öll, þessi dýr sem fólk losar sig við á þennan hátt,“ segir Guðrún og bætir við að mun mannúðlegra væri að skilja dýrin eftir í kassa fyrir utan hjá dýralækni, ef fólk hefur ekki efni á að láta svæfa þau.

En þegar Guðrún flutti inn í íbúðina sína, sem er á þriðju hæð í fjölbýlishúsi, þá skildi hún kisu eftir hjá foreldrum sínum því Sorpa er útikisa og hefði ekki verið hamingjusöm innilokuð. „Það verður ekki fyrr en ég flyt í annað húsnæði sem ég get fengið Sorpu til mín og þá get ég kannski fengið mér hund líka. Í millitíðinni læt ég mér bara nægja að fá lánuð dýr og mæta með þau í sjónvarpið,“ segir Guðrún.

Mál og menning gefur bókina út og kostar hún 2.490 krónur, en myndirnar í bókinni eru margar úr Stundinni okkar. **smk@frettabladid.is**



Guðrún Heimisdóttir og kötturinn Sorpa eru komnar í jólaskap. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI



Reynir Traustason ritstjóri verkaði skötu í mörg ár.

# Skötuslagurinn mesta átakamálið

***Reynir Traustason hefur árum saman reynt að kenna börnunum sínum fimm að meta skötu, og hefur tekist það með eldri börnin, en yngsta barnið, níu ára hnáta, neitar enn að láta hana inn fyrir sínar varir.***

„Ég verkaði skötu í mörg ár en eftir að ég kom hingað suður í sollinn, þá kaupum við hana bara,“ segir Reynir Traustason ritstjóri. „Það er alltaf gaman þegar fólk sameinast um skötuna, en það hefur alltaf verið átakapunktur þegar við höfum verið að venja yngstu börnin á hana. Nú er yngsta barnið níu ára og það hefur enn ekki tekist að svæla ofan í hana skötunni og spurningin er hvort það tekst í ár.“

Elstu börn Reynis eru mjög hrifin af skötu, þó menntaskólaneminn smakki hana reyndar bara til málamynda, að sögn Reynis.

Annað sem fjölskylda Reynis gerir er að borða jólagrautinn í hádeginu á aðfangadag, og gefa möndlugjöfina þá.

„Það kom nú reyndar bara til af því að það voru allir allt of saddir eftir hamborgarhrygginn og höfðu ekki lyst á grautnum, svo við bara færðum hann í hádegið á aðfangadag,“ segir Reynir.

## jólasveinar }



MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ

### Kertasníkir

*Þrettándi var Kertasníkir,*
*- þá var tíðin köld,*
*ef ekki kom hann síðastur*
*á aðfangadagskvöld.*

*Höf. Jóhannes úr Kötlum*

Síðasti jólasveinninn sem kemur til byggða er Kertasníkir en hann kemur í kvöld. Í gamla daga elti hann uppi litlu börnin, sem trítluðu glöð og fín um bæinn með tólgarkertin sín og reyndi að hafa kertin af þeim. Í eldgamla daga voru kertin skærustu ljósin sem fólk gat fengið og voru þau sjaldgæf og dýrmæt. Mesta gleði barnanna á jólunum var að fá sitt eigið kerti, og vesalings Kertasníki langaði líka til að eignast kerti. Kertasníkir gefur í skóinn í kvöld og sameinast svo bræðrunum sínum tólf á aðfangadag til að halda heilög jól.

## Jólatilboð }

**Blómaval**
50 prósenta afsláttur á ýmsum jólavörum og jólaseríum. Þeir sem enn vilja bæta í jóladótssarpinn ættu að skella sér í búðarleiðangur þar sem margar verslanir selja nú jólavörurnar með nokkrum afslætti.

**Kolaportið**
Í Kolaportinu má finna margar góðar jólagjafir á vægu verði. Þar að auki er leikfangabásinn við Kaffi Port með 50 prósenta afslátt af leikföngum og barnafatabásinn, sem er staðsettur nálægt kókosbollunum, býður barnaföt á góðu verði.



**Fartölvur**
Þeir sem ætla að gefa fartölvur í jólapakkann, eða vantar eina fyrir sjálfan sig, ættu að líta inn í Svar í Síðumúla. Hjá Svar eru Acer-fartölvurnar á tilboði fram að jólum. Sjá nánar á www.svar.is.



**Stórútsala**
Marimekko í Iðuhúsinu í Lækjargötu er með 30 til 40 prósenta afslátt af öllum fatnaði fram til jóla. Stórútsalan kemur til vegna flutninga og sá fær sem fyrstur nær.

**Myndavélar**
Myndval í Mjóddinni býður jólatilboð á stafrænum myndavélum frá Canon, Samsung og Kodak og gildir tilboðið meðan birgðir endast.

**Jólafatnaður Hagkaups**
Hagkaup er með 30 til 50 prósenta afslátt af völdum vörum í verslunum sínum. Meðal þess sem er á tilboði eru True-jakkar og buxur, ýmsir toppar, jakkapeysur, bolir og hátíðlegar korselettur fyrir jól og áramót.



**Frítt eða ekki frítt?**
Á mörgum stöðum fylgir góður glaðningur með vörunni eða vörunum. Látið samt ekki blekkjast af auðveldlega þar sem oft er gjöfin þeim skilyrðum háð að keypt sé fyrir ákveðna upphæð til að fá gjöfina. Reynið að vega og meta hvort það sé þess virði að ná upp í þá upphæð til að fá gjöf.

**Espresso kaffivélar**
Einar Farestveit & co. er með glæsilegt jólatilboð á Incanto og Saeco espresso og cappuccino kaffivélum.



# Gengið fyrir friði

FRIÐARGÖNGUR VERÐA Í DAG Á AKUREYRI, ÍSAFIRÐI OG Í REYKJAVÍK. SAMSTARFSHÓPUR FRIÐARHREYFINGA STENDUR FYRIR GÖNGUNUM.



Samstarfshópur friðarhreyfinga vill enda aðild Íslands að stríði og hernámi í Írak.

Á Akureyri er lagt af stað kl. 20.00 frá Menntaskólanum á Akureyri. Margrét Heinreksdóttir flytur ávarp og kór Akureyrarkirkju syngur. Gangan á Ísafirði hefst kl. 17.45 við Ísafjarðarkirkju og gengið er niður á Silfurtorg. Þar fer fram dagskrá sem samanstendur af tónlist, ljóðalestri og friðarhugleiðingum. Hörður Högnason formaður Rauða kross Ísafjarðar heldur ræðu.

Í Reykjavík verður gengið með blys frá Hlemmi niður Laugaveginn og að Ingólfstorgi. Með í för verður söngfólk úr Hamrahlíðarkórnum og kór Menntaskólans við Hamrahlíð. Séra Bjarni Karlsson heldur ræðu og fundarstjóri er Birgitta Jónsdóttir ljóðskáld. Gangan hefst kl. 18.

Nánari upplýsingar er að finna á www.fridur.is.





Jólatilboðin í fullum gangi




Temprakon hitajöfnunarsængin




**Sængin sem breytir öllu**
Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.
Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni.
Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.

Nú á jólatilboði

www.design.is @ 2005

TEMPUR Heilsukoddar
Jólagjöfin í ár




Yfir 30.000 sjúkraþjálfarar, kírópraktorar og læknar um heim allan mæla með Tempur Pedic, þ.á.m. á Íslandi.

Betra BAK
Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið: mánudag til fimmtudagsins 22. des. kl. 10-22
og á Þorláksmessu kl. 10-23 - Aðfangadag kl. 10-13






Opnum á ný eftir gagngerar breytingar
Verið velkomin í glænýja verslun
LÁRA GULLSMIÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300

SNYRTISTOFAN
HELENA
FAGRA
S. 561 3060
LAUGAVEGI 163
DEKUR FYRIR ÞIG
PANTANIR Í SÍMA 561 3060




GJAFAKORT
Jólagjöfin í ár fyrir mömmu og pabba, afa og ömmu.
Snyrti-Nudd og Fótaaðgerðarstofan
Eygló
Langholtsveg 17 Sími 553-6191




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Sonja Grant er mikill listakokkur og gefur hér uppskrift að rómantísku dönsku smurbrauði.

# Hátíðasmurbrauð, kertaljós og kaffi

*Í hvert sinn sem Sonja Grant og maður hennar vilja gera sér dagamun um hádegisbil á tyllidögum, þá kveikja þau á kertaljósum, setja djassplötu á fóninn og smyrja sér hátíðarsmurbrauð.*

„Þar sem ég átti danska ömmu, hana Ellenu Grant, þá standa danskir siðir mér mjög nærri. Þó svo að ég hafi ekki endilega alist upp við smurbrauð, annað en ristað brauð með osti og sultu og stundum súkkulaðiáleggi, þá finnst mér ekkert eins gott eins og að fá mér góða brauðsneið. Það veitir mér mikla ánægju og færir mig nær fortíðinni sem er mun meira spennandi en framtíðin," segir Sonja Grant, framkvæmdastjóri kaffihúsa Kaffitárs.

„Mér finnst að sá tími sem fer í að búa til og skreyta smurbrauðið eigi að vera afslappaður og skapandi og ég legg mikið upp úr undirbúningi. Ég líki því stundum við góðan forleik, eins og ég veit að margir smurbrauðsmeistarar gera."

Sonja fær sér auðvitað ekki svona fínt og rómantískt smurbrauð á morgnana áður en hún fer til vinnu, heldur hafa hún og maður hennar, Hjalti Sveinn Einarsson, þetta til hátíðabrigða, og hafa komið sér upp skemmtilegri smurbrauðshefð um jól og áramót.

UPPSKRIFT AÐ RÓMANTÍSKU HÁTÍÐASMURBRAUÐI, YFIRLEITT HUGSAÐ FYRIR TVO:

**Andrúmsloft:**
Kertaljós, góð tónlist á fóninn, persónur og leikendur verða að vera á náttfötunum.

**Hráefni:**
- Fyrst og fremst þarf brauðið að vera gott, og þessa dagana heldur Sonja mest upp á sólkjarnarúgbrauð frá Gæðabakstri.
- Grófkorna sinnep, sterkt og helst lífrænt, alls ekki sætt.
- Jólasíld frá Fylgifiskum.
- Radísur saxaðar
- Klettasalat
- Íslenskir kirsuberjatómatar
- Feti í kryddolíu frá Mjólku
- Spæld egg, báðum megin
- Hörfræ
- Salt og pipar
- Parmaostur (parmeggiano)

**Aðferð:**
Setjið tvær brauðsneiðar á hvern disk.
Smyrjið þær með grófkorna sinnepinu.
Setjið síldina á brauðsneiðarnar, lágmark sex bitar af síld á hvern disk.
Radísurnar settar ofan á síldinia.
Setjið klettasalatið yfir, um eina lúku á hvern disk, jafnvel tvær ef rómantíkin á að vera ógleymanleg.
Gott að setja smá ólífuolíu ofan á salatið.
Skerið tómatana í sneiðar, að minnsta kosti tvo tómata á hvern disk ofan á salatið.
Setjið feta ofan á.
Hörfræin eru ómissandi og eiga að koma ofan á ostinn.
Gott að pipra aðeins þegar hér er komið sögu, og að sneiða parmaostinn yfir.
Steikja eggin, tvö egg á disk, báðum megin. Þau eiga að vera örlítið blaut í miðjunni og setja þau síðan yfir rómatíkina. Gott er að salta eggin aðeins.

ÓMISSANDI DRYKKUR MEÐ HÁTÍÐABRAUÐINU:

Hella upp á Java frá Jampit-héraðinu eða Mokka Java frá Kaffitári. Sonju finnst best að hella upp á í mokkakönnu á hellu eða upp á gamla mátann.

„Reyndar á gamlársdag gerum við Hjalti alltaf undantekningu og fáum okkur Thule bjór í flösku og skot af íslensku brennivíni, meðan við gæðum okkur á hátíðabrauðinu," segir Sonja.

*smk@frettabladid.is*



## Gjafir fyrir kónga

JÓLAGJAFASTEMNINGIN SEM JÓLIN VIRÐAST OFT SNÚAST UM ERU EKKI NEMA HUNDRAÐ ÁRA GAMALL SIÐUR SEM HEFUR ÞRÓAST FRÁ ÞVÍ AÐ BÖRNIN FENGU EITT KERTI Í JÓLAGJÖF Í AÐ ÞAU FÁI JAFNVEL PLASMASKJÁI Í JÓLAPAKKANN.

Gjafir á jólum þekktust lengi vel meðal kóngafólks og höfðingja fyrr á öldum en á Íslandi eru sumargjafir mun eldri siður en jólagjafir. Um jólin var reyndar siður að gefa heimilismönnum nýja flík og nýja sauðskinnskó en ekki var litið á þessar gjafir sem sérstakar jólagjafir, heldur meira eins og launauppbót. Snemma á 19. öld var sá siður kominn á að gefa hverju barni kerti á jólunum. Þá voru kertin úr tólg og þóttu mikil og góð gjöf þar sem þau lýstu mun betur en týran sem kom úr lýsislampanum.
Eftir miðja 19. öld fóru svo jólagjafir í nútímastíl að verða meira áberandi og má að hluta til rekja það til sölubúðanna sem fór ört fjölgandi. Þegar nær dregur 20. öldinni spretta upp jólaauglýsingarnar fyrir jólin og er elsta jólagjafaauglýsingin sem fundist hefur í blaði frá árinu 1866. Með auknu verslunarfrelsi og aukinni blaðaútgáfu og prentun fór kraðakið af stað og hafa jólagjafakaupin þróast í það sem við þekkjum nú á tímum.



# Opið lengi

***Það er opið lengur í flestum verslunum í kvöld enda margir að klára jólainnkaupin.***

Almennt gildir að verslanir séu opnar til kl. 23 í kvöld. Þetta á við um Kringluna, Smáralind, Glæsibæ og auðvitað miðborgina. Flestar verslanir opna milli 10 og 11.

Ýmislegt er gert til að skemmta viðskiptavinum. Í Kringlunni má heyra lifandi jóladjass, Nylon og Heiða syngja, flutt verða brot úr söngleiknum Annie og nemendur Dansskóla Jóns Péturs og Köru sýna listir sínar. Í Smáralindinni sér Afi frá Stöð 2 um dagskrána en honum til halds og trausts eru Sigga og Grétar úr Stjórninni. Heitar lummur og Spark spila einnig fyrir gesti og Birgitta Haukdal skemmtir.

Það er hefð hjá mörgum að ganga Laugaveginn á Þorláksmessu en ýmsir kórar, brassbönd og harmonikkuleikarar halda utan um stemninguna auk þeirra listamanna sem koma fram vítt og breitt í kaffihúsum og skemmtistöðum.



ÍSLENSK HÖNNUN & FRAMLEIÐSLA
Laugavegi 59 • 3. hæð Kjörgarði • 561 5588

## Jól í Kvennaathvarfinu

GERT ER RÁÐ FYRIR ÞVÍ AÐ FJÓRAR TIL SEX KONUR GISTI Í KVENNAATHVARFINU Á JÓLANÓTT. ÞRÁTT FYRIR ERFIÐAR AÐSTÆÐUR VERÐA JÓLIN HALDIN GLEÐILEG SEGIR DRÍFA SNÆDAL, FRAMKVÆMDASTÝRA KVENNAATHVARFSINS.

Misjafnt er hversu margar konur hafa gist á jólanótt í Kvennaathvarfinu síðustu ár. Drífa segir að margir af gestum athvarfsins fari í mat til vina eða ættingja á aðfangadag en þó má búast við fjórum til sex konum í jólamat klukkan 18. „Það er misjafnt hvað við höfum í matinn en það verður einhver góð steik," segir Drífa. „Svo eru jólapakkar undir jólatrénu við hæfi hvers og eins." Kvennaathvarfið hefur undanfarin ár fengið matar- og sælgætisgjafir frá fyrirtækjum og eru þær alltaf vel þegnar. „Þessar gjafir hjálpa okkur að gera jólin gleðileg hér í athvarfinu," segir Drífa.



Ekki eiga öll börn gleðileg jól.

# Faldafeykir og Lampaskuggi

***Öll þekkjum við jólasveinana þrettán, bíðum spennt eftir komu þeirra, syngjum um þá vísur og lærum nöfin þeirra í æsku. Hins vegar hafa jólasveinarnir ekki alltaf verið þrettán og ekki alltaf heitið þeim nöfnum sem við þekkjum í dag.***

Séu skoðaðar gamlar vísur frá því fyrir aldamótin 1900 má finna þar vísbendingar um að jólasveinarnir séu „einn og átta“ eða „tólf og tíu“, það er níu eða tuttugu og tveir. Í Sögu daganna, sem Árni Björnsson ritaði, er vitnað í konu úr Biskupstungunum, sem var fædd 1912, sem minntist þess úr sinni æsku að jólasveinarnir hafi verið 18 talsins en síðar hafi þeir týnt tölunni niður í 13 eða 9.

Í kringum aldamótin 1900 voru einnig notuð nöfn á jólasveinum sem okkur eru nokkuð ókunn í dag. Þar á meðal eru Faldafeykir, Pönnuskuggi, Guttormur, Bandaleysir, Klettaskora, Lampaskuggi, Bitahængi, Froðusleikir, Syrjusleikir, Baggalútur, Dúðadurtur, Flotnös, Kleinusníkir, Litlipungur, Smjörhákur og Örvadrumbur.

Nöfnin sem við þekkjum í dag eiga rætur sínar að rekja til seinni hluta 19. aldar. Séra Jón Árnason sendi þjóðsagnabindi í prentun til Leipzig. Þá hafði hann safnað saman nöfnum jólasveinanna og háttalagi þeirra. Jólasveinanöfnin sem við þekkjum í dag voru prentuð í þjóðsagnabindið og hafa haldið sér að mestu leyti síðan þá. Reyndar hefur nafnið Hurðaskellir leyst Faldafeyki af.



Jólasveinar hafa gengið sinn þróunarstig, þeim ýmist fjölgað eða fækkað í gegnum tíðina og sérkennileg nöfn þeirra fallið í gleymsku.



Engill vonarinnar er seldur í verlsun Guðlaugs A. Magnússonar við Laugaveg og rennur hluti af söluverðinu til Krabbameinsfélagsins.

# Engill vonarinar styrkir Krabbameinsfélagið

***Krabbameinsfélagið hefur notið góðs af sölu Engils vonarinnar sem er nú seldur annað árið í röð.***

Engill vonarinnar er gripur gerður úr messing með 24 karata gyllingu. Gripurinn er hannaður af Hönnu S. Magnúsdóttur. Engillinn er merktur með ártalinu 2005 og er seldur í verslun Guðlaugs A. Magnússonar á Laugavegi 22a. Engill vonarinnar kostar 3.490 krónur og rennur hluti af andvirði hans til Krabbameinsfélags Íslands. Verslunin afhenti Krabbameinsfélaginu nýlega ágóðahlut síðasta árs sem nam 68.700 krónum. Ágóðinn verður nýttur í þágu krabbameinssjúklinga, meðal annars til umönnunar þeirra.

Einnig má styrkja Krabbameinsfélagið með því að hringja í styrktarsíma félagsins 907 5050 og verða þá eitt þúsund krónur skuldfærðar af viðkomandi símreikningi.

## Gleðileg jól }



### á ýmsum tungumálum

Armeníska Shenoraavor nor dari
Spænska Feliz navidad
Danska Glædelig jul
Hollenska Vrolijk Kerstfeest
Estóníska Ruumsaid juulup
Færeyska Gledilig jol
Finnska Hyvaa joulua
Franska Joyeux Noel
Gríska Kala Christouyenna!
Ítalska Buone Feste Natalizie
Serbneska Hristos se rodi
Víetnamska Chung mung giang sinh
Þýska Froehliche Weihnachten
Úsbeska Yangi Yiligiz Mubarak Bolsun
Georgíska Gilotsavt Krist'es Shobas
Grænlenska Juullimi Ukiortaassamilu Pilluarit
Makedóníska Srekan Bozik
Ástrasíska ‚Ave a bonza Chrissy, Mate


Nonni GULL
Trúlofunar- og giftingarhringir



20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040



KOLAPORTIÐ
JÓLAMARKAÐUR
Leikfangabásinn við Kaffi Port
50% afsláttur




TÓTI TANNÁLFUR OG
JÓSAFAT MANNAHRELLIR
MÆTA Í JÓLASKAPI **KL. 20**
OG **GEFA** BÖRNUNUM **GJAFIR**



OPIÐ Í DAG FRÁ 12-23

Komið og kaupið síðustu jólagjafirnar í Síðumúla 34.
Opið frá kl.11:00 til 21:00 í kvöld
Verð frá 200, – til 3.750, –
ICETREND OUTLET
FÖT Á LÆGRA VERÐI
Síðumúli
Fellsmúli
Leiðbeiningar
ICETREND OUTLET

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Reynir að ljúka undirbúningnum snemma

***Þessa dagana eru þeir eflaust margir sem lofa sjálfum sér að taka upp siði Gísla Einarssonar og fjölskyldu hans.***

„Það má kalla það fjölskylduhefð hjá okkur að við reynum alltaf að vera búin að öllum undirbúningi snemma,“ segir Gísli Einarsson, fréttamaður RÚV á Vesturlandi. „Það er reyndar konan sem stjórnar því og það liggur við að það sé búið að kaupa allar jólagjafirnar á miðju sumri,“ bætir hann við og hlær dátt.

Ástæðan er sú að hér á árum áður var oft afar mikið að gera hjá þeim hjónum fyrir jólin og lítill tími fannst til þess að sinna tiltekt og innkaupum.

„Við vorum bæði að vinna kannski fram á nótt á Þorláksmessu. Ég man ég sofnaði einu sinni uppréttur við tiltektina á aðfaranótt aðfangadags. Þess vegna höfum við reynt að vera búin tímanlega að öllu og hafa þá frekar tíma til þess að bjóða gestum og gera eitthvað skemmtilegt á aðventunni,“ segir hann.


Gísli Einarsson, fréttamaður RÚV, segist reyna að vera búinn að öllu snemma fyrir jólin.

Gísli og kona hans eru iðulega með danskan julefrokost á aðventunni og bjóða þá vinum sínum og vandamönnum í hann. Þá er hefðbundið danskt svínaflesk á borðum og síld frá Hofsósi, ásamt öðru lostæti.

Fjölskylda Gísla var vön að gera laufabrauð saman, en seinustu árin hefur sá siður farist fyrir vegna anna. Þó helst skötusiðurinn áfram, en Gísli mætir alltaf í skötuna til móður sinnar á Þorláksmessu með börnin sín þrjú, 7, 9 og 15 ára. ■

# Jólasveinninn er til

***Árið 1897 skrifaði átta ára stúlka, Virginia O'Hanlon, bréf til blaðsins The New York Sun og spurði hvort jólaveinninn væri til. Svarið fékk hún í einum af frægustu leiðurum í sögu blaðamennskunar.***

O'Hanlon fjölskyldan var vön að senda spurningar í Spurt og svaraðdálkinn í The Sun þegar upp komu vafamál um sögulegar staðreyndir. Því ákvað Virginia að spyrja blaðið, sem aldrei hafði logið að henni, hvort jólasveinninn væri í raun og veru af holdi og blóði eða uppspuninn einn.

Bréfið rataði alla leið inn á skrifborð til Francis P. Church ritstjóra sem vanalega sá um umdeildustu málin, og hann sá strax að þetta var bréf sem hann þyrfti að svara sjálfur. Í svarinu stóð meðal annars:

Jólasveininn er til, rétt eins og ást, gjafmildi og staðfesta. Allt eru þetta hlutir sem gefa lífinu fegurð og gleði. Sjá!, hversu drungalegur yrði heimurinn ef enginn jólasveinn væri meðal oss! Hann væri jafn drungalegur og ef engar Virginiur væru til. Þá væri engin barnstrú, engin ljóðlist og engin rómantík til að gera tilveruna þolanlega. Við gætum einskis notið, nema sjá það og skynja. Hið lýsandi ljós, sem barndómurinn heiminn fyllir, yrði kæft. ■



Gefðu mjúka gjöf
Nýtt frá 66°NORÐUR
100% Merino-ullarnærföt
Ullarbolur
barna, verð frá
3.600 kr.
fullorðins
5.900 kr.
Ullarbuxur
barna, verð frá
3.100 kr.
fullorðins
4.900 kr.
www.66north.is
REYKJAVÍK: Kringlan - Bankastræti 5 - Faxafen 12
GARÐABÆR: Miðhraun 11 - Akureyri: Glerárgata 32
66° NORÐUR

Púls.is
Nýtt á Íslandi
Brain Tunerinn: Eykur orku, einbeitingu, minni og vinnur gegn Streitu, Svefnleysi, fíkn, kvíða, þunglyndi, lesblindu og margt fl.
Sjá Reynslusögur á puls.is
Verð aðeins kr.18.900
Upplýsingar í s. 899 9046



GAMANMYNDIN VOKSNE MENNESKER ER KOMIN Í VERSLANIR Á DVD UM LAND ALLT.
Voksne Mennesker hefur fengið framúrskarandi gagnrýni og hlaut fern Edduverðlaun í ár!
Mynd ársins – Leikstjóri ársins – Besta Handritið og Besta tónlistin. Veglegt aukaefni fylgir disknum.
Frábær mynd fyrir alla aldurshópa.
ZIK ZAK
SAM MYNDIR

## Til bygginga




## Óskast keypt

Óska eftir stálfelgum undir Subaru Forester '98. Upplýsingar í s. 892 5535.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.




## Vöruflutningar




## Jólaskemmtanir

Hurðaskellir og Skyrgámur eru komnir til byggða! Mætum á jólaböll og í heimahús með tilheyrandi gauragangi, söng og hljóðfæraleik. Erum öllum hnútum kunnir, enda búnir að vera jólasveinar í 276 ár. Hurðaskellir: 692 1767, Skyrgámur: 865 3584.

## Hreingerningar

**Heimilisþrif**
Tökum að okkur vikuleg heimilisþrif. Upplýsingar í síma 824 1455.

## Ræstingar




## Málarar

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum eftir áramót. Uppl. í s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald




Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

**Húsaviðhald.**
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl. Vönduð vinna. Upplýsingar í síma 695 4661 og 892 2752.

## Stífluþjónusta







## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is




# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 · Bylgjan 98,9 · FRÉTTABLAÐIÐ · Létt 96,7 · vísir

Langar þig að senda þínum nánustu jólakveðjur? Hringdu í síma 550-5000 og pantaðu jólakveðju sem birtist á Bylgjunni, Létt 96,7 og Talstöðinni.
**Jólakveðja þín kemst til skila á BLT.**

Fartölvutilboð.
**Tæknival.is**

Landakort í tölvuna.
**Penninn-Eymundsson.**

Þorláksmessuhangikjöt, Þorláksmessuhangikjöt.
**Sundanesti.**

Allar jólabækur á tilboði
**í Office 1.**

Hagkaup býður landsins mesta úrval kjötvöru-
**Hagkaup, þar sem íslendingum finnst skemmtilegast að versla.**

Góðan daginn.
**Herrafataverslun Birgis. Opið til 22.**

Borðtölvutilboð.
**Tæknival.is**

Flauelsbuxur.
**Herrafataverslun Birgis. Opið til 22.**

Allar erlendar plötur á 1.699 kr. til jóla.
**Hagkaup.**

Jólagleði í Debenhams. 15% afsláttur af öllum jólagjafakössum í snyrtivörudeild.
**Debenhams, Smáralind.**

Skelfiskur.
Ekki skötuveisla.
**Vín og Skel, Laugarvegi 55 b. vinogskel.is**

Fluguveiðiskóli, gjafabréf.
**Langa.is**

Gjafakörfur, gjafakort.
**Maður Lifandi.**

Opið til 14 í dag.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Dregið á morgun, aðfangadag. Greiðslukortaþjónusta.
**Jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins.**

Ljósritunarvélar.
**Tæknival.is**

Allt utan um jólapakkann,
**Office 1.**

Öðruvísi blómaskreytingar.
**Blómaverskstæði-Binna**

Jólavörur, Jólakníöll.
**Partýbúðin Grensásvegi.**

Lene-Bjere auglýsir!
Jólagjafir í úrvali.
**Lene-Bjerre Bæjarlind 6**

Vetrarúlpur, ullarkápur,
**hjá Hrafnhildi.**

Herðaslár,
**Eggert Feldskeri.**

Jólafegurð í Debenhams. 15% afsláttur af öllum jólagjafakössum í snyrtivörudeild.
**Debenhams, Smáralind.**

Opið í dag.
Greiðslukortaþjónusta.
**Jólahappdrætti Krabbameinsfélagsins.**

Prentarar.
**Tæknival.is**

Við höfum opið í móttökustað Sorpu, Gufunesi,
í dag eins og venjulega á aðfangadag 8:00 til 11:00.
Jóladag og annan í jólum verður lokað.
**Sorpa.**

Ítalskar sparidragtir,
**hjá Hrafnhildi.**

Kjólar 3.990,
**Guts Laugavegi 72.**

Mikið úrval af fallegum jóladúkum í öllum stærðum og gerðum.
**Rúmfatalagerinn- aðeins ódýrari.**

Lene-Bjere auglýsir!
Handklæði og fylgihlutir á bað.
**Lene-Bjere Bæjarlind 6**

Samsýning merkra listamanna,
**101 Gallerý, Hverfisgötu 18A.**

Frábær verð á Jólaspilum
**í Office 1.**

Réttu stærðirnar.
**Belladonna.**

Kortadiskur Landmælinga.
**Penninn-Eymundsson.**

Opið laugardag
**Herrafataverslun Birgis.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
**Spöngin-Grafarvogi.**

Handklæðaofnar í miklu úrvali.
**Ofnasmiðja Reykjavíkur.**

Harðir pakkar.
**Tæknival.is**

Heilreykt gæsabringa.
**Ostabúðin Skólavörðustíg.**

Jakkaföt.
**Herrafataverslun Birgis. Opið til 22.**

Jólahappaþrennurnar eru komnar á sölustaði.
Gleðileg jól.
**Happaþrennan.**

Jólavörur
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Opið til 23 í kvöld.
**IKEA.**

Vertu þú sjálf.
**Vertu Belladonna.**

Eldsteikt er ekta. Bíómiði á myndina Draumalandið fylgir með kaupum á barnaboxum á Burger King fram að jólum, eða á meðan birgðir endast.
**Burger King.**

Myndavélar.
**Tæknival.is**

Flottar buxur,
**Guts Laugavegi 72.**

Listmálaratrönur.
**Penninn Hallarmúla.**

Sívinsælu ullarnærfötin úr 100% Merino-ull komin til okkar.
Buxur og bolir fyrir alla fjölskylduna.
**66° Norður – Klæddu þig vel.**

Sparijakkar, sparipils,
**hjá Hrafnhildi.**

Jólasýning í 101 Gallerý,
**Hverfisgötu 18A.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
**Spöngin, Grafarvogi.**

Gjafavörur.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Silkipeysur,
**hjá Hrafnhildi.**

Vantar þig jólafötin,
**Guts, Laugavegi 72.**

Hárspangirnar fást í
**Skarthúsinu Laugavegi.**

Vertu Belladonna
**um jólin.**

Förðun og snyrtivörur.
**Maddina Laugavegi.**

Teinóttar buxnadragtir,
**hjá Hrafnhildi.**

Kínaskór. Allar stærðir.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

Nýtt hjá 66° Norður – ullarnærföt úr 100% Merino-ull.
Buxur og bolir fyrir alla fjölskylduna.
**66° Norður – Klæddu þig vel.**

Jólin eru komin í frönsku búðinni. Opið frá kl. 10-22 í
**Kringlunni og á Laugavegi.**

Franska búðin du pareil au meme,
**Laugavegi og Kringlunni.**

Jólaskreytingar.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Leðurjakkar.
**Herrafataverslun Birgis. Opið til 22.**

Gjafakort, vinsæl jólagjöf,
**hjá Hrafnhildi.**

Stakar buxur.
**Herrafataverslun Birgis. Opið til 22.**

Lene-Bjere auglýsir!
Sloppar fyrir dömur og herra.
**Lene-Bjere Bæjarleind 6**

Ítölsk Panitone jólakaka.
**Ostabúðin skólavörðustíg**

Sælkerakörfur.
**Ostabúðin Skólavörðustíg**

Ullarpeysur, silkipeysur,
**hjá Hrafnhildi.**

Stakir jakkar.
**Herrafataverslun Birgis. Opið til 22.**

Öll verk á netinu.
**Galleri Lind, Bæjarlind. Galleri-Lind.is**

Nýja íslenska 38 tommu jeppadekkið.
**Jeppamiðstöð Arctic Trucks, Kletthálsi 3.**

Ostakörfur.
**Ostabúðin Skólavörðustíg.**

Opið til tíu,
**hjá Hrafnhildi.**

Hársnyrtistofurnar í Kringlunni:
Krista og Quest óska viðskiptavinum sínum
**og landsmönnum öllum gleðilegra jóla.**

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.
**Áman.**

Elsku ættingjar og vinir.
Kær jólakveðja.
**Elín Símonardóttir og Jóhann Alfreð.**

Herbalife,
www.elin.b.hartmans.is,
Elín, Viðar, Bjartur og Elvar á Húsavík senda fjölskyldu vinum og samstarfsfólki um land allt hugheilar jóla- og nýárskveðjur með þakklæti fyrir árið
**sem er að líða.**

Óskum öllu ættingjum og vinum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
**Lalli, Stefa og börn, Reykjaflöt Hrunamannahreppi.**

Óskum viðskiptavinum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökk fyrirsamstarfið á árinu sem er að líða.
**Franska búðin – Du Pareil au meme.**

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.
**Tvö-líf.**

Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

**Íslenska Óperan.**
Löng, flott hálsmen og krossar.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

# KONUR HLUSTA

83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra þvísamkeyrðar auglýsingar.

Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

## Snyrting




## Rafvirkjun




## Spádómar







### Örlagalínan 908 1800 & 595 2001

Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

### Englaljós til þín

Ertu óhamingjusamur/söm? Viltu vita meira?Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára kl. 16:00 til kl. 24:00.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

### Laufey 908 2200

Símaspá, Miðlun, draumar, fyrirbænir og huglækningar með leiðsögn að handan.

# HEILSA

## Snyrting




## Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Þú getur það með Herbalife! 6 ára reynsla/góð eftirfylgni. Edda Borg S. 896 4662.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

www.betriheilsa.is Betri heilsa með næringuna að leiðarljósi Ásdís s:843 0656

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

# TIL SÖLU







# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug

Flugfélagið Geirfugl heldur bóklegt einkaflugmannsnámskeið sem hefst 9. jan. nk. Skráning á www.geirfugl.is eða í s: 511-5511

## Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til sölu mjög gott og fallegt sófasett, 3ja sæta sófi, mjög nettur hallanlegur hægindastóll og stór pulla. Keypt í Míru, sést nánast ekkert á því. Þarf að seljast fyrir jól. Upplýsingar í síma 690 0554.

## Heimilistæki

TV móttakari fyrir plasma, LCD eða skjávarpa, nýir beint frá verksmiðju. Ísl. textavarp, mynd í mynd og fleira. Sjá www.simnet.is/plasma/tuner.htm eða í síma 659 8056.

## Barnavörur



### Ný Disel sending

.Róbert Bangsi og unglingarnir. Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 www.robertbangsi.is sími 555 6688.

## Dýrahald

### Gæludýrabúr 50% afsláttur.

Öll fuglabúr, hundabúr, nagdýrabúr, kattarbúr og fiskabúr með 50% afslætti. Allar aðrar vörur 30% afsláttur. Full búð af nýjum vörum.

**Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj.**

### 40% Afsláttur

Af öllum fugla , fiska og nagdýrabúrum fram til Jóla.
Fuglabúr frá kr 2.340 m-afsl.
Hamstrabúr frá kr. 2.520 m-afsl.
Kanínubúr frá kr. 4.260 m-afsl.
Fiskibúr með öllu frá kr. 4.788 m-afsl.

**Dýraland Mjódd, s. 587 0711, Dýraland Kringlan, s. 588 0711 Dýraland Spöng. s. 587 0744.**



Hreinræktaðir langhundahvolpar til sölu, heilsufarssk. og ættbókafærðir. Frábærir fjölsk.hundar og góð jólagjöf. Uppl. í s. 868 4782.

### Hundaræktunin í Dalsmynni

Var beðin um að selja Chihuahua 7 mán. Uppl. í s. 566 8417.

Gullfallegir, grábröndóttir kettlingar fást gefins. Ca. 8 vikna, kassavanir. Uppl. í s. 860 2965 eða 471 1633.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is













## Hestamennska



Vindótt og álótt. Frumtamin trippi og ótamin á ýmsum aldri til sölu. Einstakir litir. S. 699 6684 og 566 8587.

### Samspil járninga og þjálfunar!

Sigurður Torfi Sigurðsson og Freyja Hilmarsdóttir verða með 3ja helga námskeið 6. 7. og 8. jan., 3. 4. og 5. mars og 28. 29. og 30. apríl. Farið verður yfir ástand hestsins, fóðurstand, útlit og hárafar skoðað, farið yfir ástand hófa. Þá verður ganglag hvers hests skoðað og útbúið þjálfunarferli. Hestarnir verða síðan járnaðir með tilliti til ganglags og þjálfunar prógrams. Takmarkaður fjöldi. Verð kr. 90 þús. Boðið er upp á Visa léttgreiðslur.

**Upplýsingar og skráningar í s. 899 3554 & 896 9554. Lokadagur skráningar er 2. jan. 2006.**




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

## Ljósmyndun

Tekur þú myndir? Eru þær í öruggri geymslu? Fyrir 9,95 US$ á mánuði færðu 15 gígabita öruggt geymslupláss, 100 framkallaðar myndir á gæðapappír, gefins vörur að verðgildi 40 - 60US$ og heildsöluver á öðrum vörum. Og þetta er í hverjum mánuði. Aðrir áskriftarpakkar í boði. Hafið samband, Heimsmynd ehf s. 699 1114 www.heimsmynd.myphotomax.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Einstaklingsíbúð til leigu frá 1. jan í hverfi 104. Tilvalið fyrir háskólanema. Uppl. í s. 553 9644.

2ja herb. 73 fm íbúð til leigu í Barmahlíð. Laus strax. Uppl. í s. 693 0130 e.kl.12.

Herbergi til leigu í Hraunbæ. Verð 25 þús. Uppl. í s. 865 9637.

## Húsnæði óskast

2ja til 3ja herb. íbúð óskast á leigu í lágmark 3 mán. eða lengur með eða án húsgagna. Uppl. í s. 821 4840.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir ca 500 fm lagerhúsnæði til 6-8 mánaða. Á svæði 110 eða 112. S. 898 6095.

Húsnæði óskast undir lítið ljósmyndastúdíó, helst miðsvæðis. S. 844 1299.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Gisting

**Gisting í Reykjavík.**
Hús með öllum búnaði. Heitur pottur. Upplýsingar og pantanir í síma 588 1874 eftir kl.. 18 : 00. www.toiceland.net og travel@toiceland.net

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben. Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 2460 9552.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEF TV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Grunnskóli Seltjarnarnes Valhússkóli.**
Laus er til umsóknar staða kennara í tæknimennt frá og með 1. jan. 2006.
**Uppl. veitir Sigfús Grétarsson í s. 595 9250.**

**Just-Eat.is**
Vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat á kvöldin. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

Big papas Pizza opnar nýjan og glæsilegan stað í Engihjalla Kópavogi í byrjun janúar. Okkur vantar starfsfólk í fullt starf og hlutastarf. Hentar vel skólafólki. Opnunartíminn verður 11-22 virka daga og 11-23:30 um helgar. Áhugasamir sendið póst með helstu upplýsingum á haffi@infinity.is.

**Ræsting hentar vel fyrir heimavinnandi**
Morgunvinna, unnið frá 08:00-12:00 og 08:00-14:00 til skiptis tvo daga aðra vikuna og 5 daga hina vikuna. Uppl. og umsóknir á staðnum eða á www.kringlukrain.is

**Ræstingar**
Vantar duglegt fólk við heimilisþrif á daginn, 50-100% vinna. Góð laun í boði. Uppl. í s. 578 1450 eða sendið mail á nostra@nostra.is.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM
OPIÐ Í DAG FRÁ 10:00 -22:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Nýtt nýtt. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi ! www.makalaus.is Partý og matarklúbur á síðunni.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á vísir VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á vísir.is

HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

# Djúpivogur

**Lausar eru stöður yfirlæknis og hjúkrunarstjóra í Djúpavogslæknishéraði.**

**Heilbrigðisstofnun Austurlands auglýsir eftir heilsugæslulækni (yfirlækni) í Djúpavogslæknishérað. Á sama svæði er einnig laus staða hjúkrunarstjóra. Staða hjúkrunarstjórans er laus frá áramótum eða eftir samkomulagi en staða læknis er laus frá 1. febrúar 2006 .**

Þessar stöður geta t.d. hentað hjónum sem vildu taka að sér störf í heilsugæslu á rólegum og barnvænum stað. Djúpavogslæknishérað telur rúmlega 700 íbúa sem eru fyrst og fremst búsettir í tveimur byggðakjörnum, Djúpavogi og Breiðdalsvík, en einnig fylgja héraðinu sveitabyggðir í Breiðdal, Berufirði, Álftafirði og Hamarsfirði. Læknishéraðið liggur að Egilsstaða- og Fáskrúðsfjarðahéruðum innan HSA og að Höfn í Hornarfirði í suðri.

Á Dúpavogi er góð heilsugæslustöð og íbúðarhúsnæði fyrir lækni. Á Breiðdalsvík er heilsugæslusel. Þangað fer læknirinn tvisvar í viku frá Djúpavogi. Vinnutími er sveigjanlegur.
Á Djúpavogi er góð íþróttaaðstaða og samfelldur skóladagur. Námið í grunnskólanum, tónlistarnám og íþróttaiðkun er allt samstillt og því er oftast lokið kl. 15.00. Leikskólinn er nýr og vel búinn. Þarna er fagurt umhverfi og auðvelt að stunda útivist svo sem hestamennsku, veiði og göngur.

**Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2006.**

Upplýsingar veita Emil Sigurjónsson rekstrarstjóri ( emils@hsa.is / 895 2488 ), Lilja Aðalsteinsdóttir hjúkrunarforstjóri ( lilja@hsa.is / 860 1920 ) Stefán Þórarinsson lækningaforstjóri ( stefanth@hsa.is / 892 3095 ) og Fjóla Björnsdóttir yfirlæknir á Djúpavogi ( fjola@hsa.is / 860 6810 ).

Létt 96,7
Jólastöðin þín!

ÚTVARPSFÓLK
Létt 96,7

Létt 96,7 er fyrst og fremst afþreyingarútvarp þar sem dagskrárgerðarfólk leggur áherslu á léttleika og lítið tal í bland við tónlistina.

Áhugasamir sendi okkur bréf með ferilskrá og viðeigandi upplýsingum ásamt mynd til Létt 96,7, Krókhálsi 6, 110 Reyjavík fyrir 30. desember.

## Langar þig að vinna í útvarpi?

Létt 96,7 leitar að dagskrárgerðarfólki til að starfa á öldum ljósvakans. Við leitum eftir duglegum einstaklingum með góða útvarpsrödd, skemmtilegt fas og áhuga á fjölmiðlum. Skilyrði er að viðkomandi hafi góð tök á íslenskri tungu.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

# SJÓNARHORN



Ljós og skuggar í Laugardalslaug. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## TOPP 5: BJÖRK

**1. Homogenic (1997).** Var meðal annars pródúseruð af þáverandi kærasta hennar Howie B. Fór í gull í Bandaríkjunum árið 2001. Margir taktar plötunnar eiga að endurspegla íslenskt landslag og íslenska náttúru.

**2. Vespertine (2001).** Í myndbandinu við lagið Pegan Poetry sást meðal annars í brjóst Bjarkar og var myndbandið þess vegna bannað víða um heim. Elektródúettinn Matmos frá San Fransiskó vann náið með Björk við gerð plötunnar.



**3. Debut (1993).** Fyrsta sólóplatan hennar eftir upplausn Sykurmolanna. Tónlistin á plötunni var upphaflega flokkuð sem danstónlist þó margir séu ekki sammála því í dag. Árið 1998 setti tónlistartímaritið Q plötuna í 74. sæti yfir bestu plötur allra tíma.

**4. Medúlla (2004).** Aðeins þrjú hljóðfæri voru notuð við gerð plötunnar; píanó, gong og mannsraddir. Frægustu tónlistarmennirnir sem tóku þátt í gerð plötunnar eru án efa Mike Patton, Robert Wyatt og Rahzel. Sú plata Bjarkar sem náð hefur hæst á bandaríska Billboard-listanum, 14. sæti.

**5. Post (1995).** Umslag plötunnar hefur birst í hinum ýmsu blöðum og bókum yfir bestu plötuumslög sögunnar. Náði upp í annað sæti á breska plötulistanum og er hennar mest selda plata þar. It's oh so quiet er gamalt lag með Betty Hutton sem hét upprunalega Blow a Fuse.


THE MANGO KINGS




Kökusett
Tilboðsverð: 4.640 kr



Villeroy & Boch
Kringlunni

## TÓNLEIKAR GEGN VIRKJANASTEFNU STJÓRNVALDA

Mér er hugleikinn undirbúningur að stórtónleikum í Laugardalshöll 7. janúar sem ber yfirskriftina „Viltu verða náttúrulaus“ og „Stöðvum stíflurnar“. Ég hef ásamt fríðum flokki undirbúið þessa tónleika og hefur verið stórkostlegt að finna þann meðbyr sem málefnið fær. Hafa verður í huga að þrátt fyrir stanslausan áróður stjórnvalda var niðurstaða Gallup könnunar í sumar að yfir helmingur landsmanna er EKKI hlynntur þessum framkvæmdum. Markmið tónleikanna er að stöðva þær hræðilegu hugmyndir að virkja fallegustu ár og fossa landsins. Virðist sem Landsvirkjun, sé efst í huga að selja landið og orkuna okkar á sem lægstu verði og eyðileggja ósnortna fegurð þessa lands.

## REYKJAVÍK UNDIR VATN

Það er sorglegt að sjá hve mörgum staðreyndum hefur verið hagrætt varðandi umhverfisáhrif sem þessar framkvæmdir hafa í för með sér. Almenningur hefur ekki fengið réttar upplýsingar og mun það fjármagn sem skapast vegna tónleikanna fara í að upplýsa fólk því það verður að fá upplýsingar. Það er auðvitað fráleitt að í svo stóru máli sem þessu sé ekki hægt að treysta á fjölmiðla eða aðrar lýðræðislegar stofnanir sem ættu sóma sínum samkvæmt að gefa fólki tækifæri á að taka eðlilega afstöðu í þessu máli. Það land sem færi undir vatn er hægt að leggja að jöfnu við STÓR REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ EÐA 47 ÞÚSUND FERKÍLÓMETRA. Já, sökkvum þessu bara.

## ÍSLAND DRASL OG RUSLAHAUGUR

Ég veit ekki hvernig uppeldi fólk hefur fengið sem er sama um landið sitt og nánasta umhverfi og jafnvel sama um náunga sinn. Þetta kristallast alls staðar í samfélaginu hvernig við hugsum um aldraða og sjúka, öryrkja og aðra sem bágstaddir eru. Hendum þeim eins og öllu einnota drasli sem við kaupum til að friða samvisku okkar gagnvart illa hirtum börnum þessa lands sem við höfum talið trú um að kennarar þeirra og leikskólakennarar séu svo mikið drasl að þeir eigi ekki skilið mannsæmandi kaup.

## KVEIKJUM Í DRASLINU

Jólin eru á næsta leyti og það er vel. Vonandi finnum við FRIÐINN sem á að fylla hug okkar og þá sæluvímu sem góð SAMVISKA getur kallað fram. Það ætti ekki að vera erfitt eftir að við Íslendingar stefnum í söluhæstu jól í manna minnum. Kaupum okkur frið með dýrindis drasli sem við gefum börnunum okkar og þeim sem nánastir eru. Kveikjum á kertum samviskunnar og ljósi heilagleikans til að þykjast ekkert sjá og ekkert skilja. Amen.



## EFST Í HUGA

**MARGRÉTAR VILHJÁLMSDÓTTUR**
LEIKKONU

**GUÐRÍÐUR B. HELGADÓTTIR** SKRIFAR UM RAUSNARSKAP RÁÐAMANNA.

# Opið jólakort til ráðamanna

Sem ellilífeyrisþegi er mér ljúft og skylt að þakka fyrir mig, og senda ykkur öllum hugheilar jólakveðjur og óskir um batnandi hag á nýju ári, því mikil var ykkar hugulsemi við okkur gamla fólkið að senda okkur í byrjun desember, (í mínu tilfelli 16.033 krónur) uppbót á launin okkar, sem voru þó að ykkar mati aldeilis nógu há fyrir.

Minn launaseðill frá Tryggingarstofnun var þá með því kominn upp í 91.486 krónur og á honum hvílir engin launaleynd svo mér er frjálst að gera þetta heyrum kunnugt, ef einhver skildi nú vilja taka undir þessi orð mín og láta í sér heyra fyrir svipaðan rausnarskap.

Og svo kom rúsínan í pylsuendanum. KJARAUPPBÓT á ellilífeyri: 25.868 krónur. Þvílík rausn!

En æ og ó! Staðgreiðsla skatta tók af þessu 21.331 krónur svo eftir stóð til jólaglaðnings og ráðstöfunar fyrir mig mismunurinn sem hljóðaði upp á 5.521 krónur. (Hvað ætli hafi kostað að færa þessar greiðslur úr öðrum vasanum yfir í hinn hjá ríkinu?).

En viðkvæmri sál gamalmennisins varð svipað innanbrjósts eins og barni, sem er réttur skrautlegur gjafapakki sem dreginn er til baka á samri stundu áður en það fær hann í hendur. Þetta hét nú þegar ég var að alast upp „að gefa með rassahendinni.“

Skýringin kom, þegar líða tók að jólum. Það þurfti að LÆKKA skattana á hátekjufólki og peningamönnum og HÆKKA LAUN æðstu manna þjóðarinnar strax um næstu áramót, því þeir áttu víst ekki eftir aura fyrir klósettpappír fyrir jólin. Aumingja, blessaðir mennirnir!

Og þarna var heilmikill pakki af fallegum jólapappír, er þessir blessaðir örvasa vesalingar sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér, höfðu ekkert með að gera. „Og nýta flest í nauðum skal.“ Og ég segi fyrir mína parta: Gleðileg jól og verði ykkur að góðu. Elsku hjartans englarnir mínir. Þið vitið hvað ég meina. ■

## BRÉF TIL BLAÐSINS

**Sigurður Þóris skrifar:**

Lengi hefur sá góði siður tíðkast á Rás 2 að Gestur Einar Jónasson leikur jólalög á aðfangadag. Hef ég alltaf hlakkað sérstaklega til lags Jösse Björlings, Helgje natt, en það leikur Gestur af gamalli plötu úr sínu einkasafni.

Í ár ber svo við að Gestur Einar er hættur á Rás 2 og leikur því engin jólalög. Þetta þykir mér miður, því þessi þáttur og sérstaklega lagið hans Bjösse marka upphaf helgihaldsins í mínum augum. Ég vona svo sannarlega að ég muni aftur heyra í Gesti Einari á aðfangadag.




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.408 **+0,66%** **Fjöldi viðskipta:** 223 **Velta:** 4.650 milljónir

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **FL Group** | +2,21% |
| **Össur** | +1,35% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **Dagsbrún** | -0,72% |
| **Straumur** | -0,63% |
| **Marel** | -0,61% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 49,50 -0,60% ... Bakkavör 51,80 +0,40% ... FL Group 18,50 +2,20% ... Flaga 4,86 +0,00% ... HB Grandi 9,50 +0,00% ... Íslandsbanki 17,00 +0,60% ... Jarðboranir 24,70 +0,40% ... KB banki 713,00 +1,30% ... Kögun 59,80 +0,00% ... Landsbankinn 25,900 +0,40% ... Marel 65,20 -0,60% ... SÍF 4,18 +0,00% ... Straumur-Burðarás 15,80 -0,60% ... Össur 113,00 +1,40%

Tölur miðast við 22. desember kl. 14:19

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Kastró-jól kaupmanna**

Kaupmenn eru kátir með jólaverslunina og almennt er búist við að metsala verði í jólasölunni í ár. En það kann að vera fullmikið af því góða að draga jólaverslunina á langinn. Á forsíðu Fréttablaðsins í gær, þann 22. desember, birtist auglýsing frá Smáralind þar sem minnt var á að fjórir dagar væru til jóla. Minnir þetta óneitanlega á söguna af Kastró sem lét fresta á jólunum á Kúbu til að þess að bjarga uppskerunni. Ekki er víst að þessi mistök hafi kætt litla fólkið sem bíður óþreyjufullt eftir hátíð ljóss og friðar.



**Talnaspeki í Toyota**

Nýr eigandi Toyota-umboðsins Magnús Kristinsson, nýr eigandi Toyota-umboðsins, afhenti kaupanda Toyota-bifreið sem var númer 4.544 á árinu í sölu umboðsins. Með Magnúsi afhenti bílinn Björgvin Njáll Ingólfsson, deildarstjóri hjá fyrirtækinu, en Björgvin varð einmitt 44 ára þennan dag. Í fljótu bragði virðist hvorug talan bera merki mikilla tímamóta. Fyrir Magnús og fjölskyldu hans hefur gæfa fylgt tölunni 44. Þannig var aflaskipið Bergur með kennimarkið VE 44 og eignarhaldsfélag Magnúsar, sem grætt hefur mikið á fjárfestingu í Straumi, heitir MK 44 og það heiti prýðir einnig númeraplötur bifreiðar Magnúsar. Svo kann einhverjum að þykja það skemmtilegt til viðbótar þessu að Toyota-umboðið selur víst talsvert af 4x4 bifreiðum.

## MARKAÐSPUNKTAR

Íslandsbanki var ráðgjafi við kaup á Rahbekfisk í Danmörku. Kaupendurnir voru RedSquare Invest og stjórnendur Rahbekfisk. Danska fyrirtækið stendur framarlega í framleiðslu á tilbúnum réttum í Evrópu.

Nafnvirði sjávaraflans jókst um 1,6 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins samanborið við sama tíma í fyrra og nam tæpum 52 milljörðum. Greiningu Íslandsbanka þykir það markvert þar sem krónan hefur haldist sterk á þessu ári.

Þjóðverjar kaupa jólatré fyrir fjörutíu milljarða króna á þessu ári samkvæmt frétt Börsen. Alls er talið að 27,7 milljónir trjáa seljist í Þýskalandi fyrir jólin. Meginpartur trjánna kemur frá Danmörku.

# Íbúðalánasjóður hækkar vexti

Íbúðalánasjóður verður að hækka vexti á íbúðalánum í kjölfar útboðs á íbúðabréfum, sem lauk í gærmorgun. Lægri vextir sjóðsins verða 4,45 prósent en hærri vextir sjóðsins 4,70 prósent. Greiða verður sérstaka uppgreiðsluþóknun ef lánin á lægri vöxtunum er greidd upp.

Íbúðalánasjóður stendur fyrir útboðum á íbúðabréfum til að fjármagna útlán sín. Þau kjör sem hann fær í þessum viðskiptum ráða vöxtum íbúðalána. Fái hann verri kjör þarf að hækka vextina og öfugt ef kjörin batna.

Hallur Magnússon, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, segir þessa niðurstöðu í samræmi við þróun ávöxtunarkröfu á markaðnum undanfarna daga.

Íbúðalánasjóður tilkynnti um útboðið eftir lokun markaða á miðvikudag og þurftu áhugasamir að senda inn tilboð fyrir opnun markaða í gær. Þetta eru nýmæli því venjulega stendur útboðið yfir þegar markaðurinn er opinn.

Hallur segir þetta gert í ljósi þess að einn banki hafi reynt að hafa áhrif á kjör Íbúðalánasjóðs með mikilli sölu íbúðabréfa í síðasta útboði. Þess vegna hafi þetta verið gert fyrir utan opnunartíma markaðarins. Skoðað verði í framhaldinu hvort þessi leið verði notuð aftur. **-bg**

# EasyJet kaupir 20 Airbus-vélar

EasyJet hefur nýtt sér rétt í samningi við Airbus-flugvélaverksmiðjurnar um að kaupa tuttugu nýjar A319 flugvélar og koma þær til viðbótar við þær 120 flugvélar sem easyJet samdi um að kaupa í lok árs 2002.

Vélarnar verða notaðar til að styðja við mikinn vöxt easyJet fram til ársins 2009. Kaupverðið er áætlað um 57 milljarðar króna.

Airbus hefur afhent 59 vélar frá því ritað var undir samninginn og 61 vél bætist í hópinn til ársins 2008 auk þessara tuttugu.

Gengi á bréfum í easyJet hefur hækkað um fjórtán prósent í desember og nemur markaðsvirði félagsins nú um 165 milljörðum króna. Frá áramótum hefur easyJet hins vegar hækkað um 100 prósent.**- eþa**





**KAUPA NÝJAR FLUGVÉLAR** EasyJet hefur keypt tuttugu Airbus-vélar til viðbótar við þær 120 sem samið var um árið 2002.

# Tóku 37 milljarða króna lán til að kaupa Símann

**Skuldabréfalán Símans hækka úr rúmum 6 milljörðum í tæpa 45 milljarða.**

Af þeim 66,7 milljörðum króna sem eigendur Skipta ehf. borguðu fyrir Símann í sumar lögðu þeir sjálfir til 30 milljarða. Afgangurinn, eða tæpir 37 milljarðar, verður fengin að láni.

Á hluthafafundi Símans á þriðjudaginn var samþykkt að Skipti og Íslenska sjónvarpsfélagið rynnu inn í samstæðu Símans. Í staðinn fengu eigendur þessara félaga hlutabréf í Símanum. Síminn yfirtók hins vegar eignir og skuldir Skipta og Íslenska sjónvarpsfélagsins.

Í staðinn fyrir að eiga í Skipti, sem síðan átti tæp 99 prósent í Símanum, munu eigendur Skipta eiga beint í Símanum eftir samruna félaganna. Verður eignarhlutur hvers og eins í svipuðu hlutfalli og eign þeirra í Skipti var. Leggja þeir þrjátíu milljarða hlutafé inn í Símann, sem síðan tekur yfir skuldina sem varð til þegar Símakaupin voru fjármögnuð.

Þeir hluthafar sem fyrir voru í Símanum fá afhent viðbótarhlutafé að nafnverði 678 milljónir króna. Er það gert svo verðmæti eignarhluta þeirra rýrni ekki þar sem Síminn tekur yfir skuldir Skipta. Þessir hluthafar eru rúmlega þúsund talsins og áttu áður 1,12 prósent hlutafjár. Eftir samrunann munu þeir eiga 2,45 prósent í félaginu.



**FRÁ FUNDI HLUTHAFAR.** Lýður Guðmundsson útskýrði fyrir hluthöfum hvaða forsendur lægju fyrir samruna Símans, Skipta og Skjás eins.

| **Hluthafahópur Símans*** | |
|---|---|
| Exista ehf. | 43,6% |
| Kaupþing banki hf. | 29,1% |
| Lífeyrissjóður verslunarmanna | 8,0% |
| Gildi – lífeyrissjóður | 8,0% |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 2,2% |
| Samvinnulífeyrissjóðurinn | 2,2% |
| MP Fjárfestingarbanki hf. | 1,9% |
| Imis ehf. (Skúli Þorvaldsson) | 1,9% |
| Hluthafar ÍS | 0,6% |
| Aðrir hluthafar | 2,4% |

*Miðað við 20. desember 2005

Samkvæmt efnahagsreikningi Símans, fyrir samrunann við Skipti og Skjáinn, námu skuldabréfalán fyrirtækisins rúmlega sex milljörðum króna í júní 2005. Eftir samrunann nema skuldabréfalánin 44,6 milljörðum króna. Er samruninn miðaður við 30. júní 2005. Síminn er því skuldsettari en áður en eigið fé hans hefur verið aukið á móti. Eiginfjárhlutfallið er því um 37 prósent.

Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, sagði á hlutafafundi á þriðjudaginn að unnið væri að endurfjármögnun Símans. Verður tekið sambankalán, sem íslensku bankarnir standa að, fyrir rúmlega þrjátíu milljarða króna. **-bg**


SKATA

saltfiskur,

siginn fiskur og kinnar.

OPIÐ Í DAG

10-22

FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686


# Rökke-veldið stækkar enn

Norska olíuleitarfyrirtækið Aker Drilling er nýjasta fyrirtækið úr Aker-samstæðunni sem er skráð í Kauphöllina í Osló.

Félagið var skráð á miðvikudaginn og hækkaði um sjö prósent frá útboðsgengi sem var 36,85 norskar krónur á hlut. Markaðsvirði félagsins er um 37 milljarðar.

Samstæðan er að stærstum hluta í eigu Aker ASA sem hinn góðkunni athafnamaður, Kjell Inge-Rökke, fer fyrir. Sex dótturfélög Aker-samstæðunnar eru skráð á hlutabréfamarkað auk Aker.

Stjórnendur Aker Drilling reikna með að gera þrjá fimm ára borsamninga á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. **- eþa**

# Bankastjórar KB banka menn ársins

Tímaritið Frjáls verslun hefur valið Sigurð Einarsson, starfandi stjórnarformann KB banka, og Hreiðar Má Sigurðsson, forstjóra KB banka, menn ársins 2005 í íslensku atvinnulífi.

„Þeir hljóta þennan heiður fyrir framúrskarandi hæfni við rekstur bankans, stækkun hans, farsælan feril, athafnasemi og frumkvöðlastarf í útrás íslenskrar bankaþjónustu og þróun íslensks fjármagnsmarkaðar," segir Jón G. Hauksson ritstjóri í fréttatilkynningu. Efnahagsreikningur og markaðsverðmæti bankans hafi meira en þúsundfaldast frá því að Sigurður Einarsson varð bankastjóri, en Hreiðar tók síðar við þeirri stöðu. **- bg**



**SIGURÐUR EINARSSON OG HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON.**



Jólatilboð aldarinnar
1 Þú kaupir Medion 40" LCD sjónvarp eða Medion 42" plasmasjónvarp...
40" LCDsjónvarp
HDTV READY
VAR AÐ LENDA
19.999**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
239.988 STAÐGREITT
MEDION®
40" LCD SJÓNVARP 30140
• HD Ready LCD sjónvarp
• Upplausn 1366 x 768
• 1000:1 í Skerpu
• Birta 500cd/m2
• Mynd í Mynd (PIP)
• Textavarp með 2100 síðna minni
• Styður PAL/SECAM/NTSC
• 2 x 10W RMS hátalarar innbyggðir
• 2x SCART, Composite og S-Video
• DVI-I tengi fyrir tölvur og HD efni
• Fullur HDCP stuðningur fyrir HD útsendingu
Mynd í mynd
Hægt að sjá hvað er í gangi í sjónvarpinu á meðan þú horfir á DVD eða eitthvað annað
HD Ready
Styður næstu kynslóð af BlueRay og HD-DVD spilurum sem verða með mun meiri upplausn og skýrari mynd.
HDTV READY
Tengdu við tölvuna
Stafrænt tölvutengi svo þú getur notað sjónvarpið sem risatölvuskjá! Gerist ekki betra fyrir nýjustu leikina!
Ótal tengimöguleikar
Tvö Scart tengi, Component tengi og S-Video tengi þýðir að þú getur tengt nóg af græjum við án þess að lenda í vandræðum.
Skýrari mynd
Venjuleg sjónvörp eru með 640 x 480 upplausn. Medion 40" LCD getur sýnt 1366 x 768 línur eða þrefalt skýrari mynd en gamla tæknin ræður við.
Skerpa 10.000:1
40% skýrari mynd*
42" Plasmasjónvarp
HDTV READY
15.799**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
189.588 STAÐGREITT
MEDION®
Glerstandur!
42" Plasmasjónvarp MD35798
• Mynd í Mynd (PIP)
• Tveir sjónvarpsmóttakarar
• Mikil skerpa, 10000:1
• Birta 1000cd/m2
• Textavarp með 2100 síðna minni
• HDTV stuðningur, 720p, 1080i
• HDCP stuðningur
• Innbyggðir víðóma hátalarar
• Vönduð ál yfirbygging
• Styður PAL/NTSC/SECAM
• DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
• 2 EURO SCART tengi
• Composite video tengi (RCA)
• S-Video tengi (MINI DIN)
• Þyngd án stands: 38kg
Miklir tengimöguleikar
2 SCART tengi og S-Video tengi sem gera þér kleift að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISAstóran tölvuskjá ásamt mörgum öðrum tengimöguleikum.
Mynd í mynd
Ekki missa af neinu, þú getur horft á tvær sjónvarpsstöðvar í einu. Þú getur haft sem hornmynd eða skipt stöðvunum jafnt á skjáinn.
Vá!
9" Ljóttsjónvarp
2 ...skilar gamla sjónvarpinu þínu...
Tegund, stærð, ástand, aldur eða áhorf sjónvarpsins skiptir ekki máli, bara að það sé eða hafi verið sjónvarp.
3 ...færð Sony heimabíó og 11 DVD myndir
SONY GÆÐI
Nú er ráð að skipta um tæki!
BT
SONY®
SONY HEIMABÍÓ DAVDZ100
DAVDZ100
• S-Master Digital Magnari
• BV720 Watt • Útvarp FM/AM RDS
• A/V Sync • Fjölkerfa • Mutli Stereo
• Spilar CD-/CD-RW/DVD+R/DVD+RW/DVD-R/DVD-RW
• VCD/S-VCD/MP3/JEG/Divx
• Dolby Digital, DTS og PLII
• Hljóðtengi fyrir sjónvarp
• Fjarstýring
35.999
Klikkaður kaupauki!
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444



CHARLES ATLAS (1893-1972) LÉST ÞENNAN DAG.

*„Æfing, þrautseigja og þolinmæði sigra ávallt.“*

*Charles Atlas var víðfrægur bandarískur kraftajötunn.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 23. DESEMBER 1948

## Stríðsglæpamenn teknir af lífi

Á þessum degi árið 1948 voru sjö háttsettir Japanar hengdir í Tókýó fyrir glæpi sem þeir frömdu í síðari heimsstyrjöldinni. Þá voru margir þeirra einnig fundnir sekir um glæpi gegn mannkyninu, sérstaklega hvað varðaði skipulagt þjóðarmorð á Kínverjum. Meðal þeirra sem voru teknir af lífi var Hideki Tojo, fyrrverandi forsætisráðherra Japans og foringi hersins í Kwantung.

Dómurinn yfir mönnunum var kveðinn upp þann 12. nóvember. Auk Tojo voru meðal annars Iwane Matsui, sem skipulagði nauðganir í Nanking, og Heitaro Kimura, sem misþyrmdi stríðsföngum, dæmdir til dauða. Sextán að auki voru dæmdir í lífstíðarfangelsi.

Ólíkt Nürnberg-réttarhöldunum yfir þýsku stríðsglæpamönnunum, þar sem fjórir saksóknarar, frá Bretlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, dæmdu í málinu, var aðeins einn saksóknari við



réttarhöldin í Tókýó. Það var hinn bandaríski Joseph B. Keenan. Hins vegar lögðu aðrar þjóðir, sérstaklega Kínverjar, mikið til málanna.

Fyrir utan aðalréttarhöldin í Tókýó voru um fimm þúsund Japanar dæmdir fyrir stríðsglæpi á þessum tíma. Þar af voru 900 teknir af lífi.

## MERKISATBURÐIR

**1956** Richard Nixon, þáverandi varaforseti Bandaríkjanna, kemur til Íslands.

**1968** Þorláksmessuslagurinn. Til átaka kemur í Reykjavík milli lögreglu og fólks sem mótmælti þátttöku Bandaríkjamanna í Víetnamstríðinu.

**1968** Stjórnvöld Norður-Kóreu sleppa 83 manna áhöfn og skipstjóra bandaríska njósnaskipsins Pueblo úr haldi eftir 11 mánaða fangelsi.

**1972** Mikill jarðskjálfti skekur Managúa, höfuðborg Níkaragúa. Hátt í tíu þúsund manns láta lífið.

**1986** Tilraunaflaugin Voyager lýkur hringferð sinni um hnöttinn.

**1992** Jólaræðu Elísabetar Englandsdrottningar er lekið í blöðin.

## AFMÆLI

**Óli Tynes** fréttamaður er 61 árs.

**Skúli Hansen** matreiðslumeistari er 55 ára.

**Árni Blandon Einarsson**, leikari og kennari, er 55 ára.

**Jónína Bjartmarz** alþingismaður er 53 ára.

**Sigurður Árni Þórðarson** prestur er 52 ára.

**Atli Hilmarsson** handboltaþjálfari er 46 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG

**1537** Jón þriðji, konungur Svía.

**1582** Severo Bonini, ítalskt tónskáld.

**1822** Wilhelm Bauer, þýskur verkfræðingur.

**1933** Akihito, japanskur keisari.

**1944** Wesley Clark, bandarískur hershöfðingi.

**1964** Eddie Vedder, bandarískur tónlistarmaður.



**VALBORG SIGURÐARDÓTTIR** Valborg ásamt manni sínum Ármanni Snævarr, fyrrverandi hæstaréttardómara og rektor Háskóla Íslands.

VALBORG SIGURÐARDÓTTIR: GEFUR ÚT BÓK Á NÍRÆÐISALDRI

# Ekki skrifuð með sverð í hendi

Bókin Íslenska menntakonan verður til, eftir Valborgu Sigurðardóttur, fyrrverandi skólastjóra Fósturskóla Íslands, kemur út fyrir jólin í ár.

Bók Valborgar er merkileg fyrir margar sakir. Valborg, sem verður 84 ára á næsta ári, leitast meðal annars við að svara spurningum um menntun íslenskra kvenna á fyrri hluta 20. aldar og í bókinni er lýst þeirri ógreiðfæru leið sem ungar konur þurftu að feta ef þær vildu sækja sér frekari menntun en þá sem þeim bauðst í barnaskóla. Spurð um tilurð bókarinnar segir Valborg að spurningin „hvernig varð hin íslenska menntakona til?“ hafi blundað í henni alveg frá því að hún lauk stúdentsprófi árið 1941.

Ýmislegt merkilegt kemur fram í bókinni og Valborg er spurð hverjar séu helstu niðurstöður bókarinnar. „Það er ýmislegt sem hægt er að nefna, en ég vil gjarnan að það komi fram að það voru ekkert síður karlmenn sem hrundu af stað baráttunni fyrir auknum námsmöguleikum kvenna. Þetta vannst smám saman með samvinnu karla og kvenna,“ segir hún.

Valborg lenti sjálf í mótlæti þegar hún braust til mennta sem ung stúlka. Valborg var dúx í Menntaskólanum í Reykjavík og vaninn var að veita þeim fjórum nemendum sem voru með hæstu einkunnirnar styrk til áframhaldandi náms erlendis. Valborg fékk hins vegar ekki styrkinn þar sem talið var líklegt að hún myndi giftast og nám hennar ekki nýtast þjóðinni. Valborg segir að líklega hafi það haft áhrif á að hún fékk ekki styrkinn að faðir hennar, Sigurður Þórólfsson skólastjóri á Hvítárbakka í Borgarfirði, átti á þessum tíma í ritdeilu við þáverandi menntamálaráðherra landsins, framsóknarmanninn Jónas frá Hriflu. Árið á undan fengu hins vegar tvær stúlkur, báðar dætur framsóknarmanna, styrkinn.

Valborg fékk svo styrkinn ári síðar og segir hún að álit almennings í landinu hafi líklega spilað inn í að hún fékk hann að lokum. Hún telur jafnvel að almenningur hafi verið kominn lengra í jafnréttishugsuninni en margir stjórnmálamenn á þessum tíma. „Almenningur var hissa á að ég skyldi ekki fá styrkinn og pólitíkusarnir vildu náttúrulega ekki fá fólkið upp á móti sér,“ segir hún.

Valborg fór svo í nám til Bandaríkjanna og útskrifaðist með meistaraprófsgráðu í sálarfræðum og uppeldis- og menntunarfræðum. Þegar hún kom heim var hún fengin til að byggja upp Fósturskóla Íslands, sem þá hét Uppeldisskóli Sumargjafar, og allar götur síðan hefur hún lagt mikið af mörkum til uppeldis- og menntunarmála á Íslandi.

Bók Valborgar kemur út á þeim tíma þegar kvenkyns nemendur eru orðnir fleiri en karlkyns nemendur í framhaldsnámi á Íslandi og umræða um launamismun kynjanna er hávær. Valborg vill þó ekki meina að hún hafi sett sig í bardagastellingar þegar hún hófst handa við skrifin. „Ég skrifaði þessa bók ekki með sverð í hendi í einhverjum baráttuhug, heldur byrjaði ég að kanna stöðu menntakvenna á árum áður mér til gamans og fróðleiksauka og bókin varð til kjölfarið á því.“





*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Hólmfríður Kristín Jónsdóttir**

frá Jarlsstöðum í Aðaldal,

lést í Svíþjóð 18. desember. Bálför hennar hefur farið fram.

**Þórir Arinbjarnarson**
**Edda Þóra og fjölskylda**
**Ágúst Björn og fjölskylda.**



†

*Elskulegur sonur okkar og bróðir,*

**Einar Haraldsson**

Meðalholti 3, Reykjavík,

lést hinn 14. desember. Hann verður jarðsunginn frá Háteigskirkju þriðjudaginn 27. desember kl. 13.

**Haraldur Hansson** **Katrín Jónsdóttir**
**Hans Haraldsson**



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Klemensar Jónssonar**

byggingarmeistara, Ólafsvegi 7, Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnana Reykjavíkur, Akureyrar og Ólafsfjarðar fyrir einstaka umönnun og hlýju.

**Sumarrós Helgadóttir**
**Jón Ævar Klemensson** **Helga Jónsdóttir**
**Arnar Klemensson**
**Guðrún Jónsdóttir** **Árni Jónsson**
**Klemenz Jónsson** **María Magnúsdóttir**
**Rósa Jónsdóttir** **Sigurbjörn Þorgeirsson**
**og langafabörn.**

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

## ANDLÁT

**Davíð Stefánsson**, bóndi á Fossum í Landbroti, andaðist á Landspítalanum Fossvogi þriðjudaginn 20. desember.

**Einar Guðmundsson**, Kirkjulundi 6, Garðabæ, lést á Landspítalanum Landakoti, þriðjudaginn 20. desember.

**Einar Guðnason** viðskiptafræðingur lést á gjörgæsludeild Landspítala - háskólasjúkrahúss þriðjudaginn 20. desember.

**Kristrún Sigfríður Guðfinnsdóttir,** Gerðavöllum 1, Grindavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut, miðvikudaginn 21. desember.

**Magni Viðar Torfason** er látinn. Útför hans hefur farið fram.

**Steingrímur Bernharðsson**, fyrrverandi bankaútibússtjóri, síðast til heimilis að Dalbæ, Dalvík, lést þriðjudaginn 20. desember.

# Mikilvæg hjálpartæki

Sex heyrnardauf börn í Lundaskóla á Akureyri fengu á dögunum farsíma að gjöf frá Og Vodafone. Símunum fylgja inneignir til tals og skeytasendinga.

Kristín Irene Valdemarsdóttir kennari segir farsíma mikilvæga heyrnardaufum en símarnir opna þeim nýjar víddir í tjáskiptum. „Margir heyrnarskertir eða heyrnarlausir reiða sig á SMS-sendingar til að miðla upplýsingum sín á milli og til þeirra sem heyrandi eru,“ segir Kristín.



**MEÐ VODAFONE LIVE FARSÍMA** Skeytasendingar með farsímum hafa opnað heyrnardaufum og heyrnarlausum nýja möguleika til tjáskipta. FRÉTTABLAÐIÐ/KK




Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is




# STUÐ MILLI STRÍÐA Kveikt á kertum

**SIGRÍÐUR B.** TÓMASDÓTTIR ER KOMIN Í JÓLASKAP



Litla fjölskyldan mín sat við eldhúsborðið í fyrrakvöld og borðaði kvöldmat eins og lög gera ráð fyrir. Maðurinn var eitthvað að vesenast og hellti óvart úr kaffivélinni þannig að sullaðist á bak við eldavélina. Sá gjörningur hafði þær afleiðingar að rafmagninu sló út í íbúðinni. Og þarna sátum við í myrkrinu. Sem betur fer voru kerti við höndina og eldspýtur sömuleiðis þannig að fljótlega var íbúðin upplýst með kertaljósum. Og mikið var það notalegt.

Ég var einmitt farin að óttast hvað jólaskapið var seint á ferð í ár. Þrátt fyrir öll jólalögin, jólaskrautið og almennan jólahasar hafði jólaskapið látið sig vanta.

En þarna við kertaljósið í eldhúsinu læddist jólaskapið til mín. Og hið fáránlega stress sem virðist vera fylgifiskur daganna fyrir jól hvarf á braut. Ég ákvað að hætta að spá í tiltekt og hætta að stressa mig yfir því að jólagjafirnar mínar væru ekki nógu fínar og að ég ætti eftir að gera svo mikið áður en jólin ganga í garð.

Stundin án rafmagns var ekkert voðalega löng. Við gerðum það sem gera þarf og ljósin kviknuðu á nýjan leik. En þessi stund við eldhúsborðið minnti mig á að það mikilvægasta á þessum tíma ársins er auðvitað að eiga gæðastundir með fjölskyldunni og þeim sem manni þykir vænt um. Það er svo mikilvægt að rækta góð sambönd við þá nánustu, en stundum hættir manni til þess að gleyma því þegar mikið er að gera.

Ég ætla því einfaldlega að vera slök og róleg á þeim degi sem ég hef oft verið að farast úr stressi, Þorláksmessu, gera það sem ég kemst yfir að gera en aðallega taka því rólega og eiga svo notalegar og góðar stundir með fjölskyldu og vinum yfir hátíðirnar.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Överli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og Pa
Eftir SÖB




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Kirkman/Scott







## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | | 3 | | | | | |
| | | | | 9 | | | | |
| 2 | 8 | | | 4 | | 5 | | 9 |
| | 5 | | | | 1 | | 8 | |
| 7 | | | 8 | 2 | 4 | | | 6 |
| | 4 | | 6 | | | | 3 | |
| 5 | | 6 | | 7 | | | 4 | 2 |
| | | | | 1 | | | | |
| | | | | | 6 | | 9 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 3 | 5 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 8 | 3 |
| 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 2 | 1 | 5 | 6 |
| 8 | 6 | 7 | 5 | 3 | 9 | 4 | 1 | 2 |
| 5 | 1 | 2 | 7 | 8 | 4 | 6 | 3 | 9 |
| 4 | 9 | 3 | 1 | 2 | 6 | 8 | 7 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 1 | 7 | 2 | 9 | 8 |
| 9 | 7 | 8 | 2 | 6 | 3 | 5 | 4 | 1 |
| 2 | 4 | 1 | 9 | 5 | 8 | 3 | 6 | 7 |



SONY

# Harðir jólapakkar



**DCR-PC55**
**Stafræn tökuvél**
· Flott stafræn miniDV myndbandstökuvél.
· Carl Zeiss linsa
· 10x aðdráttur um linsu
· Tengistöð fylgir

**7.895 krónur á mánuði***
**eða 79.950 krónur staðgreitt.**

## Allur pakkinn...
... veglegur aukahlutapakki fylgir í desember.



**DCR-HC22**
**Stafræn tökuvél**
· Flott stafræn miniDV myndbandstökuvél.
· Carl Zeiss linsa
· 20x aðdráttur um linsu
· Tengistöð fylgir

**5.910 krónur á mánuði***
**eða 57.950 krónur staðgreitt.**




**Kaupauki:** Taska, þrífótur, klippihugbúnaður og þrjár miniDV spólur

like.no.other™

**Sony Center Kringlunni**
588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

**Kl. 19.30**
*Tenórarnir þrír, þeir* ***Gunnar Guðbjörnsson, Jóhann Friðgeir Valdimarsson*** *og* ***Þorgeir J. Andrésson****, syngja fyrir vegfarendur á svölum Kaffi Sólons í kvöld.* ***Steinunn Birna Ragnarsdóttir*** *leikur með þeim á píanó. Þau endurtaka síðan leikinn klukkan 21.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Líf og fjör í Jólaþorpi

Vegleg skemmtidagskrá verður í Jólaþorpinu í Hafnarfirði á Þorláksmessu, síðasta opnunardegi þorpsins þetta árið. Skemmtidagskráin hefst klukkan 14, en um kvöldið verður aftur blásið til leiks með hátíðardagskrá.



Skemmtidagskráin hefst á því að kór Öldutúnsskóla syngur nokkur jólalög, síðan mætir Solla stirða úr Latabæk. Jólasveinninn og Grýla verða í stuði og loks kemur skógarálfurinn Trjálfur.

Klukkan 19 í kvöld verður farin jólaganga frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði að jólaþorpinu og að henni lokinni verður jólakertum flett í tjörninni í jólaþorpinu.

Hátíðardagskráin hefst síðan klukkan 20 og hefst á því að karlakórinn Þrestir syngur nokkur lög. Síðan tekur Margrét Eir við, Jónsi og Ómar Guðjónsson flytja tónlist og loks mæta þeir Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvaldsson á svæðið.

Jólaþorpið er á nýuppgerðu Thorsplaninu í hjarta bæjarins. Þar standa tuttugu lítil fagurlega skreytt hús hringinn í kringum fimm metra hátt jólatré. Í húsunum tuttugu er margt að sjá.

### > Ekki missa af …

… **Ingvari E. Sigurðssyni** leikara lesa úr Vetrarborginni, nýjustu glæpasögu **Arnaldar Indriðasonar**, í Þjóðmenningarhúsinu í hádeginu í dag.

… sýningu **Guðrúnar Veru Hjartardóttur**, Velkomin(n) í mannheima, og sýningunni **Aðföng Listasafns Reykjavíkur 2002-2005**, sem báðar eru í Hafnarhúsinu og lýkur um áramótin. Opið er í dag.

… sýningum **Erlings T.V. Klingenbergs** og **Sirru Sigrúnar Sigurðardóttur** í galleri Kling og Bang á Laugavegi 23.

# Makki hnífur stígur á svið

**Jólaleikrit Þjóðleikhússins er Túskildingsópera þeirra Brechts og Weills. Lögin úr verkinu hafa haft mikil áhrif á menn eins og Frank Sinatra, Bob Dylan og Nick Cave. Valur Gunnarsson rekur sögu Makka hnífs.**



**ÓLAFUR EGILL EGILSSON** í hlutverki Makka hnífs

„Hvor er meiri glæpamaður, sá sem rænir banka eða sá sem stofnar hann,“ segir í Túskildingsóperu Bertholts Brecht, sem er frumsýnd í Þjóðleikhúsinu annan í jólum. Í fyrstu hljómar verkið sem heldur ólíklegt jólaleikrit. Hégómagjarni glæpamaðurinn Makki hnífur giftist stúlku að nafni Polly Peachum. Faðir stúlkunnar, sem heldur betlurum Lundúnaborgar í heljargreipum, er óánægður með ráðahaginn og reynir að fá tengdason sinn hengdan af yfirvöldum. Verkið er ein allsherjar ádeila á markaðssamfélagið, enda var Brecht yfirlýstur sósíalisti. En þó að honum hafi oft legið mikið á hjarta gleymdi hann því aldrei að leikhús þarf að vera skemmtilegt. Túskildingsóperan er því einnig gamansöngleikur, þrátt fyrir þungan boðskapinn.

Vinsældir þess létu heldur ekki á sér standa þegar það var fyrst sett á svið árið 1928, og var það sýnt yfir 10.000 sinnum á þýsku og þýtt á 18 önnur tungumál að auki. Lögin, sem voru samin í samvinnu við Kurt Weill, öðluðust síðan sjálfstætt líf, sérstaklega eftir að það var sett upp á Broadway árið 1954 í enskri þýðingu. Sama ár tók Louis Armstrong það upp, og Ella Fitzgerald hlaut seinna Grammy-verðlaun fyrir flutning þess. Það fór í fyrsta sæti í Bandaríkjunum með Bobby Darin árið 1959, en Frank Sinatra, sem einnig flutti lagið, taldi útgáfu Darins þá bestu.

### Miðalda morðballaða

Þessi velgengni á vinsældalistum er merkileg miðað við efniviðinn. Lagið heitir upprunalega Die Moritat von Mackie Messer, en moritat eru morðballöður frá miðöldum. Makki hnífur birtist í hákarlagervi með bros beitt eins og rakvélablað, og sögumaður rifjar upp helstu glæpi hans, svo sem brotthvarf ríka mannsins Schmul Meier og hnífstungumorðið á Jenny Towler. Þýðingin sleppti þó hrottalegustu glæpum Makka, enda ólíklegt að lagið hefði átt jafn greiða leið í útvarpið með þá innanborðs. Verkið var endurþýtt á ensku árið 1976 og rataði þá aftur á Broadway, en í þetta sinn var minna brugðið út af upprunalega textanum. Nú fáum við einnig að heyra um þegar hann brennir inni sjö börn í Soho, og nauðgar barnungri ekkju eins fórnarlamba sinna. Þessi útgáfa af Makka hefur verið tekin upp af Sting, Nick Cave, og Lyle Lovett, en Robbie Williams sneri aftur til ritskoðuðu útgáfunnar á plötunni Swing When You're Winning.

Lagið birtist á íslensku á plötu Bogomils Font, Út og suður, í þýðingu Þorsteins frá Hamri, og önnur útgáfan mun heyrast í Þjóðleikhúsinu þegar Selma Björnsdóttir syngur þýðingu Davíðs Þórs Jónssonar. Verður fróðlegt að sjá hvar þeir munu staðsetja sig á hinu mikla gæðabili sem er á milli útgáfu Nick Cave annars vegar og Robbie Williams hins vegar.

### Byltingaballaða Brechts

Þrátt fyrir hina miklu velgengni Makka er þó annað lag úr verkinu sem hefur líklega haft meiri áhrif á tónlistarsöguna. Í ævisögu sinni segir Bob Dylan frá því þegar hann fluttist til New York og spilaði þjóðlög á kaffihúsum. Enn sem komið var hafði hann engan áhuga á að semja eigin lög. Honum fannst, eins og öllum ungskáldum finnst einhverju tímabili, að þegar væri búið að segja allt sem þyrfti að segja, og enginn gæti gert það betur en fyrirmyndin Woody Guthrie hvort eð er. Þetta viðhorf hans breyttist snarlega þegar hann sá leikhóp flytja lög úr verkum Bertholts Brecht og Kurts Weill. „Hvert lag spratt upp eins og úr einhverri fornri hefð, sum með byssu í buxnavasanum, önnur með kylfu eða múrstein, þau komu að þér á hækjum, spelkum og í hjólastólum.“

Sérstaklega var hann hrifinn af laginu um sjóræningjann Jenný, sem er einmitt úr Túskildingsóperunni. Það fjallar um skúringakonu sem bíður eftir deginum þegar sjóræningjaskipið kemur í land svo hún geti látið taka af lífi alla herramennina sem hún hefur þurft að þjóna. Dylan segir að þegar flutningi lagsins lauk hefðu áhorfendur setið eftir í losti. „Áhorfendur voru „herramennirnir“ í laginu. Það eru þeirra rúm sem hún býr um. Það eru þeirra pósthús sem hún starfar í og það var þeirra skóli sem hún kennir í. Lagið skildi þig eftir liggjandi á bakinu og heimtaði að vera tekið alvarlega. Það yfirgaf þig ekki auðveldlega. Woody hafði aldrei samið lag á borð við þetta. Þetta var ekki baráttusöngur og fjallaði ekki um eitt ákveðið málefni, og það var engin ást á fólki í því.“ Dylan fór heim að sýningu lokinni og reyndi að taka lagið í sundur, að skilja hvernig það virkaði. Að því loknu fór hann að fletta í blöðunum og hóf að semja lög um samtíma sinn.

### Hrói höttur með hníf

Brecht og Weill mynda brú á milli eldri sagnahefða og þeirra yngri. Tónlistarlega eru lög þeirra einhvers staðar á mörkum óperu og djass. Túskildingsóperan er byggð á gamanóperu Johns Gay frá 1728 sem fjallaði um rómantíska útlagann Macheath, nokkurs konar Hróa Hött síns tíma. Gay notaði smáglæpamennina sem staðgengla valdamanna síns tíma og Brecht gerði það sama. En hann færir söguna inn í stórborgina, lætur hana gerast í London 19. aldar, fyrstu iðnaðarstórborg sögunnar. Og Makki með hnífinn er ekki jafn rómantísk hetja og Hrói þegar hann brennir börn inni, en hann varð ein helsta fyrirmynd hinnar síðferðilega vafasömu andhetju, sem enn lifir góðu lífi í dag.

Ádeilan gengur upp sem leikhús að hluta til vegna eftirminnilegra laglína. Þetta skildi Dylan líka, enda hafa lög hans lifað af ótal endurflutninga. En hvort ádeilan skipti í raun einhverju máli er svo önnur saga. John Gay mistókst að útrýma stéttakerfinu og Dylan gat ekki stoppað Víetnamstríðið. Líklega hafa aldrei verið jafn margir satíristar og í Berlín Weimarlýðveldisins. En einn ofstopamaður öskraði hærra en þeir allir. Hitler komst til valda og hrakti Brecht frá Þýskalandi, þaðan sem hann komst á endanum til Bandaríkjanna. Þar var hann ákærður af nefnd McCarthy fyrir að vera kommúnisti. Mack the Knife varð seinna viðurnefni Roberts McNamara varnarmálaráðherra, sem öðrum fremur bar ábyrgð á stríðinu í Víetnam. Og tæpum þremur áratugum eftir dauða Brecht var lagið um Mack notað í MacDonald's auglýsingu.

Ólíklegt er því að rentur bankanna lækki í kjölfarið á sýningu Þjóðleikhússins. En lögin hitta líklega enn í hjartastað.

valurg@frettabladid.is





Tilvalin jólagjöf
fyrir mömmur, ömmur og aðrar drottningar.
Fæst í betri bókabúðum og á www.baekur.is.



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30637 12/2005

Vodafone live!

Hringitónar | Fréttir og Íþróttir | Leikir | Skemmtun



Vodafone live! SÍMI
24.900 kr.
MOTOROLA V3 RAZR

Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.

og vodafone
Heyrumst!


## Býst við miklu af þeim feðgum

Ég var beðinn um að taka upp nýja plötu með Bogomil Font í kjölfar vinsælda plötunnar Ekki þessi leiðindi. Ég ræddi við Bogomil um málið en hann sagðist bara vilja taka upp plötu með Kurt Weill.“

Niðurstaðan úr þessu samtali var svo platan Út og suður. Þar syngur heimsmaðurinn Bogomil lög Weills á íslensku, ensku, frönsku og þýsku. En hvernig hófst þessi áhugi Bogomils á Weill?

„Þegar ég flutti til Bandaríkjanna hafði ég loksins tíma til að hlusta á tónlist aftur. Ég sá þýsku söngkonuna Ute Lemper syngja lög eftir Kurt Weill á sviði í Chicago árið 1994 og sökkti mér ofan í hann í kjölfarið. Tíu árum seinna sá ég hana aftur syngja í Háskólabíói og kynntist Hrólfi Sæmundssyni á þeim tónleikum. Hrólfur sagðist vera að setja á svið Happy End eftir þá Brecht, Weill, og einkaritara þeirra Elisabetu Hauptmann. Ég heimtaði að fá að vera með og bauðst til að leika barþjón eða hvað sem var. Ég var settur í hlutverk Sam Wurlitzer, sem leikur móður í glæpagenginu, svo ég fékk að fara í kjól.“

Á plötunni Út og suður er að finna tvö lög úr Happy End, Bilbao Song og Surabaya Johnny, og tvö úr Túskildingsóperunni, Pirate Jenny og Makka hníf, auk annarra laga eftir Weill.

„Það komu stórkostlegir hlutir út úr samstarfi þeirra Brechts og Weills á millistríðsárunum, en Kurt Weill gerði ekki síðri hluti seinna meir í Bandaríkjunum. Ég var um tíma mikill áhugamaður um mismunandi túlkanir á lögum hans og kom mér upp ágætis safni.“

Og hver er besti túlkandinn? Fyrir utan Bogomil, að sjálfsögðu.

„Ute Lemper er stórskemmtileg en að henni ólastaðri finnst mér eiginkona Weills, Lotte Lenya, vera skemmtilegasti túlkandinn.“ Þess má til gamans geta að Lenya lék sjóræningjann Jennýju fyrst allra á frumsýningunni í Berlín, og fékk Tony-verðlaunin fyrir sama hlutverk rúmum aldarfjórðung seinna á Broadway. Sumir muna þó kannski best eftir henni sem hinni morðóðu hjúkrunarkonu Rósu Klepp (Rosa Klebb) í Bondmyndinni From Russia With Love. Bogomil mun næst birtast með Milljónamæringunum á annan í jólum á hinu árlega Millaballi. En Sigtryggur mun að sjálfsögðu bregða sér í leikhús sem fyrst.

„Ég hlakka til að fara að sjá Makka hníf í Þjóðleikhúsinu og býst við mikluaf þeim feðgum.“






## [ METSÖLULISTAR ]

*EYMUNDSSON*
*MÁL OG MENNING*
*PENNINN*

AÐALLISTINN - ALLAR BÆKUR

1. **VETRARBORGIN** ARNALDUR INDRIÐASON
2. **SÓLSKINSHESTUR** STEINNUNN SIGURÐARDÓTTIR
3. **MEÐ LÍFIÐ AÐ LÁNI** JÓHANN INGI GUNNARSS. & SÆMUNDUR HAFSTEINSS.
4. **THORSARARNIR** GUÐMUNDUR MAGNÚSSON
5. **ÉG ELSKA ÞIG STORMUR** GUÐJÓN FRIÐRIKSSON
6. **ROKLAND** HALLGRÍMUR HELGASON
7. **HUGMYNDIR SEM BREYTTU HEIMINUM** FELIPE FERNÁNDEZ-ARNESTO
8. **FORÐIST OKKUR** HUGLEIKUR DAGSSON
9. **GÆFUSPOR - GILDIN Í LÍFINU** GUNNAR HERSVEINN
10. **TÍMI NORNARINNAR** ÁRNI ÞÓRARINSSON

SKÁLDVERK - INNBUNDNAR BÆKUR

1. **VETRARBORGIN** ARNALDUR INDRIÐASON
2. **SÓLSKINSHESTUR** STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR
3. **ROKLAND** HALLGRÍMUR HELGASON
4. **TÍMI NORNARINNAR** ÁRNI ÞÓRARINSSON
5. **ÞRIÐJA TÁKNIÐ** YRSA SIGURÐARDÓTTIR
6. **ARGÓARFLÍSIN** SJÓN
7. **Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM** STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR
8. **HÆTTIR OG MÖRK - LJÓÐ** ÞÓRARINN ELDJÁRN
9. **VIÐ ENDA HRINGSINS** TOM EGELAND
10. **SKUGGI VINDSINS** CARLOS RUIZ ZAFÓN

SKÁLDVERK - KILJUR

1. **FORÐIST OKKUR** HUGLEIKUR DAGSSON
2. **BJARGIÐ OKKUR** HUGLEIKUR DAGSSON
3. **ENGLAR OG DJÖFLAR** DAN BROWN
4. **ALKEMISTINN** PAULO COELHO
5. **KARÍTAS ÁN TITLS** KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR
6. **KLEIFARVATN** ARNALDUR INDRIÐASON
7. **MÓÐIR Í HJÁVERKUM** ALLISON PEARSON
8. **DA VINCI LYKILLINN** DAN BROWN
9. **SKUGGA BALDUR** SJÓN
10. **SAGAN AF PÍ** YANN MARTEL

BARNABÆKUR

1. **ERAGON** CHRISTOPHER PAOLINI
2. **FÍASÓL Í HOSILÓ** KRISTÍN HELGA GUNNARSDÓTTIR
3. **HARRY POTTER OG BLENDINGS...** J.K. ROWLING
4. **KAFTEINN OFURBRÓK OG LÍFT...** DAV PILKEY
5. **JÓLASVEINASAGA** BERGLJÓT ARNALDS / FRÉDÉRIC BOULLET
6. **SUDOKU- FYRIR KÁTA KRAKKA** TARA FORLAG
7. **TÖFRABRAGÐABÓKIN** JÓN VÍÐIS JAKOBSSON
8. **HERRA JÓLI** ROGER HARGREAVES
9. **EINHYRNINGURINN MINN...** LINDA CHAPMAN
10. **ARTEMIS FOWL - BLEKKINGIN** EOIN COLFER

LISTINN ER GERÐUR ÚT FRÁ SÖLU DAGANA 14.12.05 - 20.12.05 Í BÓKABÚÐ MÁLS OG MENNINGAR, EYMUNDSSON OG PENNANUM

# Óperusöngur á Þorláksmessu

Í miðborginni má búast við iðandi mannlífi í kvöld eins og jafnan á Þorláksmessu. Og þótt einhverjir þreytist á búðarrápinu þá er ýmislegt annað í boði.

Í anddyri Íslensku óperunnar ræður klassísk stemning ríkjum frá klukkan 19 til 23. Afstressandi óperutónlist mun hljóma um salinn og hafa nokkrir þekktir óperusöngvarar boðað komu sína. Davíð Ólafsson bassi stjórnar dagskránni eins og honum einum er lagið.

Þar á staðnum verður einnig hægt að nálgast gjafakort á nokkra hinna glæsilegu viðburða vormisseris í Óperunni, þannig að þeir sem eiga eftir að kaupa síðustu jólagjafirnar eiga enn von. Einnig verða léttar veitingar til sölu og eru allir velkomnir.

Þeir sem ekki hætta sér inn í anddyri Íslensku óperunnar þurfa þó ekki að missa af fögrum söng úr þrautþjálfuðum hálsum óperusöngvara. Á svölum kaffihússins Sólon, sem er í næsta nágrenni Óperunnar, ætla „tenórarnir þrír“ að gefa frá sér himneska tóna sem berast yfir mannþröngina á horni Bankastrætis og Ingólfsstrætis í þann mund sem fólk er að sinna síðustu jólainnkaupunum.

Í ár eru það þeir félagar, Gunnar Guðbjörnsson, Jóhann Friðgeir Valdimarsson og Þorgeir J. Andrésson sem þenja raddir sínar og flytja vel valin jólalög og þekktar aríur af svölunum. Með söng þeirra leikur Steinunn Birna Ragnarsdóttir á píanó.

Tónleikar tenóranna þriggja hefjast klukkan 19.30 og verða endurteknir klukkan 21. ■



**DAVÍÐ ÓLAFSSON SÖNGVARI** Stjórnar eins og honum einum er lagið dagskrá með klassískum söng í anddyri Íslensku óperunnar.


## ÁTTAÐU ÞIG Á AÐ GARMIN ER BESTA JÓLAGJÖFIN



**Garmin GPSmap 60CS**
**Leiðsögutæki fyrir veiði- og útivistarfólk**
**Ótrúlega öflugt staðsetningartæki með áttavita og hæðartölvu. Fjölhæft tæki í bílinn, veiðina eða á fjallið, vinsælasta GPS tækið í dag.**



**Garmin GPSmap 172C**
Frábært tæki fyrir jeppakallinn, með stórum og björtum skjá.



**Garmin GPSmap 276C**
Eitt með öllu! Upplagt í bílinn, mótorhjólið og á sleðann.



**Garmin Forerunner 201**
Æfingatæki hlauparans.



**Garmin foretrex 101**
Einfalt en öruggt og fyrirferðarlítið á hendi.



**Garmin geko 201**
Minnsta tækið á markaðnum.



**Garmin GPSmap 60**
Níðsterkt í veiðina, hagstæður kostur.



**Garmin GPS 60**
Ódýrt en fjölhæft, góð kaup.



**Garmin Forerunner 301**
Æfingatæki hlauparans, með púlsmæli.

01-8359

www.garmin.is GARMIN

Komdu í glæsilega verslun okkar við Fiskislóð 16 úti á Granda og kynntu þér gott úrval GPS staðsetningartækja frá Garmin. Við eigum allar stærðir og gerðir af tækjum, fyrir jólapakkana, sem henta fyrir hvers konar veiði, útivist og jafnvel skokkið, innanbæjar sem utan.

**R.SIGMUNDSSON**

**Umboðsmenn** **Akureyri**: Haftækni · **Blönduós**: Krákur · **Egilsstaðir**: Bílanaust · **Grundarfjörður**: Mareind · **Ísafjörður**: Bensínstöðin **Reyðarfjörður**: Veiðiflugan · **Selfoss**: Hársnyrtistofa Leifs · **Vestmannaeyjar**: Geisli · **Reykjavík**: Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota Aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK
SÍMI 520 0000 | www.rs.is

ELÍSABET ÁSBERG

Elísabet Ásberg opnar vinnustofu að Hverfisgötu 52, 101 Reykjavík.
Lítið við í dag frá kl. 17-22.
Boðið verður upp á léttar veitingar.
Nanna Cortes syngur nokkur lög kl. 20:30.

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR

ÖÐRUVÍSI VÍNARTÓNLEIKAR – Kammersveitin Ísafold og Ágúst Ólafsson baritón flytja Vínartónlist í útsetningum eftir Schönberg og Webern.
Sunnudaginn 8. jan. kl. 20

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola - eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20

GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin kl. 14-18, símasala kl. 10-18. Lokað 24. des.-2. jan. Netsalan alltaf opin.
Íslenska óperan óskar landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári!
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið | Nýja svið/Litla svið

SALKA VALKA
Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20
Su 22/1 kl. 20 Fi 26/1 kl. 20

WOYZECK
Fi 29/12 kl. 21 Fö 30/12 kl. 21
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Lau 21/1 kl. 20 Su 29/1 kl. 20

KALLI Á ÞAKINU
Má 26/12 kl. 14 Su 8/1 kl. 14
Su 15/1 kl. 14 Lau 21/1 kl. 20
Su 22/1 kl. 20

CARMEN
Fi 12/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Fö 13/1 kl. 20 FORS. miðav. 2.000- kr
Lau 14/1 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Fi 19/1 kl. 20 Fö 20/1 kl. 20
Fö 27/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20

MANNTAFL
Mi 28/12 kl. 20 Su 8/1 kl. 20
SÍÐUSTU SÝNINGAR!

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT
Fö 30/12 kl. 20 AUKASÝNING

BELGÍSKA KONGÓ
SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í JANÚAR. MIÐAVERÐ 2.500- KR.
Lau 7/1 kl. 20 Su 15/1 kl. 20
Fö 20/1 kl. 20 Lau 28/1 kl. 20

GJAFAKORT
GEFÐU EFTIRMINNILEGA UPPLIFUN GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ GILDA ENDALAUST
MIÐASALAN ER OPIN: 23.12. 10-20, 24.12. 10-12

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Frumsýning mán. 26/12 uppselt, 2. sýn. þri. 27/12 uppselt, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus, 6. sýn. fim. 5/1 örfá sæti laus, 7. sýn. fös. 6/1 örfá sæti laus, 8. sýn. lau. 7/1 nokkur sæti laus.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 22/1 kl. 14:00.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Frumsýn. fim. 29/12 uppselt, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, lau. 7/1 kl. 17:00, sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Þri. 27/12 kl. 15:00 og 17:00, mið. 28/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 15:00 uppselt og kl. 17:00 uppselt. Síðustu sýningar.

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295.
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLAN ER OPIN Í DAG FRÁ KL. 12-20. LOKAÐ Á MORGUN, AÐFANGADAG
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Meðal róna og dóna í Reykjavík

**[ BÆKUR ]**

**UMFJÖLLUN**

Hreinn Vilhjálmsson fæddist í Reykjavík árið 1946. Hann ólst upp í braggahverfi í Vesturbænum og byrjaði ungur að misnota áfengi og aðra vímugjafa. Hann varð alvöru róni sem eigraði um götur borgarinnar vímaður og vitlaus á löngum og lífshættulegum drykkjutúrum á milli þess sem hann vann fyrir sér með sjómennsku og reyndi að koma undir sig fótunum.

**Brennivín og læknadóp**

Hreinn byggir skáldaða ævisögu sína, Bæjarins verstu, á biturri lífsreynslu sinni og brölti í gegnum neðstu lög samfélagsins. Frásögnin er hispurslaus og laus við alla tilgerð og væmni sem á það til að lita játningarbækur fyllibyttna og dópista sem náð hafa bata.

Bæjarins verstu segir sögu ástandsbarnsins Vilbergs Williams og Lárusar tvíburabróður hans. Drengirnir hitta aldrei föður sinn, sem var bandarískur hermaður, en móðir þeirra elur þá upp í góðri trú og guðsótta á heimili foreldra sinna. Þar er ekki óreglunni fyrir að fara en drengirnir leiðast fljótt út í prakkarastrik og leiðindi. Þeir verða forsprakkar pörupilta í braggahverfinu og fyrr en varir eru þeir komnir á kaf í brennivín. Það tekur á að vera fyllibytta og læknadópið er því ekki langt undan. Örvandi lyf eru nauðsynleg til þess að geta haldið út drykkju dögum saman og þegar niðurtúrinn byrjar er jafn nauðsynlegt að hafa aðgang að róandi og svefntöflum.

Hver dagur hefst því á tilraunum til þess að verða sér úti um brennivín og pillur og í einum skemmtilegasta kafla bókarinnar lýsir Hreinn því þegar allir helstu rónar bæjarins hrúgast inn á biðstofu hjá pennaglöðum lækni til þess að sækja helstu nauðsynjar; dexedrín, prelúdín og mogadon.

**Saga eins fíkils er saga þeirra allra**

Fíklar eiga margt sameiginlegt og því hljóma lýsingar á lifnaðarháttum Villa og félaga kunnuglega. Allir þeir sem hafa glímt við áfengis- og lyfjafíkn munu hitta sjálfa sig fyrir í einhverri mynd í þessari bók. Persónurnar reyna að flýja sjálfar sig út á land, út á sjó, til útlanda og fara í tilgangslausar meðferðir en allt kemur fyrir ekki. Fíknin er öllu yfirsterkari og ræflarnir sækja alltaf í sama farið og sökkva svo dýpra og dýpra þar til ekkert blasir við annað en geðveiki og dauði.

Fíklarnir rústa þó ekki einungis eigið líf þar sem þeir draga óhjákvæmilega þá sem standa þeim næst með sér niður. Villi drekkur sig út úr tveggja barna hjónabandi og kynnist í kjölfarið unglingsstúlku sem hann dregur með sér í sukkið. Hann barnar hana en er svo stungið á Litla-Hraun skömmu síðar og hún endar á Kleppi eftir fæðingu barnsins. Eftir allar þessar hremmingar og enn meiri vandræði, ofbeldisglæpi, manndrápstilraun og tíðar og langar heimsóknir á Litla-Hraun fer það smám saman að renna upp fyrir okkar manni að hegðun hans getur ekki telist eðlileg. En það er engin leið að hætta og hverju góðu fyrirheiti um bót og betrun fylgir harkalegur sukktúr. Raunveruleiki fíkilsins er svo skelfilegur að það er betra að flýja hann en horfast í augu við hann.

*„Raunveruleikinn blasti við mér í allri sinni eymd. Kvíði og örvænting helltust yfir mig og ég hugsaði: Hvar endar þetta helvíti! Aftur fékk ég mér brennivín og vatn í glas, settist niður og sagði: - Skál í botn!“ (75)*

**Skemmtileg og holl lesning**

Viðfangsefni Bæjarins verstu er grafalvarlegt en bókin er engu að síður þrælskemmtileg aflestrar og maður les hana í einum rykk.



**HREINN VILHJÁLMSSON** Höfundur Bæjarins verstu.




**BÆJARINS VERSTU**
HÖF: HREINN VILHJÁLMSSON
ÚTG: MÁL OG MENNING

**Niðurstaða:** Fíklar eiga margt sameiginlegt og því hljóma lýsingar á lifnaðarháttum Villa og félaga kunnuglega. Allir þeir sem hafa glímt við áfengis- og lyfjafíkn munu hitta sjálfa sig fyrir í einhverri mynd í þessari bók.

Hún er miklu skemmtilegri en AA bókin þó hún hjálpi örugglega ekki jafn mörgum. Hún veitir þó mjög skýra innsýn inn í hugarheim fíkilsins sem dæmir sig til dauða gegn betri vitund án þess að fá rönd við reist:

*„-Hugsa þú um þitt líf. Ég hugsa um mitt! Með þetta sem kveðjuorð lagði ég af stað út í frelsið ... frelsið sem ég vissi að var ekkert annað en fangelsi vímugjafa.“(9)*

Svona kveður Villi lögregluna eftir nótt í fangageymslunni við Hverfisgötu. Fer svo skjálfandi í fráhvörfum í Ríkið, kaupir brennivín og hvítvín og heldur áfram að hlaupa vítahring fíkilsins:

*„Ég náði ekki andanum í nokkrar sekúndur. Maginn gerði uppreisn og ég kastaði upp. Ég gerði aðra tilraun og nú hélt ég því niðri. Enn einn dagurinn í lífi mínu, þar sem eini tilgangurinn var að verða fullur, var runninn upp.“ (10)*

Fíkillinn getur ekkert gert nema halda áfram að sukka þangað til hann drepst eða verður fyrir andlegri vakningu og snýr blaðinu við. Þeir sem ná að bjarga sér eru sannkallaðar hetjur og Villi er einn af þeim. Saga hans ætti að vera öðrum víti til varnaðar og Hreinn á heiður skilinn fyrir þessa heiðarlegu bók. Bæjarins verstu ætti að geta ýtt við einhverjum sem eru á refilstigum fíknarinnar en það verður þó að hafa það í huga að allar bækur í heiminum bjarga ekki fíkli fyrr en hann ákveður að gera eitthvað í sínum málum sjálfur.

**Þórarinn Þórarinsson**

Vodafone live!
Hringitónar Fréttir og Íþróttir Leikir Skemmtun
Vodafone live! SÍMI
24.900 kr.
MOTOROLA V3 RAZR
Smelltu þér á www.ogvodafone.is, farðu í næstu verslun Og Vodafone eða hringdu í 1414 fyrir nánari upplýsingar.
og vodafone
Heyrumst!

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
Fim. 29. des. örfá sæti laus
Fös. 20. jan.
Lau. 21. jan.
Gleðileg jól!
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

vísir VEF TV

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

20 21 22 **23** 24 25 26

### Föstudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 17.00 **We Painted the Walls** og **Siggi Ármann** koma fram í Smekkleysu plötubúð í Kjörgarði, Laugavegi 59.

☐ 19.00 **Johnny Sexual** og **Hairdoctor** koma fram í Smekkleysu plötubúð að Laugavegi 59, Kjörgarði.

☐ 19.00 Í anddyri Íslensku óperunnar verður klassísk stemning í kvöld til klukkan 23. Nokkrir þekktir óperusöngvarar taka lagið. **Davíð Ólafsson** bassi stjórnar dagskránni eins og honum einum er lagið. Einnig verða léttar veitingar til sölu.

☐ 19.30 **Tenórarnir þrír** syngja á svölum Kaffi Sólons.

☐ 20.00 Hinir árlegu Þorláksmessutónleikar **Bubba** verða haldnir á Nasa.Tónleikunum verður útvarpað beint á Rás 2. Aukatónleikar verða á annan í jólum.

☐ 21.00 **Tenórarnir þrír** syngja á svölum Kaffi Sólons.

### SAMKOMUR

☐ 14.00 Vegleg skemmtidagsskrá verður í Jólaþorpinu í Hafnarfirði. **Kór Öldutúnsskóla** syngur, **Solla stirða** frá Latabæ mætir og sömuleiðis skógarálfurinn **Trjálfur**. Einnig verða **jólasveininn** og **Grýla** galvösk eins og alltaf.

☐ 18.00 Íslenskir friðarsinnar standa fyrir blysför frá Hlemmi niður Laugaveginn. Söngfólk úr Hamrahlíðarkórnum og Kór Menntaskólans í Hamrahlíð undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur kórstjóra tekur þátt í blysförinni sem endar með stuttum fundi á Ingólfstorgi.

☐ 19.00 **Jólaganga** verður farin frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði að Jólaþorpinu. Að henni lokinni verður jólakertum fleytt í tjörninni í Jólaþorpinu.

☐ 20.00 Áhugafólk um friðvænlegri heim stendur að hinni árlegu **Blysför í þágu friðar** á Þorláksmessu á Akureyri. Gengið verður frá Menntaskólanum á Akureyri niður á Ráðhústorg.

☐ 20.00 Hátíðardagskrá í Jólaþorpinu í Hafnarfirði með söng félaga úr karlakórnum **Þröstum, Margrét Eir** syngur, **Jónsi** og **Ómar Guðjónsson** gítarleikari og **Raggi Bjarna** og **Þorgeir Ástvaldsson** koma og syngja inn jólin.

### BÆKUR

☐ 12.15 **Ingvar E. Sigurðsson** les úr bók **Arnaldar Indriðasonar**, Vetrarborginni, í upplestrarröðinni Jólahrollur í Þjóðmenningarhúsinu. Skata og súpa í boði.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000










> Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Singapore Sling:** Taste the Blood of Singapore Sling, **Íslensk börn af ýmsum uppruna:** Úr vísnabók heimsins, **Kimono:** Artic Death Ship, **L´amour fou:** Íslensku lögin og **Jim Noir:** Tower of Love.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Undir smásjá Hollendinga

Rokkhljómsveitin Douglas Wilson gaf nýverið út sína fyrstu plötu sem ber heitið Stuck in a World.

Platan inniheldur afrakstur fjögurra ára samstarfs og verður honum fylgt eftir á komandi vikum og mánuðum með tónleikahaldi hérlendis. Meðlimir Douglas Wilson eru allir Norðlendingar en ætla að flytja suður á næstunni og mun þá gefast fleiri tækifæri til tónleikahalds á höfuðborgarsvæðinu. „Við höfum aðallega spilað fyrir norðan. Við búum allir utan við Akureyri en höfuðstöðvarnar okkar eru á Akureyri," segir Einar Máni Friðriksson, meðlimur Douglas Wilson.

Douglas Wilson vekur gjarnan mikla athygli fyrir framkomu og um tónlist sína segjast meðlimir sjálfir spila breskt rokk í anda Muse, Placebo og Radiohead þó einnig votti fyrir Guns N' Roses áhrifum á köflum. Eru þeir nú undir smásjánni hjá hollensku útgáfufyrirtæki en gert er ráð fyrir að



**DOUGLAS WILSON** Hljómsveitin Douglas Wilson gaf nýverið út plötuna Stuck in a World.

Stuck in a World verði dreift þar í landi á komandi ári og ef til vill víðar ef samningar nást. Samhliða því er gert ráð fyrir tónleikaferð ytra á vegum umboðsmanna útgáfufyrirtækisins. „Þeir hafa verið að sýna okkur nokkurn áhuga og við erum að vinna í því að taka næsta skref og fá að gefa úti," segir Einar Máni.

### > popptextinn

*„We are the champions – my friends*
*And we´ll keep on fighting – till the end*
*We are the champions, we are the champions*
*No time for losers*
*´cause we are the campions – of the world"*



**FREDDY MERCURY HEFUR ENGAN TÍMA FYRIR AUMINGJA Í HINU ÓDAUÐLEGA WE ARE THE CHAMPIONS.**

### > Plata vikunnar

**MUGISON: LITTLE TRIP**



*„Smekkleg plata sem stendur vel fyrir sínu ein og sér, og líklega besta kvikmyndatónlist Íslendings til þessa."* VG

## Eminem í pyntingar

Lög með Eminem hafa verið notuð til að pynta fanga í fangabúðum sem Bandaríkjamenn hafa starfrækt í Afganistan undanfarin ár.

Að sögn eins fanga frá Eþíópíu var hann í haldi í fangelsinu í kolniðamyrkri og látinn hlusta á lag eftir Eminem og Dr. Dre samfleytt í tuttugu daga. Eftir það var laginu skipt út fyrir hræðilegan draugahlátur og hrekkjavökuhljóð. Fangarnir voru víst hlekkjaðir við veggi, fengu ekkert að sofa og síðan voru græjurnar settar í botn.



**EMINEM** Rapparinn Eminem er notaður sem pyntingartæki í Afganistan.






# We are the Champions valið besta lag allra tíma

**Lagið We are the Champions með bresku hljómsveitinni Queen hefur verið kjörið besta lag allra tíma í fjölþjóðlegri skoðanakönnun sem var gerð í 66 löndum og þýdd yfir á tuttugu mismunandi tungumál.**



**FREDDIE MERCURY** Söngvarinn goðsagnarkenndi samdi We Are the Champions fyrir aðdáendur Queen.

Lagið Toxic með poppprinsessunni Britney Spears lenti í öðru sæti í könnuninni og í því þriðja varð Billie Jean með Michael Jackson. Í fjórða sæti kom síðan slagarinn Hotel California með The Eagles.

We are the Champions er að finna á sjöttu plötu Queen, News of the World, frá árinu 1977 og kemur þar á eftir öðrum slagara, We Will Rock You. Bæði þessi lög voru síðar meir notuð sem lokalögin á tónleikum Queen við frábærar undirtektir.

Allar götur frá útgáfu þess hefur lagið verið notað sem sigurlag þegar titlar eða miklir sigrar hafa unnist á íþróttakappleikum, sérstaklega í fótbolta. Þetta er lag sem allir geta sungið með en eflaust eru einhverjir komnir með ógeð á því enda afar mikið notað í íþróttaheiminum.

„Ég verð að fá fólk yfir á mitt band, annars eru tónleikarnir ekki vel heppnaðir," sagði söngvarinn Freddie Mercury í viðtali árið 1985 um We Are the Champions. „Mitt starf er að skemmta fólki. Það er skylda mín og allt snýst þetta um að hafa stjórn á hlutunum. We are the Champions varð vinsælt á meðal fótboltaáhangenda af því að það er lag um sigurvegara. Ég trúi því samt ekki ennþá að enginn hafi samið nýtt lag í staðinn fyrir þetta," sagði hann.

We Are the Champions var að mestu samið af Mercury. Hann bjó til melódíuna á píanó en síðar meir bættu trommarinn Roger Taylor og bassaleikarinn John Deacon sínum hugmyndum við auk þess sem Brian May bjó til gítarhlutann, sem endaði í gríðarlegu sólói. Söngurinn í laginu er mjög krefjandi og á tónleikum bað Mercury trommuleikarann Taylor oft um að syngja hæstu nóturnar í laginu.

„Ég var að hugsa um fótbolta þegar ég samdi það," sagði Mercury, sem lést úr alnæmi árið 1991, aðeins 45 ára. „Ég vildi lag sem fengi fólk til að taka þátt, eitthvað sem aðdáendurnir gætu sungið. Það var ætlað fjöldanum."

Brian May hafði þetta að segja um lagið í viðtali árið 1991: „Ég get alveg skilið að fólk segi að We Are the Champions sé hrokafullt lag. En það er ekki um að Queen séu meistarar heldur um að við séum það öll. Þegar við tókum lagið á tónleikum var eins og við værum á fótboltaleik en samt voru allir á staðnum í sama liði."

**BESTU LÖG ALLRA TÍMA**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | We Are the Champions | Queen |
| 2. | Toxic | Britney Spears |
| 3. | Billie Jean | Michael Jackson |
| 4. | Hotel California | The Eagles |
| 5. | La Tortura | Shakira |
| 6. | Smells Like Teen Spirit | Nirvana |
| 7. | Yesterday | Bítlarnir |
| 8. | One | U2 |
| 9. | Imagine | John Lennon |
| 10. | Sultans of Swing | Dire Straits |



## Meira gull

Platan Jólin eru að koma með þeim systkinum KK og Ellen hefur selst í yfir 5.000 eintökum og táknar það gullsölu. Af því tilefni komu þau fram í Bókabúð Máls og menningar við Laugaveg og spiluðu nokkur lög ásamt því að veita gullplötunni viðtöku. Jólin eru að koma er fyrsta platan sem þau KK og Ellen gera saman. Þau hafa unnið saman áður að gerð einstakra laga í gegnum árin sem hafa náð almannahylli, eins og When I Think of Angels.

## Gwen Stefani ófrísk

Söngkonan Gwen Stefani úr No Doubt er ófrísk af sínu fyrstu barni. Stefani, sem er tilnefnd til fimm Grammy-verðlauna fyrir plötuna Love.Angel.Music.Baby, er gift Gavin Rossdale, söngvara rokksveitarinnar Bush.

Þau giftu sig fyrir þremur árum en barnið er væntanlegt í heiminn í júní. Rossdale á fyrir sextán ára dóttur frá sambandi sínu með tískuhönnuðinum Pearl Lowe. Hann fékk að vita að hann væri faðir hennar á síðasta ári eftir að hafa tekið DNA-próf því til sönnunar.






Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is



**JÓLAKÖTTURINN** Ef leti ógnaði jólahaldinu varð að grípa til úrræða og komu þá refsivendir eins og jólakötturinn og ættingjar hans oft til sögunnar. TEIKNING/ BRIAN PILKINGTON

# *Jólakötturinn er enn á sveimi*

„Fólk vissi ekki hvaðan hann kom eða hvert hann fór,“ segir í kvæði Jóhannesar úr Kötlum um jólaköttinn. *Hrefna Sigríður Bjartmarsdóttir* þjóðfræðingur fer yfir sögu kisa sem hefur löngum þótt dularfull vera og illskiljanleg.

Allt frá tímum Forn-Egypta þegar byrjað var að temja köttinn sem heimilisdýr hefur hann haft á sér dularfullan blæ í trúarbrögðum og þjóðtrú manna og verið tengdur göldrum og myrkraöflum ýmiskonar. Þessi tengsl kattarins við undirheima og myrkraverk eru eflaust tilkomin vegna náttúrulegs eðlis kattarins sem næturdýrs og meðfæddra hæfileika hans til að bjarga sér í náttmyrkri. Þessi ímynd kattarins í þjóðtrúnni hefur fylgt honum fram á þennan dag og kristin trúarbrögð hafa ekki náð að breyta henni.

**Að fara í jólaköttinn**

Jólakötturinn er í samræmi við þessa ímynd, hann er vera sem fer á kreik í svartasta skammdeginu ár hvert og vekur ugg í brjóstum manna. Elsta heimild um hann er í sendibréfi sem ritað var um miðja 19. öld. Síðan birtist hann fyrst á prenti í þjóðsögum Jóns Árnasonar árið 1862. Elsta heimild sem ég þekki um það að illt hendi þann sem ekki fær ný föt fyrir jól er frá Skotlandi frá því um aldamótin 1500. En hversu gömul hún er þessi þjóðtrú um köttinn í tengslum við undirbúning jóla, er ekki vitað né það hvernig hún varð til.

Köttur þessi gerði víst ýmsar skammir af sér en sagt var að hann æti stundum jólaref fólksins en það er sá matur sem hverjum manni var skammtað til jólanna hér áður. Fleiri siðir tengdust jólakettinum og einn var sá að klára skyldi allt handverk sem byrjað var á fyrir jólin annars varð það jólafeitt. Það þýddi að jólakötturinn tók þá allt feitmeti sem fólki var skammtað á jólum og nuddaði því í óklárað prjónlesið. Af einhverjum ástæðum virðist sem þessi siður hafi einkum þekkst á vestanverðu landinu.

En það sem þekktast er við kött þennan eru þau orðtök sem honum tengjast, en sagt er að sá fari í jólaköttinn sem enga flík fær nýja fyrir jólin, einnig er talað um að sá klæði köttinn/jólaköttinn sem ekki fær nýja flík fyrir jólin. Þetta síðarnefnda orðtak þekkist einkum norðanlands. Einnig þekkist það að sá fari í jólaköttinn sem síðastur fer í sparifötin á aðfangadagskvöld. Þetta orðtak má skilgreina á fleiri en einn veg. Sagt er að jólakötturinn refsi fólki með því að taka það og gera því eitthvert mein, í versta falli að éta það. Út frá þeirri skilgreiningu er hann óvættur og aðeins hættulegur þeim sem ekki fá nýja flík á jólum.

Einnig hafa fræðimenn bent á skilgreininguna að fara í jólaköttinn eða klæða köttinn/jólaköttinn í þeirri merkingu að klæðast gervi kattarins og leiðir það hugann að þeim dýragervum sem þekkst hafa í jólaleikjum og vikivökum hérlendis og erlendis frá fornu fari. Þar þekktist að menn klæddust gervum ýmissa dýra og vætta. Þar sem staða kattarins í þjóðtrúnni er sterk er ekki ólíklegt að þekkst hafi að klæðast gervi kattarins þrátt fyrir að ekki finnast heimildir þar um hér á landi. En ef við gefum okkur að svo hafi verið, er eðlilegt að kötturinn þessi hafi alltaf tengst jólunum því þau eru frá fornu fari árstími vikivaka og gleðiskemmtana.

*Fleiri siðir tengdust jólakettinum og einn var sá að klára skyldi allt handverk sem byrjað var á fyrir jólin annars varð það jólafeitt. Það þýddi að jólakötturinn tók þá allt feitmeti sem fólki var skammtað á jólum og nuddaði því í óklárað prjónlesið.*

**Jólakötturinn í sekknum**

Samskonar vættir og jólakötturinn hérlendis eru Grýla og jólasveinarnir. Hlutverk þeirra hefur einkum falist í því að hafa hemil á óþekkum börnum sem trufla undirbúning foreldra fyrir jólin. Grýla gegnir að sögn enn samviskusamlega þessu hlutverki sínu en eftir að jólasveinarnir okkar kynntust heilögum Nikulási hafa þeir tekið algjörum stakkaskiptum og eru nú þægir sem lömb. Samskonar jólavættir þekkjast víðar í Evrópu og má í því sambandi nefna jólahafra og jólageitur Norðurlanda. Einnig þekkjast þar sambærilegir siðir sem hér hafa verið nefndir í tengslum við jólaköttinn. Það eina sem virðist séríslenskt við þennan jólavætt okkar er það að hann er kattarkyns.

*En þrátt fyrir það að forsendurnar fyrir hlutverki jólakattarins séu brostnar með breyttri samfélagsgerð er hann samt ekki útdauður. Nú í byrjun nýrrar aldar, er kötturinn enn á sveimi því stundum sést vitnað í þennan forna fjanda m.a. í fatauglýsingum fyrir jólin.*

Ljóst er að hlutverk jólakattarins og samskonar jólavætta tengdist vinnusemi fólks í bændasamfélaginu og undirbúningi fyrir jólin. Það gefur auga leið af hverju hræða þurfti fólk og refsa sem ekki fengu ný föt fyrir jólin. Í samfélagi sjálfsþurftarbúskapsins valt á öllu að fólk ynni saman að sameiginlegu markmiði og til þess að njóta jólahátíðarinnar varð að klára öll verk tímanlega, m.a. það að prjóna og vinna fatnað fyrir jólin. Það var hagur húsbændanna og heimilismanna að allur undirbúningur jóla gengi vel fyrir sig og ef einhverjir voru latir og töfðu verkin, varð eðlilega að grípa til einhverra úrræða. Og þar komu ofangreindir refsivendir, þ.e. jólakötturinn og ættingjar hans, til sögunnar.

En þrátt fyrir það að forsendurnar fyrir hlutverki jólakattarins séu brostnar með breyttri samfélagsgerð er hann samt ekki útdauður. Nú í byrjun nýrrar aldar, er kötturinn enn á sveimi því stundum sést vitnað í þennan forna fjanda m.a. í fataauglýsingum fyrir jólin. Það er í samræmi við orð eins heimildamanns þjóðháttadeildar Þjóðminjasafnsins sem telur jólakött nútímans birtast í gervi sölumannsins og tilbúinna þarfa þess verslunaræðis sem nú einkennir jólin og ógnar fjárhagsafkomu fólks. ■


Loðhúfur
ný sending



Verð frá
9.990 kr.

RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19 | Sími 551 1122



Ofurtölvan
+ ofur stafræn tökuvél!!
BT
MEDION V8
8077IS
MEDION V8 X2
• 19" "gamerskjár"
• Intel Pentium4 Dual Core 820 (2.8GHz)
• nVidia GeForce 6600 256MB PCIX
• 1024MB DDR2 (512MB*2) Vinnsluminni
• 300GB, 2MB Cache, S-ATA
• DVD 16x Dual Layer
• DVD 16x
• Medion Media Bay
• Innbyggt 10/100 netkort
• Þráðlaust lyklaborð og geislamús
POWERED BY DDR MEMORY
DVD R/RW
VERÐLAUNATÖLVUR FRÁ ÞÝSKALANDI
6600GT skjákort
300GB harður diskur
1024MB vinnsluminni
NVIDIA GeForce 6600 GT 256MB Skjákort
Eitt allra hraðasta skjákortið í leikina. Öll nýjasta tæknin eins og PCI-Express, Direct X 9.0, Shader Model 3.0, CineFX 3.0 og fleira. Hægt að tengja tvo skjái.
DUAL CORE
Ný bylting í heimilistölvum - Tveir örgjörvar á einum og sama kubbnum. Allt að tvöföld afköst í mörgum forritum. Nú geturðu gert meira á styttri tíma
64 bita örgjörvi
Með nýjustu Intel EM64T tækninni geturðu keyrt 64 bita forrit og leiki framtíðarinnar á mun meiri hraða. Vertu öruggur með tækni framtíðarinnar.
64 BITA
Kaupauki
Stafræn tökuvél
Taktu upp jólin með stafrænu tökuvélinni og klipptu sundur og saman í Medion tröllinu og horfðu á aftur og aftur og aftur og ....
Panasonic
MiniDv videóvél NVGS17B
Gleðileg jól!
19"
8ms Gamer skjár 700:1 í skerpu
Þessi fer létt með jólaleikina
FYLGIR
5.118*
Viltu hafa tvo skjái?
1.999 krónur
aukalega á mánuði fyrir auka skjá!
MEDION
1.999
19"
35.988
FYLGIR
2.999
Þú velur greiðsluform sem hentar þér
5.118* Tölvukaupalán 48 mán.
14.999** Vaxtalaust 12 mán.
179.988 Staðgreitt
Losaðu þig við gamla hlunkinn!
Skilaðu gamla skjánum og fáðu...
19" flatan skjá með 10.000 kr. afslætti
19"
8ms Gamer skjár 700:1 í skerpu
MEDION
• 8ms GAMER skjár
• 700:1 í Skerpu
• DVI og VGA tengi
24.999
34.999
Þýska stálið
42" plasmasjónvarp
Hægt að taka hátalarana af!
Nú er ráð að skipta um tæki!
24.000kr. lækkun
Ódýrast á Íslandi
11.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
143.988
STAÐGREITT
JDV
JDV42 Plasmasjónvarp
• 42" SAMSUNG V4 SKJÁR • BIRTA 1000 CD / M2 • UPPLAUSN 852(H) x 480(V) WXGA • SKERPA 3000 : 1
• LITIR 16.77 MILLJÓN • VIÐBRAGÐSTÍMI 8ms • HLJÓÐ (8W x 8W) RMS • HD TILBÚINN 1080i * 1920
• 160° SJÓNHORN • GRÁTT / SILFUR HÖNNUN • FJARSTÝRING FYLGIR • Hægt að tengja beint við tölvu með DVI tengi
• VEGGFESTINGAR FÁANLEGAR
167.999
Silvía Nótt og 10 DVD myndir fylgja
FYLGIR
Jólagjöf ársins!
GIGA PACK
SONY
FYLGIR
leikur að eigin vali! fylgir
...og allt þetta líka..
12.999
29.999
• Hágæða stereó heyrnatól með stillingu fyrir hljóðstyrk
• Hlífðartaska
• 1 GB minniskort!
• UMD geisladiskur með tónlistar-, kvikmynda- og leikjasýnishornum
• 12 laga inneign á Tonlist.is
12 laga inneign fylgir!
TONLIST.IS
Með PSP getur þú spilað tölvuleiki!
Þú getur horft á kvikmyndir af UMD eða minniskorti!
Með PSP getur þú hlustað á tónlist MP3!
Með PSP getur þú skoðað myndir!
BT
Opið til 23 í kvöld
10-13 á morgun
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

REGATTA GREAT OUTDOORS TM



GLEÐILEG JÓL

Opið á Þorláksmessu 10 – 22
aðfangadag 10 – 12

ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550
Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450
Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322
Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245.
Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400.
Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216

# GERIR ÞÚ GÓÐVERK UM JÓLIN?

**Björgvin Franz Gíslason** leikari: „Við hjónin gefum alltaf til Mæðrastyrksnefndar fyrir jólin. Svo reynir maður að gera sem mest fyrir aðra á þessum árstíma.“





**Kristín Björk Kristjánsdóttir** (kira kira) listamaður: „Það er nú ekkert skipulagt en vonandi verður það bara sjálfkrafa. Vonandi er maður nú manneskja til þess að gera eitthvað fyrir náungann, helst allt árið. Jólin eru auðvitað mikill kærleikstími og ef einhvern tímann er tími til að gefa í varðandi góðmennsku og glaðværð þá er það núna. Kannski var mitt góðverk það að vera hluti af jólaseríu Tilraunaeldhússins og kæta með því landann sem mest.“



**Benni Hemm Hemm** tónlistarmaður: „Ætli maður reyni það ekki. Ég er nú reyndar ekki kominn í jólaskapið ennþá en jólin eru heldur ekki komin. Ég verð bara að segja það að ég er ekki búinn að plana góðverkin fyrir þessi jól. Þau verða þó vafalaust einhver.“



**Gunnar Hansson** leikari: „Ég reyni bara að gleðja fjölskyldu mína og mína nánustu. Reyndar er ég alltaf með eina stúlku í Afríku sem ég styð en það er nú bara svona heilt yfir allt árið, ekkert sérstaklega í kringum jólin.“



**Nanna Kristín Magnúsdóttir** leikkona: „Já en ég vil helst ekki segja frá því svo að viðkomandi komist ekki að því fyrirfram. En auðvitað reyni ég að gera almenn góðverk líka.“



**Auðunn Blöndal** sjónvarpsmaður og sprellari: „Já, ég reyni að gera eins og ég get. Undanfarin ár höfum við sett pakka undir tréð í Kringlunni og það er mitt góðverk á jólunum.“



**Valdís Gunnarsdóttir** útvarpskona: Já, ég geri góðverk fyrir þessi jól. Til dæmis báðum við hlustendur að benda okkur á þrjár fjölskyldur sem eiga um sárt að binda eða eru í neyð fyrir þessi jól. Við fengum síðan til liðs við okkur nokkur fyrirtæki og núna eru 110 manns búnir að senda okkur póst. Ég er því að vona að við getum glatt einhverja fjölskyldu hér í bænum á sunnudaginn. Maður reynir því að gera eins og maður getur fyrir aðra.“



**Hilmar Oddsson** kvikmyndaleikstjóri: „Ég reyni frekar að láta gott af mér leiða en slæmt yfir allt árið en jólin eru auðvitað svolítið viðkvæmari tími en ella fyrir þá sem eiga erfitt. Ég reyni að vera almennilegur við mína nánustu en ég hef hins vegar ekki gefið stórar upphæðir til hjálparstarfs eða hjálpað gamalli konu yfir götu en ég reyni að gefa af mér hlýju á þessum árstíma.“

# Heimamynd

## -Taktu jólamyndirnar tímanlega!

**Ef þú tekur þrjár eða fleiri spólur á Þorláksmessu þarftu ekki að skila þeim fyrr en annan í jólum.**




*Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.*

## Mikið úrval - góð þjónusta!

**Afgreiðslutími Heimamyndar yfir hátíðaranar:**

Aðfangadagur : 10:00 - 16:00
Jóladagur : LOKAÐ
Annar í jólum : 13:00 - 23:30
Gamlársdagur : 10:00 - 16:00
Nýársdagur : 17:00 - 23:30

HEIMAMYND VIDEOLEIGA

**HEIMAMYND LANGHOLTSVEGI 111 568 8880**







**SUGABABES** Mutya, lengst til vinstri, er hætt í Sugababes eftir sjö ára velgengni.

# Mutya hætt í Sugababes

Söngkonan Mutya úr stúlknasveitinni Sugababes hefur sagt skilið við sveitina eftir sjö ára velgengni.

Mutya eignaðist dótturina Tahlia í mars og vill eyða meiri tíma með henni. „Ákvörðun mín er algjörlega af persónulegum toga,“ sagði Mutya, sem er tvítug. „Þetta var mjög erfið ákvörðun og alls ekki tekin í skyndi. Ég hef átt ótrúlegan feril til þessa og er stolt af því sem ég hef áorkað með Sugababes. Ég er mjög ánægð með að nýja stúlkan ætli að koma í minn stað. Hún fær eitt besta starf í heiminum.“

Sugababes hafa þegar fundið arftaka hennar, hina 21 árs Amelle Berrabah sem er ættuð frá Marokkó. „Mig hefur dreymt um að ná frama í tónlistarbransanum í mörg ár en mig dreymdi aldrei um að fá að spreyta mig sem meðlimur Sugababes,“ sagði Berrabah. „Þær eru stærsta stúlknasveit landsins og eina hljómsveitin sem ég hefði verið til í að ganga í. Eins og milljónir annarra stúlkna á mínum aldri hef ég alist upp með Sugababes og verið aðdáandi þeirra í mörg ár. Ég trúi þessu varla ennþá,“ sagði hún.

Hin nýja liðskipan Sugababes mun hita upp fyrir Take That á tónleikaferð sveitarinnar á næsta ári. Næsta smáskífa sveitarinnar, Red Dress, er síðan væntanleg í mars. Skífan er tekin af nýjustu plötu Sugababes, Taller in More Ways, sem hefur selst eins og heitar lummur í Bretlandi.



# Íslenskt klúbbakvöld á Nasa

Klúbbakvöld verður á Nasa á föstudagskvöld þar sem eingöngu íslenskir tónlistarmenn koma fram. Dj Danni mun hefja leik en síðan tekur Funk Harmony Park við af honum. Næst á svið verða Dr Mr & Mr Handsome og þar á eftir mætir Toybox á svæðið. Grétar G endar kvöldið svo með rosalegri klúbbakeyrslu. Miðaverð er 1.000 krónur.

Þetta er þriðja klúbbakvöldið sem þeir Grétar G og Heiðar Hauksson standa fyrir. Hafa þeir áður staðið fyrir komu kappa á borð við King Unique og Nick Warren. Sasha er síðan bókaður hér á landi hinn 12. apríl á næsta ári.



# Emilíana náði platínusölu

Plata Emilíönu Torrini, Fisherman´s Woman, hefur selst í yfir tíu þúsund eintökum og þýðir það jafnframt platínusölu.

Þrjár aðrar plötur á vegum 12 Tóna hafa náð gullsölu fyrir þessi jól; Jólin eru að koma með systkinunum KK og Ellen, After the Rain með Ragnheiði Gröndal og Mugimama is this monkeymusic? sem Mugison sendi frá sér fyrir síðustu jól.

# *Hjálpum þeim í gull*

Platan Hjálpum þeim hefur selst í 10.000. Platan hefur rokið út í verslunum Hagkaups, Topshop og 10-11 síðustu vikuna enda ekki vanþörf á því ástandið í Pakistan fer nú hríðversnandi. Hundruð þúsunda horfast nú í augu við hrikalegar aðstæður á þeim svæðum sem urðu verst úti í jarðskjálftunum í Pakistan.

Platan kostar 1000 krónur og rennur allur söluhagnaður, fyrir utan virðisaukaskatt, óskiptur til söfnunarátaks Hjálparstarfs kirkjunnar vegna hamfaranna í Pakistan og hungursneyðar og annars neyðarástands víða um heim.



**HJÁLPUM ÞEIM** Platan Hjálpum þeim er komin í gullsölu og vel það.






## Björgvin úr leik

Skíðakappinn Björgvin Björgvinsson frá Dalvík náði sér ekki á strik á heimsbikarmóti í Slóveníu gær. Björgvin tók þátt í svigkeppninni en eins og svo oft áður í vetur féll hann í fyrri ferðinni.

# sport

sport@frettabladid.is

FÓTBOLTAMARKVÖRÐURINN ÞÓRA BJÖRG HELGADÓTTIR: ORÐIN TVÖFÖLD LANDSLIÐSKONA

# *Þóra valin í landsliðið í handbolta*

„Það hefur gengið vel en ég get nú ekki sagt að ég hafi átt von á þessu," segir landsliðskonan Þóra Björg Helgadóttir, nú ekki aðeins í fótbolta heldur einnig í handbolta. Þóra er ein tólf stúlkna sem valdar hafa verið fyrir Íslands hönd til að leika gegn úrvalsliði Asturias á Spáni í handbolta. Þóra hefur verið fremsti fótboltamarkvörður landsins til margra ára en í haust reimaði hún á sig handboltaskóna eftir fimm ára útlegð frá íþróttinni, fyrir utan „smá sprikl" eins og hún orðar það.

„Ég hætti í handbolta þegar ég flutti til Bandaríkjana árið 2000 svo að þetta hefur verið löng pása," segir Þóra, sem missti af upphafi handboltatímabilsins í haust en hóf að spila með FH-ingum um leið og síðasta verkefni landsliðsins í fótbolta var á enda í lok september. Á árum áður æfði Þóra handbolta af krafti, lék lengi vel í efstu deild áður en hún hélt utan í nám og á nokkra leiki að baki með U-21 árs landsliðinu.

Þóra segir handbolta og fótbolta vera eins og svart og hvítt. „Þetta er gjörólíkt en handbolti er hrikalega skemmtilegur," segir Þóra og bætir því við að hún geti ekki gert upp á milli íþróttanna. „Það fer eftir því hvaða dagur vikunnar er hvort mér finnst skemmtilegra."



Þátttaka Þóru með FH í handboltanum er í fullu samráði við stjórnendur Breiðabliks í fótboltanum. Hins vegar er ekki komið á hreint hvernig málum verður hagað eftir áramót þegar undirbúningstímabilið fyrir fótboltann nær hámarki og má fastlega gera ráð fyrir því að þjálfarar Breiðabliks munu óska eftir nærveru Þóru í marki liðsins í vorleikjunum. „Það yrði rosalega gaman að ná að sameina báðar íþróttirnar en ég er í krefjandi vinnu sem einnig tekur tíma. En það mál er í vinnslu og verður skoðað betur þegar líður á næsta ár."

### > Átta frá FH og Stjörnunni

Þeir Kristján Halldórsson, þjálfari Stjörnunnar, og Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari FH, voru fengnir til að velja og stjórna kvennalandsliðinu handbolta í kynningarleik gegn úrvalsliði Asturias á milli jóla og nýárs en landsliðsþjálfarinn Stefán Arnarson hafði ekki tök á því að fara í ferðina af persónulegum ástæðum. Athygli vekur að átta af þeim tólf stúlkum sem valdar voru í hópinn koma einmitt úr herbúðum FH og Stjörnunnar og ber ekki á öðru en að þeir Kristján og Aðalsteinn treysti sínum eigin leikmönnum best fyrir verkefninu...





**SAMUEL ETO´O** Gæti hunsað landslið Kamerún á Afríkumótinu FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Samuel Eto´o:

## Óákveðinn með afríkumótið

**FÓTBOLTI** Hinn frábæri framherji Barcelona, Kamerúninn Samuel Eto'o, hefur ekki enn ákveðið hvort hann muni taka þátt í afríkumóti landsliða í janúar næstkomandi. Eto'o, sem nýverið varð þriðji í kjörinu um besta leikmann heims, er á báðum áttum hvort að hann eigi að segja skilið við félaga sína Í Barcelona og spila fyrir þjóð sína á mótinu.

„Ég hef enn tíma til þess að taka ákvörðun í þessu máli og þegar ég tek hana verður hún viðunandi fyrir alla, bæði klúbbinn og landsliðið." Eto'o hefur tvisvar sinnum verið kjörinn besti leikmaður álfunnar og er hann tilnefndur til verðlaunanna í þriðja sinn. ■

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

20 21 22 **23** 24 25 26

**Föstudagur**

■ ■ SJÓNVARP

- ☐ 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- ☐ 18.12 **Sportið** á Sýn.
- ☐ 18.30 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- ☐ 19.00 **Gilette-sportpakkinn** á Sýn.
- ☐ 19.30 **US PGA Monthly** á Sýn
- ☐ 20.30 **Motorworld** á Sýn

# Hætti ekki að vera Þróttari

**Páll Einarsson er genginn í raðir Fylkis frá Þrótti. Páll segir spennandi tíma framundan hjá Fylki. Hann ætlar að mæta á leiki hjá Þrótti næsta sumar.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnukappinn Páll Einarsson hefur íhugað það síðustu vikur hvort hann ætti að halda áfram í fótbolta eða hreinlega að hætta í kjölfar þess að hann varð að yfirgefa herbúðir uppeldisfélags síns, Þróttar, vegna deilna við þjálfara liðsins, Atla Eðvaldssonar. Eftir langa yfirlegu ákvað hann að halda áfram enda aðeins 33 ára gamall.

„Það var ekki erfið ákvörðun að ganga til liðs við Fylki enda spennandi félag. Vissulega íhugað ég það alvarlega að hætta. Ég skoðaði málið frá öllum hliðum og niðurstaðan var að halda áfram. Ég á góða konu og hún stóð með mér. Maður tekur ekki þátt í boltanum nema fjölskyldan standi með manni," sagði Páll, sem er búinn að ganga frá starfslokasamningi við Þrótt og er því ekki lengur skráður Þróttari. „Það er sérstök tilfinning að vera hættur í Þrótti enda þekki ég ekki annað en að vera í Þrótti."

Páll neitar því ekki að hann hefði gjarna kosið að yfirgefa Þrótt á annan hátt en raunin varð. „Svona þróuðust hlutirnir og maður verður að lifa með því," sagði Páll en þó hann sé ekki sáttur við ákveðna einstaklinga í Þrótti er hann ekki búinn að snúa baki við félaginu.



**LENTUR Í LAUTINNI** Páll Einarsson sést hér ásamt þjálfurum Fylkis, þeim Leifi Garðarssyni og Jóni Sveinssyni, eftir undirskriftina í fyrradag. MYND/FYLKIR

„Ég mun mæta á leiki hjá Þrótti svo framarlega sem leikirnir skarast ekki á við Fylkisleikina. Ég mun hvetja mína menn," sagði Páll en mun hann hvetja Atla Eðvaldsson, þjálfara Þróttar? „Ég mun nú ekki hvetja hann neitt sérstaklega en ég hvet strákana í liðinu áfram. Ég hætti ekkert að vera Þróttari."

**henry@frettabladid.is**

Inter setti met í ítölsku knattspyrnunni:

## Sex Argentínumenn í liðinu

**FÓTBOLTI** Það var áhugavert að sjá liðsuppstillingu ítalska félagsins Inter gegn Empoli síðastliðinn miðvikudag. Hvorki fleiri né færri en sex Argentínumenn voru í byrjunarliði félagsins í leiknum en aðeins einn Ítaliu.

Þetta er aðeins í annað sinn sem ítalskt félag teflir fram sex mönnum frá sama landi utan Ítalíu en Roma stillti upp sex Brasilíumönnum í byrjunarliði sínu gegn Venezia 7. apríl árið 2002.

**Byrjunarlið Inter í leiknum**

| NAFN | LAND |
|---|---|
| **NICOLAS BURDISSO** | **ARGENTÍNA** |
| ESTEBAN CAMBIASSO | ARGENTÍNA |
| **WALTER SAMUEL** | **ARGENTÍNA** |
| SANTIAGO SOLARI | ARGENTÍNA |
| **JUAN VERON** | **ARGENTÍNA** |
| JAVIER ZANETTI | ARGENTÍNA |
| **ADRIANO** | **BRASILÍA** |
| JULIO CESAR | BRASILÍA |
| **GUISEPPE FAVALLI** | **ÍTALÍA** |
| OBAFEMI MARTINS | NÍGERÍA |
| **LUIS FIGO** | **PORTÚGAL** |



**JUAN SEBASTIAN VERON** Einn sex Argentínumanna sem voru í byrjunarliði Inter gegn Empoli. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**HARRY KEWELL** Er ekki að taka gagnrýni vel þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Harry Kewell hjá Liverpool:

## Ekki sáttur við viðbrögð fólks

**FÓTBOLTI** Harry Kewell, leikmaður Liverpool, hefur ekki enn jafnað sig á gagnrýninni sem hann fékk eftir úrslitaleikinn í Meistaradeildinni en margir töldu að hann hefði gert sér upp meiðsli í leiknum og farið af velli. Kewell var þá mjög óvænt í byrjunarliði Liverpool en hann hafði á þeim tíma verið frá síðustu vikur vikur vegna meiðsla.

„Allir héldu að ég hefði gefist upp. Ég trúði ekki viðbrögðunum frá öllu þessu fólki og hafði ekki hugmynd um að það væru til svona margir sjálfskipaðir læknar," sagði Kewell hundfúll en hann lék ekki aftur fyrr en í lok september og virðist enn ekki vera orðinn 100% heill.

„Veit fólk af því að ég var vítaskytta liðsins í leiknum? Hvers vegna ætti ég að vilja fara af velli þegar ég gat komist á blað í leiknum?," sagði Kewell. ■






# MEISTARINN

**Hver slær alla út fyrir**

**5 milljónir?**

**Hefst annan í jólum kl. 20:15**

Logi Bergmann fer á kostum í leitinni að Meistaranum. Þetta er bráðskemmtilegur spurningaþáttur með útsláttarfyrirkomulagi fyrir alla fjölskylduna þar sem Meistarinn sem slær alla út og fær 5 milljónir króna að launum í beinhörðum peningum.

Meistarinn verður á dagskrá á fimmtudagskvöldum kl. 20:30

ÍSLANDSBANKI

GOTT FÓLK McCANN



**MORGAN PRESSEL** Ein efnilegasta golfkona heims. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Morgan Pressel:

## Komin á mótaröðina

**GOLF** Samtök atvinnugolfkvenna hafa ákveðið að veita hinni stórefnilegu Morgan Pressel undanþágu og hún fær því að taka þátt í LPGA-mótaröðinni áður en hún verður 18 ára en reglur mótaraðarinnar kveða á um að þáttakendur verði að hafa náð 18 ára aldri.

Pressel er 17 ára og meistari áhugamanna. Hún tók þátt í sjö mótum á mótaröðinni síðast og komst í gegnum niðurskurðinn á þeim öllum og lét verulega að sér kveða. Hún er önnur stúlkan sem fær undaþágu frá reglum mótaraðarinnar en hin var tælenska stúlkan Aree Song.

Hin 16 ára Michelle Wie ætlar ekki að sækja um aðgang að mótaröðinni fyrr en hún verður 18 ára.

# Hver fær sextánda sætið í EM-hópi Viggós?

**Það er ljóst hvaða leikmenn berjast um sextánda sætið í landsliðshópnum fyrir EM í Sviss en HSÍ hefur skilað inn leikmannalista með 24 leikmönnum.**

**HANDBOLTI** HSÍ hefur skilað inn leikmannalista með 24 leikmönnum fyrir EM í Sviss. Hópurinn var birtur á heimasíðu mótsins í gær en ástæðan fyrir því að lið senda inn lista með 24 mönnum er sú að hægt er að skipta út tveim mönnum eftir riðlakeppnina en einum eftir milliriðlana. Þeir sem koma til greina eru á þessum 24 manna lista og því er ljóst hvaða leikmenn eiga möguleika á síðasta farmiðanum til Sviss en Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari ætlar að tilkynna um valið á sextánda manninum á milli jóla og nýárs.

Athyglisvert er að sjá að fimmtán af sextán fyrstu nöfnunum á listanum eru í landsliðshópnum en Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfari valdi aðeins fimmtán menn og hélt einu sæti opnu. Baldvin Þorsteinsson er óstaðfesti leikmaðurinn sem er talinn upp á meðal sextán fyrstu en hann er talinn líklegur til að hreppa síðasta sætið. Ef mið er tekið af þessari upprööun er ljóst að Baldvin stendur vel.

Önnur nöfn á listanum eru Ásgeir Örn Hallgrímsson, Heimir Örn Árnason, Vilhjálmur Halldórsson, Jónatan Magnússon, Björgvin Páll Gústavsson, Einar Örn Jónsson, Logi Geirsson og Ingimundur Ingimundarson. Logi og Ingimundur eru meiddir og koma því ekki til greina frekar en Björgvin Páll Gústavsson enda valdi Viggó þrjá markverði.

Vilhjálmur á síðan ekki möguleika samkvæmt yfirlýsingum Viggós um daginn og Einar Örn á litla möguleika þar sem margir örvhentir eru komnir í hópinn.

Valið stendur því klárlega á milli Baldvins, Ásgeirs Arnar og Jónatans. - hbg



**BALDVIN ÞORSTEINSSON** Kemur sterklega til greina sem sextándi maðurinn á EM í Sviss.



**GILBERTO SILVA** Sá til þess að Arsenal komst áfram í keppninni með dramatísku marki í framlengingu gegn Doncaster. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Enski deildabikarinn:

## Arsenal og Man. Utd. í úrslitum?

**FÓTBOLTI** Knattspyrnuunnendur glöddust mjög þegar dregið var í undanúrslitum enska deildabikarsins enda voru Arsenal og Manchester United ekki dregin gegn hvort öðru og því möguleiki á draumaúrslitaleik.

Arsenal mætir Wigan en Man. Utd. tekur á móti Blackburn. Leikirnir fara fram 9. og 23. janúar næstkomandi.

Dietmar Hamann:

## Ætlar að framlengja

**FÓTBOLTI** Þýski miðjumaðurinn Dietmar Hamann mun að öllum líkindum framlengja samning sinn við Liverpool til eins árs. Hamann gerði nýjan samning síðasta sumar sem í var klausa um að framlengja núna ef vel gengi. Sú klausa verður nýtt, að því er fram kemur í breskum fjölmiðlum í gær.

Hamann, sem er 32 ára, er búinn að vera í herbúðum Liverpool síðan 1999 er félagið keypti hann frá Newcastle. Hann hefur leikið 166 leiki fyrir Liverpool og skorað í þeim átta mörk.



Frank Lampard varar við of miklu öryggi:

# Baráttunni ekki lokið

**FÓTBOLTI** Aðdáendur Chelsea eru vafalaust orðnir nokkuð öruggir um að velgengni Chelsea haldi áfram nú um jólin og eftir áramót. Frank Lampard hefur hins vegar varað við of mikilli bjartsýni þar sem jólavertíð knattspyrnumanna hefur löngum verið erfið og varhugaverð fyrir toppliðin.

Sigur Chelsea á Arsenal um seinustu helgi viðhélt forskoti Mourinho og félaga á hin liðin og fór endalega með titilvonir Arsenal fyrir þetta árið. Þetta forskot gæti hins vegar verið fljótt að fara ef Chelsea misstígur sig um jól og áramót. Frank Lampard heldur því fram að enginn hjá klúbbnum hafi efni á því að slaka á næstu vikur.

„Titilbaráttunni er ekki lokið og það skilja allir hér hjá Chelsea að þessu er hvergi nærri lokið. Bilið á milli okkar og næsta liðs er níu stig og við erum fullir sjálfstrausts um að við góða gengi okkar haldi áfram. Það getur samt allt gerst og ef við töpum einum til tveimur leikjum yfir jólin og Mancester United vinnur þá er allt galopið í baráttunni um titilinn. Tími jólanna er því mikilvægasti tími ársins fyrir okkur.“

Næsti leikur Chelsea er gegn Fulham á annan í jólum en þrjár umferðir fram á fimm dögum á Englendi um jólin. ■



**FRANK LAMPARD** Biður félaga sína um að halda sig á jörðinni.



**ARSENE WENGER** Ekki sáttur með forsvarsmenn Barcelona.

Arsene Wenger:

# Brjálaður út í Joan Laporta

**FÓTBOLTI** Arsene Wenger hefur látið hafa eftir sér að Joan Laporta, forseti Barcelona, beri enga virðingu fyrir reglum og hefur hótað því að kæra hann fyrir að reyna að nálgast framherjann Thierry Henry án leyfis.

„Ef þeir vilja kaupa hann verða þeir að hringja í okkur og láta okkur vita þar sem hann á 18 mánuði eftir af samningi sínum við okkur. Ég neyðist til þess að bregðast við svona dónaskap þar sem þetta setur alla úr jafnvægi, jafnt leikmenn og þjálfara sem og stuðningsmenn. Þetta sýnir bara að þessi maður ber enga virðingu fyrir okkur eða þeim reglum sem eru í gildi í knattspyrnunni í dag. Það á ekki að skipta máli hvort þú heitir Doncaster eða Barcelona, það eiga allir að fara eftir settum reglum.“ ■



**ALAN CURBISHLEY** Ekki ánægður með niðurröðun leikja um jólin.

Ósáttur við fjölda leikja:

# Útileikirnir eru út í hött

**FÓTBOLTI** Að mati Alans Curbishley, þjálfara Charlton Athletic, eru uppraðanir leikja í kringum jól og áramót fáránleg. Charlton þarf að spila tvo útileiki, gegn Newcastle og Everton, um jólin og segir Curbishley að það sé allt of löng ferðalög með of stuttu millibili fyrir stuðningsmenn liðsins.

„Við höfum verið frekar heppnir með uppraðanir heimaleikja okkar en útileikirnir eru alveg út í hött. Þetta er klárlega eitthvað sem knattspyrnusambandið þarf að athuga og það fljótt,“ segir öskureiður Alan Curbishley. ■












PAOLO DI CANIO Er að verða umdeildasti knattspyrnumaður Evrópu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Shaka Hislop ekki sáttur við félaga sinn Di Canio:

# Ég leit á Di Canio sem vin minn og félaga

**FÓTBOLTI** Hinn þeldökki markvörður Shaka Hislop er búinn að slíta vinskapi sínum við Ítalann Paolo Di Canio eftir að Ítalinn tók upp á því að heilsa að hætti fasista og þar með ganga í lið með mönnum sem hafa áhuga á flestu öðru en að lifa í sátt og samlyndi með öðrum kynþáttum.

„Paolo gaf sig aldrei út fyrir að vera slíkur róttæklingur þegar við vorum saman hjá West Ham. Ég er mjög svekktur yfir því hvernig hann hagar sér enda taldi ég okkur vera vini,“ sagði Hislop. „Hann náði vel saman með konunni minni og börnum og ég trúi varla að hann sé að haga sér svona því hann er að senda út slæm skilaboð sem hafa víðtæk áhrif.“

Di Canio hefur neitað að láta af athæfinu og sjálfur Silvio Berlusconi, eigandi AC Milan og forsætisráðherra Ítalíu, styður fast við bakið á honum.

„Di Canio er skemmtikraftur. Þessar handahreyfingar hafa enga merkingu enda er hann góður strákur,“ sagði Berlusconi. - hbg

# Kynþokkafulli körfuboltamaðurinn vill meira

**Franski leikstjórnandinn Tony Parker hefur unnið tvo NBA-titla, var á topp 50 yfir kynþokkafyllstu karlmenn heims og kynbomban Eva Longoria er kærastan hans. Hann er samt ekki saddur og vill meira,**

**KÖRFUBOLTI** Þeir eru fjölmargir karlmennirnir í heiminum sem horfa öfundaraugum til Frakkans Tony Parker. Hann er fjallmyndarlegur, farsæll íþróttamaður og sefur við hlið einni fegurstu konu heims, Evu Longoria. Mikið vill meira segir einhvers staðar og það á svo sannarlega við í tilviki Parkers enda vill hann miklu meira.

Hann er ekki sáttur við það að vera þriðja hjólið við hlið Tims Duncan og Manu Ginobili. Hann vill vera þekktur sem aðalstjarnan í liðinu rétt eins og bakverðirnir Jason Kidd, Steve Nash og Allen Iverson eru hjá sínum liðum.

„Ég á mér stóra drauma og vil vera í sömu stöðu og þeir,“ sagði Parker, sem er á sínu fimmta tímabili í NBA-deildinni og hefur aldrei leikið betur. Hann er með rúm 20 stig að meðaltali í leik, gefur 6,3 stoðsendingar og er að stela rúmlega fjórum boltum í leik. Hann er þar að auki með tæplega 54% skotnýtingu utan af velli, sem er með því betra í deildinni.

Frammistaða Parkers í vetur er ein aðalástæðan fyrir því að San Antonio Spurs hefur hangið í Detroit Pistons enda hafa aðrir lykilmenn í liðinu verið mikið meiddir. Gregg Popovich, þjálfari Spurs, segir að Parker sé stöðugasti leikmaður deildarinnar.

„Mér finnst Tony vera leikmaður sem hefur eitthvað að sanna. Hann hefur verið óður í allan vetur og ég hef aldrei séð hann eins einbeittan fyrir tímabilið og í sumar,“ sagði Popovich en Parker hefur mikið verið að vinna í stökkskotinu sínu, sem hefur ekki verið að skila miklu síðustu ár.



**FARSÆLL FRAKKI** Parker sést hér með NBA-bikarinn í annarri og unnustuna Longoriu í hinni. Hann lifir draumalífi margra karlmanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Ég er að læra að halda rétt á boltanum og annað álíka. Ég hafði verið að skjóta eins í fjögur ár með döprum árangri þannig að það var kominn tími á að reyna eitthvað nýtt,“ sagði Parker en sérfræðingar segja að þegar skotið hans verður komið í lag verði hann óstöðvandi og klárlega einn af bestu mönnum deildarinnar. henry@frettabladid.is

Sir Alex Ferguson tjáir sig um stuðningsmenn Man. Utd.:

# Sættir sig við gagnrýnina

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, skilur vel reiði stuðningsmanna félagsins í sinn garð og leikmannanna og þeir mega gagnrýna á vellinum eins og þeir vilja að mati Fergusons. Hann biður stuðningsmennina samt um að sitja á sér þar til leikirnir eru búnir áður en þeir byrja að baula ef þeir telja ástæðu til.

„Nokkrir áhorfendur munu alltaf segja sína skoðun umbúðalaust. Ég get vel sætt mig við það. Fólk verður vonsvikið þegar árangurinn lætur á sér standa og það á við áhorfendur sem og leikmenn,“ sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd.



**SIR ALEX FERGUSON** Segist skilja raunir stuðningsmanna Man. Utd.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Van Persie meiddur:

# Slæmt högg á hné

**FÓTBOLTI** Framherji Arsenal, Robin van Persie, er meiddur og getur lítið sem ekkert spilað yfir hina miklu jólavertíð sem fram undan er hjá ensku liðunum. Hinn 22 ára Hollendingur fór út af í fyrri hálfleik í leik Arsenal og Doncaster á miðvikudagskvöldið. Arsene Wenger, þjálfari Arsenal, segir að van Persie sé tæpur fyrir næstu leiki. „Hann fékk slæmt högg á hné. Það er stökkbólgið þannig að við gerum okkur ekki alveg grein fyrir því hve langan tíma þessi meiðsli taka. Hann verður alla vega ekki með á mánudaginn.“ Arsenal fer á The Valley og mætir grönnum sínum í Charlton Athletic á annan dag jóla.



**ROBIN VAN PERSIE**

OG 58 ERLENDAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR




## NÝR MYNDLYKILL SEM GEYMIR DAGSKRÁNA FYRIR ÞIG - STAFRÆNT

MEÐ NÝJUM STAFRÆNUM UPPTÖKULYKLI FRÁ DIGITAL ÍSLANDI GETUR ÞÚ…

- HORFT Á EINA SJÓNVARPSSTÖÐ OG TEKIÐ UPP AÐRA SAMTÍMIS
- ÝTT Á „PÁSU“ ÞEGAR ÞÉR HENTAR
- SPÓLAÐ TIL BAKA EF ÞÚ HEFUR MISST AF EINHVERJU
- NÝTT ÞÉR EINFALT UPPTÖKUVIÐMÓT TENGT DAGSKRÁRVÍSI
- HORFT Á UPPTÖKU FRÁ BYRJUN ÞÓ HÚN SÉ ENN Í GANGI
- VISTAÐ UPPTÖKU INN Á HARÐAN DISK

NJÓTTU ÞESS AÐ HORFA Á DAGSKRÁNA OKKAR – HVENÆR SEM ÞÉR HENTAR. ÞÚ FÆRÐ NÝJA STAFRÆNA UPPTÖKULYKILINN HJÁ VERSLUNUM OG VODAFONE OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚUM Á ÚTSENDINGASVÆÐI DIGITAL ÍSLANDS. VERÐ 7.990 KR. OG MÁNAÐARGJALD 790 KR.



digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„What a splendid idea! This „Christmas“ sounds fun. I fully endorse it – let's try it at once!“**

**Svar:**
Borgarstjórinn úr kvikmyndinni The Nightmare Before Christmas frá árinu 1993.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Brynhildur Björnsdóttir rifjar upp aðfangadag í sjónvarpinu

# Ég man þau jólin...



Þegar ég var lítil var sjónvarpið það sem mestu máli skipti fyrir klukkan sex á aðfangadag. Jólatréð mátti bíða óskreytt mín vegna, jólasveinaferðir voru farnar án mín í fjölda ára og ég sleppti öllum nettum lokayfirferðum um húsið, hvað þá herbergið mitt. Því í sjónvarpinu voru teiknimyndir og það var eiginlega ekki hægt að sleppa þessu fágæta tækifæri til að horfa á þær. Ég reyndar skil það ekki núna af hverju þessar sjaldgæfu teiknimyndir þurftu endilega að vera á aðfangadag. Þá var nefnilega margt annað skemmtilegt í boði eins og fyrrnefndar jólatrésskreytingar eða jólasveinaferðir með pabba. Venjulegir laugardagar áttu til að vera mun leiðinlegri og lengur að líða en aðfangadagur. Ég man reyndar ekki eftir einni einustu teiknimynd. Sjálfsagt hafa þær verið um villta jólasveina sem rötuðu ekki með pakkana, ljósfælna snjókarla og hin og þessi kraftaverk sem beint eða óbeint tengdust jólaguðspjallinu. Svo fannst mér reyndar líka afar gaman að horfa á fréttirnar sem yfirleitt voru klukkan eitt í stað átta á þessum hátíðisdögum. Fréttaþulirnir voru kankvísari en venjulega, að minnsta kosti undir lok fréttatímans, veðurfræðingurinn skar úr um hvernig jólin yrðu á litinn og svo var óskað gleðilegra jóla. Það má vel vera að þetta sé svona ennþá, ég hef ekki horft á sjónvarpið á aðfangadag í næstum tuttugu ár. Það er samt notalegt að vita af því að nú geta börnin valið um að minnsta kosti þrennslags mismunandi barnaefni á aðfangadag. Kannski vilja sum þeirra hins vegar miklu frekar skreyta jólatréð eða fara í jólapakkaleiðangur. Það er nefnilega barnaefni í sjónvarpinu á hverjum degi en aðfangadagur er bara einu sinni á ári.



▶ 18.50 *Börn*

JÓLADAGATAL SJÓNVARPSINS – TÖFRAKÚLAN



▶ 20.10 *Gaman*

ARRESTED DEVELOPMENT



▶ 22.05 *Spenna*

SMALLVILLE



▶ 23.15 *Raunveruleiki*

BRÚÐKAUP ROB & AMBER



▶ 21.00 *Póker*

WORLD POKER TOUR 2

### SJÓNVARPIÐ

**17.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (22:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **17.55** Tobbi tvisvar (17:26) **18.20** Fjársjóðsleitin (5:6)

▶ **18.50 Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (23:24)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.30 Veður (5:7)**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Úr dagbók slökkviliðsins** Mynd í léttum dúr um brunavarnir heimilanna.
**20.30 Á jólanótt** ('Twas the Night) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2001 um 14 ára prakkara og frænda hans sem eyðileggja næstum jólin þegar þeir fara í skemmtiferð á nýja sleða jólasveinsins.
**22.00 Hið illa undir sólinni** (Evil Under The Sun) Bresk bíómynd frá 1982 byggð á sögu eftir Agöthu Christie. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**23.55** Robbie Williams á tónleikum **0.55** Kastljós **1.45** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** Missing **11.00** Það var lagið **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Joey **13.35** George Lopez **14.00** Night Court **14.25** Fresh Prince of Bel Air **14.50** The Apprentice **15.35** Entourage **16.00** Shin Chan **16.20** Beyblade **16.40** Froskafjör **16.50** Simpsons **17.15** Jesús og Jósefína **17.40** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**
**20.00 Galdrabókin (23:24)** Nýtt íslenskt jóladagatal.
▶ **20.10 Arrested Development (20:22)** (Tómir asnar) Einn umtalaðasti og frumlegasti gamanþáttur síðari ára sem hefur verið líkt við Simpsons, Seinfeld og The Office. Hvað er til bragðs að taka þegar maður er sá eini sem er með réttu ráði í fjölskyldunni?
**20.40 Listen Up (10:22)** (Takið eftir) Nýir gamanþættir.
**21.05 Blue Collar TV (18:32)** (Grínsmiðjan) Bráðskemmtilegir grínþættir.
**21.30 Uncle Buck** (Buck frændi) Stórskemmtileg gamanmynd sem stendur alltaf fyrir sínu.

**23.10** Nell **1.00** Reversal of Fortune **2.50** Deliver Us from Eva **4.35** Fréttir og Ísland í dag **6.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Laguna Beach (1:17)** Önnur þáttaröðin um krakkana á Laguna Beach.
**19.30 Idol extra 2005/2006**
**20.00 Sirkus RVK (8:30)**
**20.30 Coffee and Cigarettes** Samansafn af bráðfyndnum sjálfstæðum senum, hálfgerðum stuttmyndum.
▶ **22.05 Smallville (2:22)** (Gone) Fjórða þáttaröðin um Ofurmennið í Smallville. Í Smallville býr unglingurinn Clark Kent. Hann er prúðmenni og er fús til að rétta öðrum hjálparhönd. Frábærir þættir um Ofurmennið á yngri árum.
**22.50 HEX (12:19)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í breskum skóla.

**23.35** The Newlyweds (15:30) **0.00** Tru Calling (15:20)

### SKJÁREINN

**16.30** Cheers – 9. þáttaröð **17.00** Upphitun **17.30** Brúðkaup Rob & Amber (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 The King of Queens (e)**
**20.00 Charmed**
**20.45 Stargate SG-1**
**21.30 Complete Savages**
**22.00 The Grubbs** Faðirinn Mike mjólkar örorkubætur út á gömul bakmeiðsli og nýtur aðstoðar eiginkonunnar Rosie, sem óttast ekkert meira en breytingar. Jimmy, eldri sonurinn, nýtur þess í botn að sprengja allt mögulegt í tætlur og Mitch, sem er 13 ára, virðist vera á sömu leið – þar til fallegi enskukennarinn hans, frk. Krenetsky, hvetur hann til þess að setja markið hærra, og veldur fjölskyldunni miklu hugarangri með því.
**22.30 Ripley's Believe it or not!**

▶ **23.15** Brúðkaup Rob & Amber (e) **1.00** Hearts of Gold (e) **1.50** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.20** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06) Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
**19.00 Gillette-sportpakkinn** Íþróttir í lofti, láði og legi.
**19.30 US PGA 2005 – Monthly**
**20.30 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
▶ **21.00 World Poker Tour 2** (HM í póker) (World Poker Tour 2 – Hollywood Home Game 3) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn.
**22.30 NBA TV Daily 2005/2006** (Detroit – Sacramento) frá 14.desember sl.

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Baywatch: Hawaiian Wedding **8.00** What a Girl Wants **10.00** Butch Cassidy and the Sundance Kid **12.00** Hair **14.05** Baywatch: Hawaiian Wedding **16.00** What a Girl Wants **18.00** Butch Cassidy and the Sundance Kid (e) **20.00 Ocean's Eleven** (Gengi Oceans) Danny Ocean er nýsloppinn úr fangelsi. B. börnum. **22.00 In the Shadows** (Skuggi) Str. b. börnum. **0.00** Die Another Day (B. börnum) **2.10** The Four Feathers (Str. b. börnum) **4.20** In the Shadows (Str. b. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** The Soup UK **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Even Bigger Celebrity Oops! **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Celebrity Friends Gone Bad **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** The Soup UK **1.00** Girls of the Playboy Mansion **1.30** Celebrity Friends Gone Bad **2.00** The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**14.00** Everton – Bolton frá 17.12 **16.00** Aston Villa – Man. Utd. frá 17.12 **18.00** Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)

**19.00 Upphitun**
**19.30 Að leikslokum (e)**
**20.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**
**21.30 Upphitun (e)**
**22.00 Arsenal – Chelsea frá 18.12** Leikur sem fór fram síðastliðinn sunnudag.
**0.00** Dagskrárlok




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Coffee and Cigarettes Sirkus **kl. 20.30**

*Líkkistunaglarnir*

### *Stjörnufans fer á kostum*



Samansafn af bráðfyndnum sjálfstæðum senum, hálfgerðum stuttmyndum, þar sem ótrúlegur stjörnufans þekktra leikara og tónlistarmanna leikur ýkta útgáfu af sjálfum sér og fer á kostum. Persónurnar tala saman um ótrúlegustu hluti allt frá París á þriðja áratugnum til notkunar nikotíns sem skordýraeitur meðan þau sötra kaffi og reykja sígarettur. Leikari myndarinnar, Jim Jarmusch, sýnir hversdagslegan stað úr okkar lífi út frá óvenjulegu sjónarhorni. Hann sýnir hvernig fólk drekkur í sig þessi vanabindandi efni og hefur gaman af þessari fíkn sinni allt sitt líf.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**20.00** Allt og sumt e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Jólakveðjur **18.00** Fréttir

**18.34** Jólakveðjur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Jólakveðjur

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt

**22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**13.00**
*Íþróttir*

ÍÞRÓTTAÞÁTTUR

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Fréttayfirlit/Ítarlegar veðurfréttir/Íþróttafréttir/Kvöldfréttir NFS/Ísland í dag/Yfirlit frétta og veðurs

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Sögur af fólki – með Helgu Völu**
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir) (Secrets And Lies Of Grapevine Lake) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir**
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþr **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.30** Football: UEFA Champions League Classics **13.30** Trial: World Indoor Championships Trial Des Nations **14.30** Football: Foot World Cup Season **16.00** All sports: WATTS **16.30** Football: UEFA Champions League Classics **17.30** Football: UEFA Champions League Classics **18.30** Football: Top 24 Clubs **19.00** Strongest Man: Grand Prix Lithuania **20.00** TNA Wrestling: USA **20.30** TNA Wrestling: USA **21.00** Poker: European Tour Monte Carlo Monaco **22.00** Football: Top 24 Clubs **22.30** Adventure: Escape **23.00** Xtreme Sports: LG Action Sports **0.00** Xtreme Sports: Yoz Mag

**BBC PRIME**

**12.00** To the Manor Born **12.30** Dad's Army **13.00** Popcorn **14.00** Balamory **14.20** Binka **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** The Really Wild Show **16.00** Home From Home **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** Life on Air **20.00** The Office **20.30** The Office **21.00** 3 Non-Blondes **21.30** Byron **22.45** Black Cab **22.55** Black Cab **23.05** Cutting It **0.00** Battlefield Britain **1.00** Journey of Life **2.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Polar Bear Alcatraz **14.00** Seconds From Disaster **15.00** DNA Mysteries **16.00** In The Womb **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Explorations **18.30** Storm Stories **19.00** Polar Bear Alcatraz **20.00** Amazing Moments **21.00** Air Crash Investigation **22.00** Air Crash Investigation **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Air Crash Investigation **1.00** Explorations **1.30** Storm Stories

ANIMAL PLANET

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Killer Ants **15.00** Animal Precinct **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Ultimate Killers **19.30** Big Cat Diary **20.00** Britain's Worst Pet **20.30** Animal Planet at the Movies **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Ultimate Killers **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Britain's Worst Pet **1.30** Animal Planet at the Movies **2.00** The Snake Buster

**TCM**

**20.00** How the West Was Won **22.30** Code Name: Emerald **0.05** Something of Value **1.55** Rogue Cop






## HRÓSIÐ

*...fá meðlimir ungliðahreyfingar Samtakanna ’78 sem færðu biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni, jólapakka sem innihélt regnbogatrefil og heimildarmynd sem fjallar um þá erfiðleika sem fylgja því þegar ungt fólk kemur út úr skápnum.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR VILL AÐ VIÐ BREYTUM SÖGUNNI

# *Typpakeppnin*

Það er alltaf sama sagan. Ég spyr mig aftur og aftur, af hverju erum við stöðugt í typpakeppni, störukeppni og endalausri samkeppni?

Það er alveg sama hvað maður upplifir. Í hvert skipti sem ég kynnist nýjum manni upplifi ég það að annaðhvort okkar er „on top“ eða hinum æðri eins og við segjum upp á góðri íslensku. Það er alveg merkilegt hvað maður er endalaust að reyna að vera meiri töffari en hinn og gerir allt til þess eins að ná því fram sem maður er að sækjast eftir. Innst inni hefur takmarkið aldrei verið að vinna þann sem ég hef verið að deita í töffarakeppninni en ég skal alveg viðurkenna það að til að byrja með hef ég alltaf verið mjög kappsöm í þessari annars mjög asnalegu keppni. Mér er mest í mun að virðast hafa meira að gera, eiga fleiri vini og vera meira ómissandi en sá sem ég er að hitta.

Eins og ég hef líka oft sagt áður er þetta málefni sem fæstir vilja viðurkenna. En þegar maður pælir í því held ég að ég hafi sjaldan hlustað á vin eða vinkonu sækja sér ráðleggingar öðruvísi en til þess að virka meiri töffari en hinn. Sem dæmi hef ég heyrt og sjálf sagt þessar setningar: Heldur hann að ég hafi ekkert betra að gera ef ég vil svona oft vera með honum, finnst henni ég vera hrikalega „desperat“ ef ég hringi aftur án þess að hún hafi hringt í millitíðinni“ og „heldur hann að ég sé hrikalega einmana ef ég býð honum út að borða“? Hvað er þetta annað en typpakeppni?

Fólk hefur tekið þessa keppni í hæstu hæðir til að ná takmarkinu og endað svo sem taparar. Er ekki meira kúl að sýna það sem manni virkilega finnst og enda svo sem sigurvegari?

Ég held að það væri miklu vænlegra að venja okkur af þessum ósið og láta í ljós hvernig okkur líður. Frasar eins og: „Vá hvað mig langar að vera með þér í kvöld“ og „Hrikalega vildi ég að þú værir hjá mér“ láta öllum líða vel. Ég held að við getum verið sammála að okkur langar öllum að líða vel.

Það sorglega við þetta er að þegar einhver sýnir þessa hegðun finnst okkur við hafa yfirhöndina og við hættum að vilja það sem við vorum upprunalega að sækjast eftir. Ég vil meina að þetta sé eitthvað sem við getum vanið okkur af. Er einhver ósammála ég bara spyr?

Ég ætla því að koma með þá tillögu að við ölum þetta upp í börnunum okkar, breytum sögunni og tryggjum að þeim líði vel þegar þau vaxa úr grasi sjálf. Gangi ykkur vel!





LÁRÉTT
**2** vörumerki **6** sláturfélag **8** mas **9** pota **11** í röð **12** fold **14** óróleg **16** tveir eins **17** efni **18** drulla **20** í röð **21** skjótur.

LÓÐRÉTT
**1** innsog **3** hljóm **4** töfrar **5** æst **7** súla **10** umfram **13** gagn **15** drasl **16** kóf **19** slá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** lögð, **6** ss, **8** mal, **9** ota, **11** lm, **12** grund, **14** ókyrr, **16** kk, **17** tau, **18** aur, **20** rs, **21** frár. **LÓÐRÉTT: 1** ísog, **3** óm, **4** galdrar, **5** ólm, **7** strókur, **10** auk, **13** nýt, **15** rusl, **16** kaf, **19** rá.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

1. Endurfæðingu sólar á vetrarsólstöðum.
2. 1.626.722 krónur.
3. Landsnet.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

## ÁSLAUG DRÖFN SIGURÐARDÓTTIR: ÚR HÁRGREIÐSLU Í FÖRÐUN

# Setti skít og skrámur á hermenn Eastwoods

„Ég hef ekki efni á að kaupa Hollywood-hjólhýsavagn, og þess vegna keyri ég um á Toyta Corolla með þrjá kassa aftur í. Einn þeirra er fullur af hárkollum, einn af tískudóti og sá þriðji er fullur af gerviblóði og latexi,“ segir Áslaug Dröfn Sigurðardóttir, sem er ein af fáum Íslendingum sem lært hafa kvikmyndaförðun. Hún útskrifaðist nýlega úr James Watt College í Edinborg, og hennar fyrsta verkefni eftir að hún kom heim var að starfa við mynd Clints Eastwood, Flags of Our Fathers. „Ég sótti bara um. Það var mikið af leikurum í myndinni og því vantaði marga. Það voru sex Íslendingar fengnir til að farða og við skiptum með okkur vöktum, þrjú og þrjú í einu. En eftir því sem hermennirnir í myndinni voru drepnir varð minna fyrir okkur að gera. Við vorum mest í því að skíta út strákana og gera smá skrámur á þá. Hollywood-stjörnurnar komu hins vegar með eigið förðunarfólk með sér.“

Það hefur verið góð byrjun á ferlinum að vinna fyrir Clint Eastwood. „Við grínuðumst með það að maður hittir fleira heimsfrægt fólk á fjórum mánuðum hér heima en á tveimur mánuðum úti. Þó rekur systir mín bar í Edinborg sem er við hliðina á uppáhaldsveitingastað Seans Connery, og maður sá hann því nokkrum sinnum.“

En hvað kom til að hún lagði fyrir sig kvikmyndaförðun?“

„Ég lærði hárgreiðslu hér heima en langaði til að gera eitthvað annað en bara klippa fólk. Ég fór út í framhaldsnám í förðun, sem var fyrst og fremst verklegt, og þar var boðið upp á alls konar námsskeið. Mér fannst skemmtilegast að læra að gera blóð og limlestingar. Ég vann líka við að gera stuttmyndir í Skotlandi og þar var mikill „splatter“, ég var mikið að leika mér með pulsukjöt og svona. Ég þurfti eitt sinn að skella pulsukjöti framan í leikara, og svo kom í ljós að var grænmetisæta.“

Áslaug vinnur sjálfstætt og er til í slaginn á Toyotunni. „Ég er eiginlega með allt sem til þarf í bílnum og get því tekið að mér hvað sem er. Svo er þetta líka eins og stór snyrtitaska ef maður fer óvænt á djammið.“

Það geta þó hættur fylgt því að vera að keyra um með leikmuni í bílnum.

„Einn kennarinn minn í Skotlandi stoppaði á rauðu ljósi og maður á næsta bíl leit inn um gluggan. Þegar hann sá limlest lík í baksætinu hringdi hann í lögguna. Kennarinn brýndi það því fyrir okkur að vera ekki að keyra um með sjáanlega líkamsparta.“

Áslaug hefur hlotið alþjóðlegt uppeldi, því átta mánaða gömul flutti hún til Mombasa í Kenía, og var þar í fjögur og hálft ár meðan faðir hennar vann við þróunarstarf. Þaðan fluttu þau til Dorset í Bretlandi. Áslaug hefur síðan verið duglega að ferðast. Hún flutti til Danmerkur ein síns liðs aðeins 16 ára gömul og hefur síðan búið á Ítalíu jafnt sem Skotlandi.

En hvað hefur hún verið að gera í kjölfarið á Eastwood?

„Ég hef unnið við förðun í auglýsingum hjá Pegasus og Saga film, og ég tók þátt í æfingu hjá flugbjörgunarsveitinni við að búa til gervisár þar sem flugbjörgunarmenn þurfa að venjast ýmsu. Svo vann ég við forvarnarauglýsingu varðandi flugelda, þar sem ég þurfti að láta líta út fyrir að strákur hafi fengið flugelda í andlitið. Það er ekki mikil „splatter“-menning hér heima, en kannski breytist það eftir að Eli Roth kom hingað með Hostel. Vonandi verður þá meira að farða í íslenskum bíómyndum en bara glóðuraugu.“

valurg@frettabladid.is



ÁSLAUG DRÖFN SIGURÐARDÓTTIR Lærði hárgreiðslu en langaði að gera eitthvað annað og sneri sér að kvikmyndaförðun.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Jóhannes Jónsson** í Bónus hlaut á dögunum verðlaun ísfirskrar alþýðu fyrstur manna en til verðlaunanna var stofnað í haust á ársafmæli Heimastjórnarhátíðar alþýðunnar á Ísafirði. Á fréttavefnum bb.is segir að við stofnun verðlaunanna hafi verið ákveðið að veita þau fyrirtækjum, einstaklingum eða stofnunum sem hafa lagt mikið af mörkum til stuðnings mannlífs og byggðar á Ísafirði. Það vekur athygli að Jóhannes er Reykvíkingur í húð og hár og býr á Akureyri en það breytir því ekki að Ísfirðingar hugsa hlýtt til hans þar sem matvöruverð í bænum snarlækkaði eftir að Bónus opnaði þar verslun. Jóhannes hefur ekki komist vestur til þess að taka á móti verðlaununum, meðal annars vegna þess að flug hefur fallið niður, en hans bíður málverk eftir Reyni Torfason, bæjarlistamann Ísafjarðar.



Það er heilmikið líf í fangelsinu á Litla-Hrauni í kringum jólin. Í dag heimsækja félagar í skákfélaginu Hróknum fangana heim og slegið verður upp skákmóti á vegum Hróksins og Frelsingjans, sem er skákfélag fanga á Hrauninu. **Hinrik Danielsen**, nýjasti íslenski stórmeistarinn og skólastjóri Hróksins, og **Hrafn Jökulsson**, fráfarandi forseti Hróksins, fara fyrir gestaliðinu og munu án efa þurfa að taka á honum stóra sínum vegna þess að á Litla-Hrauni leynast firnasterkir skákmenn. **Árni Höskuldsson** gullsmiður leggur til verðlaunagripi en þar fyrir utan koma Hróksmenn klyfjaðir jólagjöfum til fanganna sem fá bókagjafir frá Eddu útgáfu og Sölku, geisladiska frá Skífunni og Penninn sendir föngunum skáktölvur. Þá fá allir blóm frá Blómaverkstæði Binna. Skákmótið hefst klukkan eitt og hefur **Valtý Sigurðssyni** fangelsismálastjóra verið boðið að keppa á mótinu og hann stefnir að því að mæta. Komi hins vegar jólaannnir í veg fyrir það biður hann fyrir bestu kveðjur til þeirra sem dvelja á Hrauninu. Svo mætir **Bubbi Morthens** að sjálfsögðu á Litla-Hraun á aðfangadag og heldur sína árlegu jólatónleika þannig að það verður lítið um dauðar stundir í fangelsinu fyrir jól. Þess má svo geta að á jóladag sýnir fréttastöðin NFS sérstakan þátt um lífið í fangelsinu á aðventunni. **ÞÞ**



STÓR HUMAR
HÖRPUSKEL
RISARÆKJUR
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

# Friðargangan hreinsar hugann

Í kvöld verður hin árlega friðarganga gengin frá þremur stöðum á landinu. Á Ísafirði verður hist rétt fyrir klukkan sex hjá Ísafjarðarkirkju og gengið niður á Silfurtorg. Á Akureyri er mæting hjá MA klukkan átta.

Í Reykjavík hefst gangan klukkan sex og verður gengið frá Hlemmi niður á Ingólfstorg þar sem haldinn verður smá fundur. Þar mun sr. Bjarni Karlsson flytja ávarp en fundarstjóri verður Birgitta Jónsdóttir. Að venju eru það kór Menntaskólans við Hamrahlíð og Hamrahlíðarkórinn sem leiða gönguna undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur.

26 ár eru liðin síðan friðargangan var fyrst haldin og fer hópurinn sem tekur þátt sífellt stækkandi þó að auðvitað fari þátttakan mikið eftir veðri. Hjónakornin Steinunn Þóra Árnadóttir og Stefán Pálsson hafa verið drjúg í skipulagningu göngunnar í ár og segir Steinunn að hún hitti yfirleitt mikið af fólki sem fari alltaf í gönguna. „Það segir að jólin séu ekkert komin fyrr en friðargöngunni sé lokið,“ segir Steinunn en hún hvetur fólk til að mæta tímanlega og mæta hlýlega klætt. „Ekki samt koma í fínustu fötunum,“ bætir hún við en kertasala hefst klukkan korter yfir fimm við Hlemm.

Steinunni finnst friðargangan vera bráðnauðsynleg því hún sýni samborgurum og ekki síst stjórnvöldum hug þátttakenda gagnvart stríði. „Þessi ganga á að sýna að við erum ekki sátt við stríð og ekki síst að við viljum ekki vera þátttakendur í stríði,“ útskýrir hún og bætir jafnframt við að gangan sé enn fremur kærkomin hvíld frá jólastressinu og gefi fólki tækifæri til að íhuga stöðu heimsmála. **- fgg**



STEINUNN ÞÓRA ÁRNADÓTTIR Er í skipulagsnefndinni fyrir friðargönguna í ár en þetta er í 26. skiptið sem hún er haldin í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ / E.ÓL

www.icelandexpress.is/gjafabref

GJAFABRÉF
ICELAND EXPRESS
19.900 kr.



# GJÖF FYRIR ÞÁ SEM ELSKA AÐ FERÐAST

Hættu að hafa áhyggjur! Þú leysir jólagjafavandann best með því að gefa gjafabréf frá Iceland Express. Bréfið kostar aðeins 19.900 krónur og innifaldar eru flugferðir báðar leiðir með sköttum til hvaða áfangastaðar sem Iceland Express flýgur til. Gefðu elskunni þinni, foreldrum, krökkunum eða starfsfólkinu draumaferðina um jólin og þú getur verið viss um að gjöfin hittir í mark.

Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 1. febrúar 2006 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 1. júlí 2006.* Í boði eru spennandi flugferðir til Kaupmannahafnar, London, Friedrichshafen, Frankfurt Hahn, Gautaborgar, Stokkhólms, Berlínar og Alicante.

*Takmarkað sætaframboð

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

Fiton/SÍA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**




Jólagjöfin í ár!
LEIKIR - TÓNLIST - KVIKMYNDIR - NETIÐ




## BAKÞANKAR


SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR


## *Jólagjafir*

Í Ameríku má ekki lengur segja Gleðileg jól. Það á að segja Gleðilega hátíð. Þeir sem eru annað en kristnir særast holundarsári þegar þeir heyra gleðilegujólasetninguna. Það er pólitísk kórvilla að láta svo mannfjandsamlega árnaðarósk út úr sér. Í Ameríku er kristlaust fólk viðkvæmt og vill ekki láta misbjóða sér. Þetta er alveg í takt við það að ekki má lengur segja að fólk sé Negrar, Indíánar og Kínverjar. Nú er það Afríku-Ameríkanar, Frumbyggja-Ameríkanar og Asískir-Ameríkanar.

**SVO** er fróðlegt að vita hverjar helstu jólagjafirnar eru hjá þjóð sem er svo ofstækislega meðvituð. Hjá okkur eru það flatskjáir og tölvur. Ef þú gefur barninu þínu jólagjöf sem kostar undir sextíu þúsund krónum, ertu að segja því að þú elskir það ekki. Auglýsendur hafa komið þeim skilaboðum rækilega til krakkanna. Töff lökk.

**EN** það er alltaf ljós í myrkrinu og við svo blessunarlega aftarlega á merinni hvað strauma og stefnur í jólagjöfum varðar. Í Ameríku eru fegrunaraðgerðir jólagjöfin í ár. Stelpur fá komplexa áður en þær fá túttur og því er um að gera að drífa þær í brjóstastækkun áður en þær þurfa að þola þá sálarkröm sem fylgir flatbringu – sem þó væri í stíl við nýja flatskjáinn á heimilinu. Eins konar heildarhönnun á heimili og heimilisfólki. Virkilegur stíll yfir þessu öllu.

**SATT** best að segja skil ég ekki hvers vegna við leggjum jólin ekki af. Friðar- og fagnaðarboðskapur þeirra er löngu týndur undir aurskriðu gerviþarfa og komplexa, hátíðarboðskapurinn bara orðin tóm. Það er eðlilegt að fólk haldi jól af trúarlegum ástæðum, en grunur leikur á um að slíku fólki fari fækkandi. Ykkar einlæg er svo löngu búin að fá nóg af þessu öllu að hún er hætt að taka þátt. Á aðfangadagskvöld ætlar hún í bíó (á Narníu) með mömmu sinni (ný hefð í fjölskyldunni), koma heim og fá sér létt salat vegna þess að það er óhollt að borða mikið fyrir svefninn, og skríða svo upp í rúm með góðan krimma, vakna um hádegi á jóladag og fara í sólbað. Fullkomin jól eru sem sagt bíó, bók og hófleg neysla til munns og maga.

**GLEÐILEGA** hátíð.


Einföldustu gjafirnar eru alltaf bestar



Jæja. Það er komin Þorláksmessa og þú hefur engan tíma til að flækja hlutina. Við erum með mjög einfalda lausn á þessari gjöf sem þú átt ennþá eftir að kaupa: Vodafone Simply, einfaldasta farsíma allra tíma. Við erum meira að segja búin að pakka honum inn fyrir þig. Nú er bara að drífa sig af stað. Svona! Enginn tími til að lesa blöðin!

Vodafone Simply
Hafðu það einfalt um jólin

14 daga skilaréttur.
Skilaðu símanum ef þú skilur hann ekki!

Vodafone Simply er eingöngu hægt að nota með simkorti frá Og Vodafone.
Komdu í næstu **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** og fáðu nánari upplýsingar.

og vodafone
Heyrumst!

Fíton/SÍA


HELKAMA
Vinskápur C165W
Tekur 36 flöskur
Hitastig frá 5°C til 17°C
H: 90,5 x B: 55 x D: 60,2 cm
*Kr. 59.900*


Solis of Switzerland
SOLIS Expresso-kaffivél
Verðlaunakaffivél
*Kr. 54.900*


EISA BEST PRODUCT 2005-2006
SAMSUNG LE40M61BX
40" LCD Háskerpusjónvarp (HDTV)
Valið besta LCD sjónvarpið 2005–2006
*Kr. 369.990*
SAMSUNG

ORMSSON
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
Heimilistæki, raftæki ofl.
SMÁRALIND
SÍMI 530 2900
Allt vöruúrvalið
SÍÐUMÚLA 9
SÍMI 530 2800
Hljómtæki, sjónvörp ofl.
RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.